ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON FRÉTTASTJÓRI

Uppáhaldsorðið er skúbb

24

ÞÆR BESTU MÆTAST

Valur og KR mætast í úrslitaleik bikarkeppni kvenna í dag

38

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. september 2008 — 256. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

SKRIÐJÖKLAR SNÚA AFTUR

Hljómsveitin Skriðjöklar snýr aftur á KA-balli á Akureyri.

FÓLK 42

Bregðast við hættu af árásum skortsala

Bresk og bandarísk stjórnvöld hafa bannað skortsölu með hlutabréf í tilteknum fjármálafyrirtækjum. Unnið um helgina að slíkum breytingum hér á landi.

VIÐSKIPTI Íslensk stjórnvöld hafa nú til skoðunar að fylgja dæmi yfirvalda í Bandaríkjunum og Bretlandi og banna, í það minnsta tímabundið, skortsölu á hlutabréfum í fjármálafyrirtækjum. Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að fundað hafi verið í vinnuhópi Fjármálaeftirlitsins, Samtaka fjármálafyrirtækja, Kauphallar Íslands og lífeyrissjóðanna og er jafnvel búist við að tilkynnt verði fyrir opnun markaða á mánudag um breytingar á reglugerð.

Heimsmarkaðir tóku talsvert við sér í gær í kjölfar þess að ráðist var til atlögu gegn skortsölum, en Bush Bandaríkjaforseti sagði þá beinlínis hafa það að markmiði að hagnast á því að koma fyrirtækjum á kné. Á vegum Fjármálaeftirlitsins hefur að undanförnu verið unnið að breytingum á reglum um skortsölu í verðbréfaviðskiptum, en innan ríkisstjórnarinnar og á fjármálamarkaði er vilji til þess að flýta breytingum. Er það af ótta við að þeir skortsalar, sem nú hafa verið útilokaðir frá viðskiptum beggja vegna Atlantshafsins, leiti annað með viðskipti sín og þá geti íslensk fjármálafyrirtæki orðið fyrir barðinu á þeim.

Þær upplýsingar fengust hjá Fjármálaeftirlitinu í gær að ekki væri fyrir hendi almenn heimild til að banna skortsölu. Þó er fyrir hendi heimild til þess að stöðva viðskipti með tiltekna fjármálagerninga en þá þyrfti að stöðva öll viðskipti, ekki bara skortsölu.

Skortsala kallast það þegar seljandi verðbréfa á þau ekki en fær þau lánuð gegn skuldbindingu um að kaupa þau aftur og skila þeim. Lækki verð bréfanna í millitíðinni fæst hagnaður af viðskiptunum þar sem bréfin eru keypt aftur á lægra verði en þau voru seld á upphaflega. Vegna þessa geta skortsalar beinlínis haft hagsmuni af því að keyra verð á hlutabréfum fyrirtækja niður og geta í ákveðnum tilvikum hagnast gríðarlega á hruni fyrirtækja, meðan flestir aðrir bíða af því mikið tjón.

- bih / sjá síðu 10

SLAKAÐ Á FYRIR FRUMSÝNINGU Kristján Jóhannsson stórsöngvari var í góðum höndum Svanhvítar Valgeirsdóttur og Dagbjartar H. Óskarsdóttur förðunarmeistara fyrir frumsýningar á Cavalleria Rusticana og Pagliacci í Íslensku óperunni í gær. Stórsöngvarinn þáði slakandi höfuðnudd hjá Svanhvíti enda nauðsynlegt að vera rétt stemmdur fyrir sýningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samráð dagskrárstjóra:

Svartir englar ekki á Dagvakt

SJÓNVARP **„Já, þetta er samráð. En löglegt og siðlegt samráð. Áhorfendur græða," segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri á Ríkissjónvarpinu.**

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON

Fréttablaðið hefur fylgst með væringum milli Stöðvar 2 og RÚV að undanförnu en einhverra hluta vegna var því þannig stillt upp að helstu tromp stöðvanna, Dagvaktin og Svartir englar, voru á dagskrá á sama tíma. Nú hafa Þórhallur og Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, rætt saman og orðið sáttir um dagskrárbreytingu þannig að Svartir englar eru á dagskrá RÚV klukkan 19.40, strax á eftir fréttum, en Dagvaktin er, eins og upphaflega stóð til, klukkan 20.30.

- jbg / sjá síðu 42

Fíkniefnafundur á Reykjanesi:

Fundu hundrað grömm af hassi

LÖGREGLUMÁL Um hundrað grömm af hassi fundust við húsleit í Reykjanesbæ í gærkvöld. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni var hassið í ætluðum söluumbúðum.

Húsleitin var gerð í kjölfar þess að sérsveitarmenn lögreglunnar á Suðurnesjum tóku ökumann um klukkan sex síðdegis fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna.

Hassið fannst svo við leit heima hjá manninum. Maðurinn var færður á lögreglustöð til yfirheyrslu og sleppt seint í gærkvöld. Maðurinn kom fyrir dómara í gær. Málið telst upplýst.

- ovd

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMUSAMT Í FYRSTU Í dag verða suðvestan 5-13 m/s, stífast með ströndum norðvestan til. Víða rigning fyrir hádegi. Eftir hádegi verða skúrir vestan til en úrkomulítið á austurhluta landsins.

VEÐUR 4

Sérfræðingur segir mikilvægt að gæta orðspors síns á Netinu:

Sextíu þúsund Íslendingar á Facebook

TÆKNI „Ég veit að stjórnendum stendur oft ekki á sama um hvað starfsmenn þeirra eru að gera á Facebook og ég veit til þess að umsækjendur hafi verið útilokaðir vegna niðurstaðna á Google," segir Hjörtur Smárason ráðgjafi, sem sérhæfir sig í námskeiðum um hvernig fólk getur verndað orðspor sitt á Netinu. Tæplega sextíu þúsund Íslendingar eru með Facebook-síðu.

„Það hafa ýmsir lent í vandræðum, sérstaklega ungt fólk sem hefur verið að sprella eitthvað á Netinu og ætlar svo að finna sér virðulega vinnu. Þá er fólk oftast „gúgglað" til að kanna bakgrunn þess en þá kemur stundum eitthvað í ljós sem hæfir alls ekki því starfi sem það er að sækja um, til dæmis fyllirísmyndir eða eitthvað annað sem getur þótt óviðeigandi," segir Hjörtur.

Margir eru ragir við að skrá sig á Facebook en Hjörtur mælir samt með því. „Hver sem er getur sett inn myndir af þér og texta um þig hvort sem þú ert á Facebook eða ekki. Því er mikilvægt að þú farir sjálfur inn á Netið og búir til prófíl ef þú vilt hafa einhverja stjórn á því sem þar er inni."

- amb / sjá síðu 22

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Opið 10-18 Kringlan

SPURNING DAGSINS

Ólafur Páll, ert þú útrásararmur RÚV?

„Já, ég er Út-Rás 2."

Ólafur Páll Gunnarsson mun sjá um þætti um íslenska tónlist á útvarpsstöð Breska ríkisútvarpsins, BBC, í Liverpool í nóvember.

Bók um Hafskipsmálið eftir Stefán Gunnar Sveinsson sagnfræðing komin út:

Hörð gagnrýni á málsmeðferð

ÚTGÁFA „Það sem situr helst eftir þegar bókin er komin út er að hún hvetji til umræðu um málið. Eftir að hafa kynnt mér málið finnst mér hana hafa skort alfarið," segir Stefán Gunnar Sveinsson sagnfræðingur um nýútkomna bók sína Afdrif Hafskips í boði hins opinbera sem JPV-útgáfa gefur út.

Bók Stefáns fjallar um Hafskipsmálið svokallaða sem er eitt umtalaðasta og umdeildasta mál íslenskrar viðskiptasögu. Greint er frá upphafsárum skipafélagsins til þess tíma að síðasti dómur féll í Hæstarétti. Á þeirri leið er fjallað um afskipti fjölmiðla, sem hleyptu málinu upphaflega af stað, framgöngu þeirra sem önnuðust málsmeðferðina á öllum stigum og ekki síst aðkomu stjórnmálamanna en málið varð mikið hitamál á hinu pólitíska sviði. Heimildavinna Stefáns er yfirgripsmikil og varpar í sjálfu sér ljósi á umfang málsins í íslensku samfélagi á árunum 1985 til 1991.

Stefán Gunnar skrifar bókina að beiðni þriggja

STEFÁN GUNNAR SVEINSSON sagnfræðingur

fyrrverandi stjórnenda Hafskipa, þeirra Björgólfs Guðmundssonar, Páls Braga Kristjónssonar og Ragnars Kjartanssonar. Eins og höfundur segir sjálfur þá er helsta niðurstaða bókarinnar að réttur þeirra hafi verið fótum troðinn af þeim sem að málinu komu og ekki síst stjórnvöldum. **- shá / sjá ritdóm á síðu 33**

Umhverfisráðherra:

Fjögur svæði af fjórtán friðlýst

UMHVERFISMÁL Umhverfisráðherra vill ljúka við friðlýsingu allt að fjögurra svæða af þeim fjórtán sem eru á friðlýsingarskrá, en hún rennur út í lok árs. Eitt svæði hefur þegar verið friðlýst en ráðherra vill ná tveimur til þremur til viðbótar.

„Það er ljóst að friðlýsingarnar hafa gengið hægar en vonir stóðu til," segir Þórunn Sveinbjarnardóttir ráðherra.

Nauðsynlegt sé að hlúa betur að samstarfi sveitarfélaga, ríkis og landeigenda til að bæta úr þessu. Handahófskenndar friðlýsingar, án tillits til eignarhalds, gangi ekki upp. **- kóþ**

Norður-Kórea hættir við:

Hyggst endurræsa kjarnaofn

NORÐUR-KÓREA, AP Stjórnvöld í Norður-Kóreu sögðust í gær vera að undirbúa endurræsingu kjarnaofns, sem þau höfðu áður samið um að hætta að starfrækja.

Þau segja Bandaríkin ekki hafa staðið við sinn hluta samningsins um að fjarlægja Norður-Kóreu af lista yfir ríki sem styðja hryðjuverkamenn.

Í gær sagði Hyun Hak Bong, starfsmaður í utanríkisráðuneyti Norður-Kóreu, ekkert hæft í fréttum um að Kim Jong Il sé veikur. Þeir sem hafa haldið því fram að leiðtogi Norður-Kóreu hafi gengist undir heilaskurðaðgerð séu „vont fólk sem vill ekki lýðveldi okkar vel". **- gb**

GLÆSILEGIR Meðal sýningargripa er kjóll sem Diddú klæddist er hún söng með José Carreras. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur:

Glæsiföt gerð af fagfólki

TÍSKA Brúðarkjóll fegurðardrottningarinnar Hófíar, fjólublá diskóföt Hermanns Hreiðarssonar og giftingarsmóking Loga Bergmanns eru nú til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur. Tilefnið er 65 ára afmæli Klæðskera- og kjólameistarafélagsins sem sýnir fatnað gerðan af félagsmönnum og fagfólki fyrri ára.

Fötin hafa verið sérsaumuð fyrir hátíðarstundir í lífi fólks og eru oftast hugarsmíð þess sem saumaði þau og viðskiptavinarins. Sýningin stendur fram á mánudag og er aðgangur ókeypis. - gun

Markið sett á að gera Ísland alveg óháð olíu

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra og forsvarsmenn japanska iðnrisans Mitsubishi undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um samstarf um rafbílaprófanir. Össur sagði samninginn áfanga að því marki að gera Ísland óháð olíu og bensíni.

SAMGÖNGUMÁL Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra skrifaði í gær undir tvær viljayfirlýsingar um samstarf við japanska iðnrisann Mitsubishi sem hafa það að markmiði að stuðla að því að Íslendingar geti nýtt innlenda orkugjafa sem mest í samgöngum.

Fyrri yfirlýsingin kveður á um samstarf við Mitsubishi Motors Corporation um samstarf um prófanir hérlendis á rafbílnum i-MiEV. Hin um samstarf við Mitsubishi Heavy Industries og Mitsubishi Corporation um þróun þjónustunets fyrir slíka bíla og fleira sem leggur lið langtímaáformum íslenskra stjórnvalda um að íslenskt samfélag verði óháð jarðefnaeldsneyti.

„Þessi ráðstefna hefur gert íslensku ríkisstjórnina enn staðráðnari í að gera landið óháð olíu," lýsti Össur yfir í ávarpi sínu fyrir undirritunarathöfnina, sem fór fram í lok ráðstefnunnar Driving Sustainability 08, en þessi ráðstefna um sjálfbærar samgöngur var nú haldin annað árið í röð.

„Það sem ríkisstjórnin þarf að gera er að tryggja breytingar á skattareglum og lögum til þess að ýta undir komu þessara bíla inn á íslenska vegakerfið," segir Össur í samtali við Fréttablaðið. „Nú höfum við þennan samning sem tryggir okkur rafbíla þegar þeir koma í fjöldaframleiðslu. Það þýðir það að í samstilltu átaki ýmissa ráðuneyta, þar sem fjármálaráðuneytið tæki nú rösklega á, þá ætti okkur að takast mjög hratt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og gera okkur óháða olíu og bensíni.

ÁFANGI Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra skrifar hér undir viljayfirlýsinguna í gær. Honum á vinstri hönd er aðstoðarforstjóri MHI, Ichiro Fukue, og fyrir aftan þá stendur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem Össur þakkaði fyrir að hafa átt frumkvæði að því að koma á því samstarfi sem nú hefði samist um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Markmiðið á að vera að gera okkur algerlega óháð olíu og bensíni.
>
> **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**
> IÐNAÐARRÁÐHERRA

Markmiðið á að vera að gera okkur algerlega óháð olíu og bensíni!"

Það sem sé þó stórkostlegast við þessa samninga sé ekki bara það forskot sem þeir skapi Íslendingum í nýtingu nýjustu rafbílatækni heldur ekki síður að japönsku samstarfsaðilarnir „eru að bjóðast til að koma með tækni (...) sem gerir okkur að þeirra sögn kleift að búa til eldsneyti á allan íslenska fiskiskipaflotann." Og ekki nóg með það, heldur feli þessi tækni að sögn ráðherrans í sér möguleikann á að „losa okkur við útblásturinn frá álverunum. Þetta yrði algjör bylting fyrir okkur í umhverfisvernd í framtíðinni".

Össur vísar hér til tilrauna sem gera á með að fanga koltvísýring úr útblæstri álvera og nota hann sem hráefni í framleiðslu tilbúins eldsneytis, dímetýleters (DME), sem hægt er að nota í stað dísilolíu og væri þannig hægt að knýja fiskiskipin.

Össur hnykkti enn fremur á því að hann gæti „fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fullvissað þá sem hlut eiga að máli að hún stendur 100 prósent að baki þessu mikla og sögulega tilraunaverkefni."

audunn@frettabladid.is

Viðskiptaráð Íslands:

Hvetur til sölu á Íslandspósti

SAMGÖNGUMÁL Viðskiptaráð Íslands telur skynsamlegt að undirbúa Íslandspóst, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, undir einkavæðingu og sölu. Þetta kemur fram í sérstakri skoðun sem ráðið hefur gert á fyrirtækinu.

Helstu ástæður þess að skynsamlegt sé að selja fyrirtækið eru, að mati ráðsins, að verulega hafi dregið úr vægi almannaþjónustunnar og fyrirtækið hafi sótt inn á nýja markaði þar sem ríkir hörð samkeppni meðal einkaaðila.

Innreið Íslandspóst á samkeppnismarkað megi fyrst og fremst rekja til óljósrar stefnu og markmiða stjórnvalda. Heimildir fyrirtækisins til reksturs séu mun rýmri en eðlilegt geti talist hjá ríkisfyrirtæki. Verði eignarhald þess óbreytt eigi starfsemi þess að einskorðast við almannaþjónustu sem einkaaðilar geta ekki veitt. - shá

Reynt að stöðva innskil lóða:

Lækka vexti af lóðalánum

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Kópavogs hefur samþykkt ýmsar ráðstafanir til að sporna við því að bærinn fá til baka byggingalóðir sem áður hefur verið úthlutað.

Samkvæmt tillögu fulltrúa Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks um breytingar á lóðarkjörum lækka yfirtökugjöld um tíu prósent og staðgreiðsluafsláttur er aukinn um 3 prósent. Að auki lækka vaxtakjör á skuldabréfum í Vatnsendahlíð úr 11 prósentum í 7 prósent.

„Breyting þessi tekur til úthlutunar á lóðum í Vatnsendahlíð og einnig til úthlutunar á lóðum í Rjúpnahæð – Kórum vegna seinkunar á afhendingu," segir í samþykkt bæjarráðs. **- gar**

Tækifæri í september

SIEMENS

Uppþvottavél

SE 66T373EU

Glæsileg alklæðanleg uppþvottavél.
Sex uppþvottakerfi. Tímastytting þvottakerfa („varioSpeed").
Orkuflokkur, þvottahæfni og þurrkhæfni: A/A/A.
Sérlega hljóðlát: 44 dB (re 1 pW).

ATARNA

Tækifærisverð: 116.900 kr. stgr.
(Verð áður: 155.800 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ljósmæður gengu að miðlunartillögu ríkissáttasemjara í gær:

Fengu 20.300 og seldu ákvæði

VINNUMARKAÐUR Ljósmæður gengu að miðlunartillögu ríkissáttasemjara í gær eftir atkvæðagreiðslu um tillöguna. 82,7 prósent ljósmæðra greiddu atkvæði, 85 prósent þeirra greiddu atkvæði með henni en tólf prósent á móti. Fjármálaráðherra samþykkti tillöguna einnig.

Í fréttatilkynningu frá Ljósmæðrafélaginu segir að miðlunartillagan veiti þeim að meðaltali 22,6 prósenta launahækkun, þar af fimm prósent sem fjármálaráðherra tryggir stofnunum, að sögn Guðlaugar Einarsdóttur, formanns Ljósmæðrafélagsins, og verða afgreidd í stofnanasamningum.

Hækkunin tekur gildi 1. ágúst og gildir samninguinn til 31. mars 2009. Ljósmæður stefndu að 25 prósenta leiðréttingu til að standa jafnfætis sambærilegum stéttum fyrir utan það sem aðrir hafa fengið.

Guðlaug segist vera sátt en ljósmæður vanti samt tíu prósent til að standa jafnfætis sambærilegum stéttum. Ljósmæður hafi fengið krónutöluhækkun upp á 20.300 krónur, eða sem nemi 6,45 prósentum. Þær hafi síðan selt ýmis ákvæði, til dæmis næturvaktir fyrir 55 ára og eldri og Vísindasjóð. Ljósmæður taki svo sameinaðar upp þráðinn í lok mars.

SELDU ÁKVÆÐI Ljósmæður fengu krónutöluhækkun og seldu svo kjarasamningsákvæði. Þannig fengu þær samtals 22,6 prósenta launahækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elín Björg Jónsdóttir, formaður Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS, segir að samningur ljósmæðra gefi félagsmönnum FOSS góðar vonir í yfirvofandi samningaviðræðum við Launanefnd sveitarfélaga. Búið er að afboða verkfall ljósmæðra og fjármálaráðherra hefur fallið frá stefnu á hendur ljósmæðrum. **- ghs**

3 stk.
Erika
999 kr
Blandaðir blómvendir
699 kr
Magntilboð
á haustlaukum
Túlípanar 50 stk
Krókusar 50 stk
Páskaliljur 2 kg
1499 kr
pr/pk
Litríkt haust
í Blómavali
Haustkrýsi, stór
11322055
1199
lítill
11322054
599
Liljur, 5 stk
1499
Sjáið allt um haustlaukana
í Blómavalsblaðinu
Allar luktir
30
afslátturr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ 19.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	92,44	92,88
Sterlingspund	166,13	166,93
Evra	131,29	132,03
Dönsk króna	17,594	17,696
Norsk króna	15,882	15,976
Sænsk króna	13,742	13,822
Japanskt jen	0,8597	0,8647
SDR	143,01	143,87

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 173,0016

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna:

Framsókn vill skylduskráningu

STJÓRNMÁL Þingflokkur framsóknarmanna vill að þingmenn verði skyldaðir til að skrá fjárhagslega hagsmuni sína. Þannig gengur flokkurinn lengra en fyrirliggjandi drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum tengslum þingmanna gera ráð fyrir.

Svar Framsóknarflokks til forsætisnefndar var sent fyrr í mánuðinum og hafa þá tveir flokkar svarað erindinu, sem var sent frá forsætisnefnd fyrir átjánmánuðum; Framsóknarflokkur og Vinstri grænn.

Báðir flokkar gera athugasemd við að samkvæmt drögunum verði skráningin valkvæð; þingmenn ákveði hver fyrir sig hvort þeir fari eftir reglunum eður ei.

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR Telur að skylda þurfi alla þingmenn til að fara að reglunum, annars nái þær ekki tilgangi sínum.

„Við fögnum þessum reglum og höfðum áður sett okkur sjálfum reglur, sem eru ítarlegri en þessar. Framsóknarflokkurinn vill að skráningin verði skylda og er tilbúinn til að ganga enn lengra," segir Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknar.

Samsvarandi reglur um þingmenn eru í gildi á Norðurlöndum, en breskar reglur taka einnig til hlunninda sem hlotnast maka. Það gera danskar reglur líka, um maka ráðherra.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er ekki minnst á maka í íslensku drögunum, né skuldir þingmanna. - kóþ

NACGF fundaði á Grænlandi:

Georg Kr. kjörinn formaður

LANDHELGISGÆSLAN Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, hefur tekið við formennsku í samtökunum North Atlantic Coast Guard Forum. Formennskan felst í að móta stefnu varðandi öryggi á hafinu.

Samhliða fundinum fóru fram æfingar undir merkjum NACGF, annars vegar leitar- og björgunaræfing þar sem Íslendingar, Danir, Bandaríkjamenn og Kanadamenn æfðu viðbrögð við afleiðingum óveðurs og við umhverfisslysi.

Að NACGF standa strandgæslur tuttugu ríkja við Norður-Atlantshaf. - ghs

Íbúar á Vallarheiði ánægðir:

Mikil ánægja á vallarsvæðinu

REYKJANESBÆR Um 92 prósent íbúa eru ánægð með þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á gamla vallarsvæði bandaríska hersins, Vallarheiði. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem gerð var fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.

Tæplega helmingur þeirra sem tóku þátt í könnuninni taldi líklegt að hann myndi dvelja áfram á svæðinu að námi loknu. Um símakönnun var að ræða og tóku 389 íbúar svæðisins þátt í henni. Svarhlutfall var 58,5 prósent.

Um helmingur íbúa nýtir sér ferðir á milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur sem boðið er upp á. Um 67 prósent eru ánægð með þær ferðir. - kóp

Medvedev svarar Rice:

Rússland lætur ekki undan

RÚSSLAND, AP Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti segir að Rússar muni hvorki láta undan þrýstingi Vesturlanda né láta þröngva sér í einangrun vegna stríðsins í Georgíu.

DMITRÍ MEDVEDEV

„Við munum halda áfram að styrkja þjóðaröryggi okkar, nútímaváða herinn og efla varnargetu okkar," sagði hann í gær, daginn eftir að Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafði farið hörðum orðum um hernað Rússa í Georgíu í síðasta mánuði.

Hann ítrekaði jafnframt ósk sína um nýjan varnarsamning fyrir öll Evrópuríki, hvort sem þau eru innan eða utan Atlantshafsbandalagsins. - gb

Eins og að keyra inn í svarthol á þjóðvegi 1

Engar merkingar voru á kafla á Suðurlandsveginum vegna framkvæmda. Mjög brýnt að hafa vegamerkingar í lagi segir upplýsingafulltrú Umferðarstofu. Eins og að keyra inn í svarthol, segir sóknarprestur sem var þarna á ferð.

SAMGÖNGUR „Ég taldi mig kominn yfir erfiðasta hjallann þegar ég kom austur yfir Hellisheiði. Við Kögunarhól keyrði ég hins vegar inn í algjört svarthol," segir Önundur Björnsson, prestur á Breiðabólsstað í Fljótshlíð. Hann var á ferð eftir Suðurlandsveginum á þriðjudaginn.

„Engar vegarstikur voru sjáanlegar og engar akreinamerkingar heldur. Það eina sem sást voru reikandi ljós bíla á móti sem ógerlegt var að átta sig á hvar á vegi voru staddir eða hvert stefndu. Engin aðvörunarmerki var að sjá sem gáfu til kynna hvað fram undan var. Þannig ók ég inn í þetta svarthol sem ég engan veginn átti von á," segir Önundur.

EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Hann minnir á að umferðarslys gerist á augabragði og því verði að huga að erfiðustu aðstæðum. „Ég minni á þá sem eru eldri eða náttblindir. Sem sóknarprestur frábið ég mér að þurfa að horfast í augu við dauðann, mín eða annarra, vegna óvandaðra vinnubragða þeirra aðila sem menn treysta í hörgul."

Þórður Tyrfingsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni á Suðurlandi, segir að menn hafi verið að malbika kafla sem skemmdist í Suðurlandsskjálftanum. Þá hafi átt að gera við vegaxlir og mála á enn lengri kafla.

„Veðrið hefur sett strik í reikninginn en við tókum stikurnar niður á miðvikudag og verktakinn ætlaði að mála á fimmtudag. Þá var svo hvasst að varla var stætt úti. Við settum stikurnar aftur upp á föstudag," segir Þórður.

Aðspurður hvort ekki hefði verið ráð að huga betur að merkingum, ekki síst á kaflanum sem stóð lengur án merkinga, segir hann að vissulega hefði verið hægt að gera þetta betur. Ýmislegt hafi þó frestað verkinu og menn bíði færis á að klára það.

ÖNUNDUR BJÖRNSSON

VIÐ INGÓLFSFJALL Á þessum kafla vantaði allar merkingar um hríð nú í vikunni, bæði málningu og stikur. Vegfarandi segir að það hafi verið eins og að keyra inn í svarthol. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að menn verði alltaf að gera ráð fyrir veikustu hlekkjunum í umferðinni. „Núna í skammdeginu er sérstaklega mikilvægt að huga að merkingum. Þeir sem sjá verr í myrkri eiga sérstaklega erfitt með að keyra við svona aðstæður," segir Einar.

Hann segir að menn verði að huga framkvæmdum eftir því. „Ef það þarf að taka niður vegstikur eiga menn að gera það á sem stystum kafla og koma þeim sem fyrst upp aftur. Annars verður að setja tímabundnar merkingar upp til vara. Öryggi vegfarenda verður að setja á oddinn." kolbeinn@frettabladid.is

KLIPPT Á BORÐANN Samgönguráðherra klippir á borðann og nýtur aðstoðar forstjóra Strætós bs. og borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný forgangsakrein Strætós:

Strætó fær rauðan dregil

SAMGÖNGUR Ný forgangsakrein fyrir strætisvagna var tekin í notkun við Miklubraut í gær. Af því tilefni fór fram skrúðakstur vagna og fór vagn frá árinu 1968 fremstur í flokki.

Nýja akreinin nær frá Skeiðarvogi að Kringlumýrabraut, en fyrir var forgangsakrein frá Kringlumýrarbraut að Löngulíð. Uppi eru hugmyndir um frekari forgang vagnanna í umferðinni. - kóp

Skráð afbrot í ágústmánuði:

Umferðarlagabrotum fjölgar

LÖGREGLUMÁL Skráðum umferðarlagabrotum í ágústmánuði fjölgar um sjö prósent milli ára samkvæmt afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra. Alls voru 6.876 umferðarlagabrot skráð í ágúst á þessu ári en 6.416 í ágúst í fyrra. Notkun stafrænna hraðamyndavéla er að nokkru talin skýra þessa fjölgun.

Þá nemur fjölgun hegningarlagabrota 19 prósentum á sama tíma. Alls voru 1.369 slík brot skráð í ágúst á þessu ári en 1.153 brot í ágúst í fyrra. Fíkniefnabrotum fækkar hins vegar um 14 prósent á milli ára, úr 160 skráðum brotum í ágúst í fyrra í 137 skráð brot í ágúst á þessu ári. - ovd

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

SKAPLEGUR VINDUR
Í grófum dráttum má segja vindur verði með skaplegasta móti í dag. Stífastur verður hann þó með ströndum vestan og norðvestan til og einnig úti við suðausturströndina. Á morgun skrúfast vindurinn heldur upp á nýjan leik. Á þriðjudag lægir hann svo töluvert.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	17°
Ósló	13°
Stokkhólmur	14°
Gautaborg	18°
London	18°
París	17°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	17°
Berlín	15°
Alicante	28°
Mallorca	26°
Basel	16°
Eindhoven	16°
Las Palmas	26°
New York	22°
Orlando	29°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SNYRTIDAGAR

SNYRTIVÖRUR Á TILBOÐSVERÐI Í VERSLUNUM SMÁRALINDAR 18.-21. SEPT.

OPIÐ Í DAG 11-18

Bodyshop – Kynning á Mineral Make-up, nýjum farða sem er eingöngu unninn úr náttúruefnum. Ný haustfarðalína og ókeypis kynningarförðun í dag.

Byggt og búið – Fríar snoðklippingar, góð tilboð á hártækjum.

Debenhams – Clinique ráðgjafar kynna nýjustu straumana. Veglegur kaupauki. Spennandi kynning á Sensai farðanum frá Kanebo. Fagleg ráðgjöf og kaupaukar.

Hagkaup – Kynning á Trend naglalínu. Kynning á Artdeco naglalakki og létt handsnyrting í dag.

Hygea – Gréta Boða býður upp á förðun með nýju haustlitunum frá Chanel. Aðstoð við val á farða og maskara frá Helena Rubinstein. Kynning á gæðavörum frá La prairie ásamt haustlitum og nýju undrakremi undir farða frá YSL.

Lyfja – John Frieda hárvörukynning og sýnikennsla í dag 13-16. Make Up artistar frá Emm School of make up veita fría ráðgjöf og Maybelline förðun í dag 13-16.

Make up store – Kynningarafsláttur af spa- og hárlínu. Gjöf fylgir ef verslað er fyrir 5.000 kr. Heppnir viðskiptavinir geta unnið hóp- og einkakennslu.

Supernova – Sýnikennsla í Airbrush-tækni, tilboð á Bed Head, hár- og snyrtivörum. Ráðgjöf um hárumhirðu í dag og á morgun 13-18.

Snyrtiakademían í Vetrargarðinum

Nemendur Snyrtiakademíunnar kynna skólana og bjóða gestum og gangandi upp á stuttar meðferðir í dag og á morgun 13-18.

Verslanir opnar:
mán-mið 11-19, **fim 11-21**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM35470

KJÖRKASSINN



Hyggst þú leita þér ráðgjafar í fjármálum á næstunni vegna þrenginga í efnahagsmálum?

JÁ	15,8%
Nei	84,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú inn lyf daglega?

Segðu skoðun þína á visir.is

Tillaga um að Skaftahlíð verði að hluta botnlangagata samþykkt:

Skaftahlíð lokað í tilraunaskyni

REYKJAVÍK Götunni Skaftahlíð í Reykjavík verður lokað í annan endann skammt sunnan bílastæða 365 miðla, sem meðal annars gefa út Fréttablaðið. Íbúar hafi kvartað yfir átroðningi starfsmanna 365.

Lokunin er gerð að tillögu hverfisráðs Hlíðahverfis. Í tillögunni kemur fram að síðan 365 fluttu í Skaftahlíð hafi umferð við íbúðarhluta götunnar aukist töluvert. Því er lagt til að götunni verði lokað við göngustíginn á milli Skaftahlíðar 24 og 26.

Að fenginni umsögn lögreglu samþykkti umhverfis- og samgönguráð borgarinnar að loka götunni til bráðabirgða til tveggja ára.

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, segist eiga von á því að götunni verði lokað á næstunni. „Við höfum, auk erindis hverfisráðsins, fengið töluvert af kvörtunum frá íbúum. Við nánari skoðun varð úr að reyna þetta í tvö ár.“

Ari Edwald, forstjóri 365, segist ekki sjá að lokunin breyti nokkru fyrir fyrirtækið. Hann segist ekki hafa orðið var við meiri bílastæðavanda á svæðinu en gengur og gerist. Þá setur hann spurningarmerki við þátt starfsmanna 365. „Við sjáum það á sumrin þegar starfsemi Ísaks- og Kennaraskólans liggja niðri að þá eru alltaf laus stæði á svæðinu,“ segir Ari. - kóp

SKAFTAHLÍÐ Hér verður komið fyrir lokun þannig að gatan verður botnlangagata. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Niðurstaða stjórnar OR:

Hjörleifur verði áfram forstjóri

ORKUMÁL Hjörleifur B. Kvaran var í gær ráðinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórn fyrirtækisins samþykkti ráðningu hans á stjórnarfundi í gær.

Gert var hlé á stjórnarfundinum um hádegisbil til þess að Guðlaugur Gylfi Sverrisson stjórnarformaður gæti tilkynnt starfsmönnum niðurstöðu stjórnarinnar.

Hjörleifur var áður aðstoðarforstjóri OR. Hann tók tímabundið við starfi forstjóra þegar Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri, fór í leyfi til að taka við stjórnartaumunum í Reykjavik Energy Invest, í maí síðastliðnum. - bj

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna:

Mæðradauði mestur í Afríku

HEILBRIGÐISMÁL Nær allar mæður sem létust við barnsburð árið 2005 bjuggu í fátækustu ríkjum heims, eða 99 prósent þeirra. Þar af bjuggu 84 prósent í sunnanverðri Afríku og Suður-Asíu.

Flestar konurnar dóu vegna blæðinga og bágborins heilsufars, og vegna siða og venja.

Oftast er hægt með heilsugæslu og mæðravernd að koma í veg fyrir dauðsföll við barnsburð.

Líkur á mæðradauða í fátækum ríkjum eru að meðaltali 1 af 76. Í ríkum löndum eða þar sem menntun er hlutfallslega mikil eru líkurnar 1 af 8.000. - kóþ

Lóðadeila í Vatnsmýri:

Borgarfulltrúar skulu bera vitni

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt að sex borgarfulltrúar skuli hafa stöðu vitnis í skýrslutökum vegna máls S10 ehf. á hendur Reykjavíkurborg.

S10 höfðaði mál eftir að borgarstjórn dró til baka samning sem borgarráð hafði staðfest um lóðaúhlutun til félagsins við hlið húss Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýri.

Borgarfulltrúarnir sem eiga að gefa skýrslu eru Ólafur F. Magnússon, þáverandi borgarstjóri, Björk Vilhelmsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Óskar Bergsson, Svandís Svavarsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. - gar

Bankar gera tilboð í allar eignir Nýsis

Landsbankinn og Kaupþing hafa gert tilboð í allar eignir Nýsis. Forstjóri félagsins segir það ekki gjaldþrota. Verkefni hjá ríki og borg séu ekki í hættu.

VIÐSKIPTI „Félagið er alls ekki gjaldþrota,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Nýsis.

Landsbankinn og Kaupþing hafa gert tilboð í allar eigur Nýsis. Tilboðið gildir fram í næstu viku.

Nýsir hefur átt í verulegum fjárhagserfiðleikum. Skammtímaskuldir félagsins nema sautján milljörðum króna og heildarskuldir fimmtíu. Landsbankinn hefur frá því í mars unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu. Skammt er síðan Kaupþing bættist í hópinn.

Höskuldur segir að tilboðið sýni tiltrú fjárfesta á verkefni Nýsis. „Við höfum verið að vinna að verkefnum sem gefa tekjur til langs tíma,“ segir hann. Nú sé unnið að því að breyta skammtímaskuldum í langtímaskuldir,“ segir Höskuldur.

Fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar í gær að ef tilboðum bankanna verði tekið hafi það „veruleg áhrif á efnahagsreikning félagsins“. Heimildir Markaðarins innan bankanna herma að það þýði að skuldunautar kunni að þurfa að gefa eitthvað eftir.

Höskuldur Ásgeirsson segir að þessi mál hafi engin áhrif á verkefni félagsins, en það vinnur meðal annars að framkvæmdum við Egilshöll og tónlistarhúsið á hafnarbakkanum í Reykjavík, í samvinnu við Landsbankann, ríkið og Reykjavíkurborg.

Auk þess rekur Nýsir fasteignir fyrir bæði íslensk og erlend sveitarfélög, auk annarrar starfsemi.

ingimar@markadurinn.is

Viltu stofna fyrirtæki

Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda og fjármál.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt miðvikud. 24. sept., 1. og 8. okt. kl. 16-19 í Háskóla Íslands, stofu N-128 í Öskju. Verð 30.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu. Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894 6090 eða á alb@lexista.is

Vilja aukna löggæslu og meira eftirlit í Laugardalnum:

Sprautunálar á víðavangi

REYKJAVÍK Níu ára drengur hefur í tvígang fundið sprautunálar á víðavangi í Laugardal. Þetta kemur fram á heimasíðu Guttorms, sem er umhverfis- og útivistarhópur Íbúasamtaka Laugardals. Þar er kallað eftir aðgerðum yfirvalda og kvartað yfir slæmri umgengni í dalnum.

Á síðunni er kvartað yfir því að ekki sé nóg eftirlit í dalnum og að lýsingu sé ábótavant. Þá er því velt upp hvort ekki þurfi að koma upp nágrannaeftirliti; aldrei sjáist löggregla á staðnum. Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri í Reykjavík, segir að ekki sé óeðlilega mikið um kvartanir vegna umgengni í Laugardal. „Ég efast ekki um að þarna finnist stundum sprautur, það er að gerast víðar í borginni. Auðvitað þarf þetta vesalings fólk einhvers staðar að athafna sig. En við könnumst ekki við þá mynd sem þarna er dregin upp af Laugardalnum,“ segir Þórólfur.

Hann segir að garðyrkjudeildin muni kanna það sem upp á hana stendur, hvort lýsing sé ónóg. - kóp

LAUGARDALUR Nokkuð hefur verið kvartað yfir umgengni og kallað eftir aukinni löggæslu í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

20% AFSLÁTTUR

af **ÖLLUM**
barnafatnaði,
bleium & barnamat

föstudag, laugardag og sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VIKA SÍMENNTUNAR
22.-28. september 2008
Styrktu stöðu þína!
STARFSMENNTARÁÐ
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Efnahagserfiðleikarnir efst á dagskrá hjá forsetaframbjóðendunum:

Staða Obamas hefur styrkst

BANDARÍKIN, AP Barack Obama hefur saxað töluvert á forskot Johns McCain í skoðanakönnunum síðustu daga. Eftir að fréttir af efnahagserfiðleikum urðu allsráðandi í fjölmiðlum virðist sem trú á repúblikönum hafi eitthvað minnkað.

Bæði repúblikaninn McCain og demókratinn Obama hafa lagt áherslu á efnahagsmálin síðustu daga. McCain hvatti í gær stjórnvöld til að hætta að hlaupa undir bagga með fjármálastofnunum sem ramba á barmi gjaldþrots.

Obama gerði aftur á móti stólpagrín að yfirlýsingum McCains um að reka þurfi yfirmann verðbréfaeftirlits Bandaríkjanna.

OBAMA OG EFNAHAGSRÁÐGJAFARNIR Barack Obama leitaði ráða í efnahagsmálum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Losum okkur ekki bara við einn mann. Losum okkur við alla þessa ríkisstjórn," sagði Obama. „Losum okkur við þessa aðgerðarleysisstefnu gagnvart efnahagsvandanum og setjum einhvern í staðinn sem ætlar að berjast fyrir ykkur."

Sjálfur leitaði Obama ráða hjá nokkrum helstu hagspekingum Demókrataflokksins, sem höfðu verið Bill Clinton til ráðgjafar á forsetatíð hans.

McCain skaut í staðinn á Obama með því að benda á tengsl hans við húsnæðislánasjóðina Freddie Mac og Fannie Mae, sem báðir voru þjóðnýttir nýverið. Einnig sagði McCain að skattahækkanir sem Obama hefði boðað myndu gera illt verra í efnahagsmálum. - gb

Tzipi Livni í vanda:

Reynir að halda Kadima saman

ÍSRAEL Tzipi Livni, nýkjörinn formaður Kadima-flokksins í Ísrael, glímir nú við að halda saman flokknum um leið og hún reynir að mynda nýja ríkisstjórn.

Shaul Mofaz, samgönguráðherra stjórnarinnar, sagði sig úr flokknum eftir að hann tapaði naumlega í leiðtogakjöri fyrir Livni á miðvikudag. Óljóst er hversu mikinn stuðning Livni hefur meðal þeirra sem kusu Mofaz.

Hún hefur sagst vilja halda samstarfi núverandi stjórnarflokka áfram, en leitar jafnframt til annarra flokka. Takist það ekki verður boðað til kosninga. - gb

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar

Í FLENSBORGARSKÓLA Í HAFNARFIRÐI
Í DAG KL. 11

Dagskrá:

- Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar
- Efnahagsvandinn – leiðir til framtíðar
  Pallborðsumræður
  Þátttakendur:
  Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar
  Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ
  Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA
  Jónas H. Haralz, hagfræðingur
- Almennar stjórnmálaumræður
- Ráðherrar sitja fyrir svörum

Allir velkomnir!

Málefnanefndir Samfylkingarinnar funda frá kl. 9.00 á sama stað.

Verkalýðsmálaráð Samfylkingarinnar fundar frá kl. 9.30.

Gestir fundarins verða Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Fundurinn er opinn öllum kjörnum fulltrúum og starfsmönnum verkalýðshreyfingarinnar auk félaga í verkalýðsmálaráði flokksins.

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Samfylkingin

Evrópunefndin eyðir misskilningi í Brussel

Í ferð Evrópunefndarinnar til Brussel á að afla upplýsinga um málefni ESB og eyða misskilningi um að á Íslandi séu uppi hugmyndir um einhliða upptöku evru. Nefndin hittir framámenn í sambandinu.

STJÓRNMÁL Evrópunefnd stjórnvalda, undir formennsku þingmannanna Illuga Gunnarssonar Sjálfstæðisflokki og Ágústs Ólafs Ágústssonar, varaformanns Samfylkingarinnar, dvelur í Brussel í þrjá daga í næstu viku og hittir nokkra framámenn Evrópusambandsins. Meðal annars verður fundað með Olli Rehn, framkvæmdastjóra stækkunarmála, og Joaquín Almunia, framkvæmdastjóra efnahags- og peningamála.

Illugi Gunnarsson segir Brusselförina hafa verið ákveðna fljótlega eftir að nefndin var sett á laggirnar enda talið nauðsynlegt að nefndarmenn settu sig vel inn í mál.

Ekki sé haldið utan nú vegna háværrar umræðu um evru og peningamálastjórn í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi. Engu að síður verði þau mál rædd enda hafi forsætisráðherra nýverið falið nefndinni að skoða hvort fræðilegar hindranir væru fyrir upptöku evru með sérstöku samkomulagi við Evrópusambandið.

„Við munum útskýra vel umræðuna á Íslandi og leggja sérstaka áherslu á að eyða öllum misskilningi um að uppi séu hugmyndir um einhliða upptöku evru," segir Illugi.

Enn fremur verður embættismönnum í Brussel gerð grein fyrir því að ekki ríki sá skilningur á Íslandi að hægt sé að taka upp evru án þess að uppfylla skilyrði Maastricht-sáttmálans. Snýst hann um stöðugt verðlag og viðunandi stöðu ríkissjóða.

Illugi bendir á að Evrópusambandið hafi áhyggjur af að þjóðir taki upp evru án samþykkis, haldi sig ekki innan Maastricht-skilyrðanna og grafi þannig undan gjaldmiðlinum. Um hugmyndir um evru-upptöku með sérstöku samkomulagi við Evrópusambandið á grunni EES-samningsins segir Illugi að þau mál verði rædd og upplýsinga aflað. Spurt verði hvort lagalegar eða tæknilegar hindranir séu í veginum. „Sé sú leið fær er það stjórnvalda að ákveða hvaða skref verða stigin. Það þarf pólitískan vilja til og þá er að ræða við Sarkozy [forseta Frakklands] og Merkel [kanslara Þýskalands] og aðra slíka." bjorn@frettabladid.is

FÁNABORG Evrópunefnd stjórnvalda hittir nokkra framámenn Evrópusambandsins í Brussel í næstu viku. Förin er farin til að afla upplýsinga og eyða misskilningi. NORDICPHOTOS/AFP

ILLUGI GUNNARSSON

OLLI REHN

JOAQUÍN ALMUNIA

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið



3 VERSLANIR

LÆGRA VERÐ

BETRI KAUP

AFNEMUM VSK AF BARNAFATNAÐI

LAUGARDAG, SUNNUDAG & MÁNUDAG

INTERSPORT

INTERSPORT LINDUM SÍMI 585 7260 Opið mánudaga - föstudaga 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 Opið mánudaga - föstudaga 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
INTERSPORT SMÁRALIND SÍMI 585 7240 Opið mánudaga - föstudaga 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 -18

EXPO • www.expo.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.056 **+5,23%**

Fjöldi viðskipta: 835
Velta: 11.581 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN
EXISTA	+17,29%	
SPRON	+10,00%	
FØROYA BANKI	+8,82%	

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,78 +2,26% ... Atorka 5,13 +5,99% ... Bakkavör 23,70 +5,33% ... Eimskipafélagið 4,40 +1,15% ... Exista 6,58 +17,29% ... Glitnir 14,34 +5,44% ... Icelandair Group 20,45 +0,74% ... Kaupþing 714,00 +4,69% ... Landsbankinn 22,70 +4,61% ... Marel Food Systems 90,00 +3,21% ... SPRON 3,30 +10,00% ... Straumur-Burðarás 8,42 +4,21% ... Össur 94,00 +2,85%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN
nánar á visir.is

Byr er orðinn hlutafélag

FME gaf samþykki í gær. Samruni við Glitni stendur fyrir dyrum.

Fjármálaeftirlitið samþykkti í gær umsókn Byrs sparisjóðs um breytingu í hlutafélag. Breytingin var jafnframt samþykkt á fundi stofnfjáreigenda þann 27. ágúst síðastliðinn.

Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins hefur breyting á félagaformi nú, engin áhrif á starfsleyfi sparisjóðsins.

Eins og Markaðurinn hefur skýrt frá, hafa viðræður staðið yfir síðustu daga um samruna Byrs og Glitnis. Hlutafélagavæðing Byrs var forsenda þess að slíkur samruni gæti orðið og nú þegar þeirri hindrun hefur verið rutt úr vegi, er gert ráð fyrir að tilkynning um samrunaviðræður verði gefin út innan skamms, jafnvel núna um helgina.

- bih

FORSVARSMENN BYRS Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, og Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri. MARKAÐURINN/PJETUR

Stokka þarf upp reglur

„Fjármálakerfið er í grundvallaratriðum traust," segir Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna.

HENRY PAULSON

Poulson segir stjórnvöld og seðlabanka nú vinna að því að tryggja stöðugleika á mörkuðum. Ástæðu þess hvernig komið sé segir Paulson vera að leita í „fornfálegu reglugerðaverki fjármálamarkaða". Þá segir hann að yfirstandandi fjármálakreppu létti ekki fyrr en fasteignamarkaðir í Bandaríkjunum rétti úr sér.

- msh

Mikil hækkun víða

Áhrif aðgerða bandarískra stjórnvalda, sem greint var frá síðdegis á fimmtudag, skiluðu sér strax í mikilli bjartsýni á þarlendum mörkuðum með mikilli hækkun á gengi hlutabréfa, ekki síst í bréfum fjármálafyrirtækja, í fyrradag. Sú hækkun hélt áfram af krafti vestanhafs í gær.

Aðgerðin smitaði strax út frá sér á Asíumarkaði í fyrrinótt og þaðan yfir til Evrópu í gær.

Þá elti íslenskur hlutabréfamarkaður alþjóðlegu uppsveifluna. Úrvalsvísitalan hækkaði um 5,23 prósent, sem er þriðja mesta hækkunin frá upphafi. Metið var slegið 25. mars í vor þegar vísitalan fór upp um 6,16 prósent. Önnur mesta hækkunin, upp á 6,11 prósent, var hins vegar 4. október fyrir sjö árum.

Gengi hlutabréfa í Existu hækkaði langmest í Kauphöllinni gær, eða um 17,3 prósent, samanborið við 4,5 til 5,4 prósenta hækkun viðskiptabankanna. Þá hækkaði gengi bréfa í Spron meira en bréf viðskiptabankanna, eða um tíu prósent.

Þá skiluðu áhrifin á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sér í 3,6 prósenta styrkingu krónunnar, þeirrar fyrstu síðan 11. september síðastliðinn.

- jab

HLUTABRÉFAMARKAÐIR

Lönd	Breyting (í %)
Bandaríkin:	
Dow Jones (Bandaríkin)*	+3,66
Nasdaq (Bandaríkin)*	+3,22
Nikkei (Japan)	+3,76
FTSE (Bretland)	+8,84
OMX-40 (Norðurlöndin)	+9,11
C-20 (Danmörk)	+6,18
OMX-30 (Svíþjóð)	+8,98
OMX-25 (Finnland)	+9,73
OSE (Noregur)	+8,86
OMXI15 (Ísland)	+5,23

* Fyrir lokun markaða

Semja á við Bandaríkin

„Í þessum aðgerðum sést svart á hvítu hvernig seðlabankar beita sér til að efla traust á fjármálamörkuðum. Þessi aðgerð undirstrikar nauðsyn þess að gera fleiri gjaldmiðlaskiptasamninga við erlenda seðlabanka til að styrkja bakland fjármálageirans," segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

Stærstu seðlabankar heims ákváðu á fimmtudag að dæla 180 milljörðum dala á gjaldeyrisskiptamarkaði í Evrópu og Asíu til að auka framboð á lausu fé.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir erlendum gjaldeyri á fjármálamörkuðum, raunar svo mjög að lokað var fyrir gjaldeyrisviðskipti í Noregi um tíma í vikunni.

Norski seðlabankinn jók aðgengi banka að Bandaríkjadölum í kjölfarið.

Seðlabanki Íslands gerði tvíhliða gjaldeyrisskiptasamning við norræna seðlabanka um miðjan maí sem veitti bankanum aðgang að 1,5 milljörðum evra.

Ólafur segir samningana ytra sýna í verki hvað gert er til þess að treysta starfsumhverfi fjármálamarkaða. „Það þarf fleiri slíka samninga, helst öflugri" segir Ólafur.

Hann bendir á að íslensk fyrirtæki starfi í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Þar liggi forsendur fyrir því að leita eftir skiptasamningi við við Englandsbanka og Evrópska seðlabankann. „Þá sýnist eðlilegt að leita eftir sams konar samningum við bandaríska seðlabankann, sem gengið hefur fram af alefli við að tryggja fjármálalegan stöðugleika beggja vegna Atlantsála," segir Ólafur.

- jab

Microsoft sérfræðingar, ekki missa af þessu!

Hvað leynist undir yfirborðinu?

DIVE DEEPER® 08
Tækninámsstefna í Smárabíó 9-10 október

Nánari upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og www.ntv.is/divedeeper

SIÐMENNT

Það er dýrmætt fyrir unglinga að eiga val
BORGARALEG FERMING 2009
Skráning er í fullum gangi.

Upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.sidmennt.is
og í símum **567 7752, 557 3734 eða 553 0877.**
Skráning í sömu símum eða á eyðublaði á heimasíðunni.
Boðið verður upp á helgarnámskeið, ætlað landsbyggðarfólki.

FRÉTTASKÝRING: Órói á fjármálamörkuðum heimsins

Markaðir fagna

Aðfaranótt föstudags tilkynntu fjármálaráðherra, seðlabankastjóri og yfirmaður fjármálaeftirlits Bandaríkjanna, þeir Henry Paulson, Ben Bernanke og Christopher Cox, stórtækar aðgerðir sem ætlað er að draga úr áhrifum fjármálakreppunnar. Skortsölur hafa verið bannaðar, peningamarkaðssjóðir fá ríkistryggingu og ríkið kaupir „eitruð" skuldabréf.

Enn er allt á huldu um smáatriði og útfærslu aðgerðanna, en þau verða mótuð í samstarfi við Bandaríkjaþing nú um helgina. Til þessa hafa aðgerðir bandarískra stjórnvalda vegna fjármálakreppunnar fyrst og fremst einkennst af skammtímaaðgerðum á borð við þjóðnýtingu fasteignalánarisanna Fannie Mae og Freddie Mac eða tryggingarfélagsins AIG. Margir fréttaskýrendur hafa því fagnað því að stjórnvöld virðist nú í fyrsta skipti hafa sett fram víðtækar aðgerðir sem ætlað er að fyrirbyggja vanda og koma í framhaldi af umsvifamiklum gjaldeyrisskiptasamningi bandaríska seðlabankans við nokkra af helstu seðlabönkum heims.

Þríþættar aðgerðir

Í fyrsta lagi er sett bann við skortsölu hlutabréfa fjármálastofnana, ríkistryggingu á innistæðum í peningamarkaðssjóðum og stórfelldum kaupum ríkisins á „eitruðum" skuldvafningum úr eignasafni fjármálastofnana. Ekki er ljóst hversu miklu fé ríkið mun verja til þessara aðgerða, en Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði á blaðamannafundi í gær að upphæðin myndi hlaupa á „hundruðum milljarða Bandaríkjadala".

Bandarískir fjölmiðlar greina frá því að líklega verði stofnuð sérstök ríkisstofnun sem hefði 800 milljarða til umráða til þess að kaupa torseldustu skuldavafninga af fjármálastofnunum, og að auki yrði stofnaður 400 milljarða dollara sjóður sem tryggði innistæður peningamarkaðsreikninga með líkum hætti og innistæður á sparisjóðsbókum eru tryggðar af tryggingarsjóði sparifjáreigenda.

Brugðist við grafarlegu ástandi Markmið aðgerðanna er að róa fjármálamarkaði og draga úr örvæntingu sem hafði gert vart við sig í kjölfar hruns Lehman Brothers og AIG. Millibankamarkaðir höfðu þornað upp, þar sem fjármálastofnanir hættu að lána hver annarri af ótta við mótaðili yrði gjaldþrota áður en lánin fengjust endurgreidd. Þá stóðu margir peningamarkaðssjóðir mjög tæpt eftir að þeir urðu fyrir fjöldaúttektum. Þar sem peningamarkaðssjóðir kaupa skammtímaskuldabréf fyrirtækja, hefði hrun þeirra orðið til þess að markaðir fyrir skuldabréf fyrirtækja hefðu hrunið, og þar með hefðu hjól atvinnulífsins stöðvast.

Bandaríska dagblaðið Washington Post hefur eftir þingmönnum í gær að Paulson hafi lýst ástandinu sem grafalvarlegu og að það myndi hafa alvarlegar afleiðingar ef ekki væri gripið til róttækra aðgerða þegar í stað. Þótt hagfræðingar virðist á einu máli um að aðgerðirnar hafi afstýrt hruni fjármálakerfisins hefur verið bent á að allsendis óvíst sé að aðgerðirnar dugi til þess að binda endi á fjármálakreppuna.

Losa banka við „eitruð" verðbréf

Rót vandans eru gríðarlegar afskriftir fjármálastofnana, en ástæða þeirra er hrun bandaríska fasteignamarkaðarins og sú sprenging sem orðið hefur í vanskilum á öllum flokkum fasteignalána, en vanskilin eru ekki lengur bundin við svokölluð „undirmálslán". Nýjustu tölur sýna þó að ekkert lát er á aukningu vanskila á fasteignalánamarkaði, og því er útlit fyrir að afskriftir eigi enn eftir að aukast.

Fasteignalánum var pakkað saman með ýmsum hætti í flókna fjármálagjörninga. Þó markmiðið hafi verið að auka öryggi og virkni markaða varð afleiðingin allt önnur. Fjármálakreppan varð til þess að markaður fyrir þessa pappíra þornuðu upp, og stór hluti þeirra varð með öllu verðlaus, enda enginn markaður fyrir þau þar sem verð gæti myndast.

Talið er að stóru fjárfestingarbankarnir og stærstu bankar Bandaríkjanna eigi nærri 500 milljarða dala í slíkum óseljanlegum, og óverðleggjanlegum bréfum, og áætlað hefur verið að 2.500 milljarðar að auki séu bundnir í bréfum sem lítill sem enginn markaður er fyrir.

Stór hluti eiginfjár margra fjármálastofnana er því bundinn í þessum „eitruðu" verðbréfum sem hefur leitt til gríðarlegrar óvissu um raunverulega eiginfjárstöðu þeirra. Með því að kaupa stóran hluta þessara bréfa af fjármálastofnunum vonast ríkið til þess að auka tiltrú fjármálafyrirtækja á hvert öðru og skapa þeim ráðrúm til þess að takast á við afskriftir með skipulegum hætti.

Þannig gengur skortsala fyrir sig

Skortsala með hlutabréf margra félaga hefur verið bönnuð tímabundið bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum enda er talið að skortsalar hafi ýtt undir verðhrun á mörkuðum undanfarið.



Myndir: AP © GRAPHIC NEWS

BANDARÍKJAFORSETI UM AÐGERÐIRNAR

„Þær stundir hafa komið upp í bandarískri sögu að nauðsynlegt hefur verið að grípa til aðgerða. Sú stund er nú runnin upp," sagði George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, á blaðamannafundi fyrir utan Hvíta húsið í Washington í Bandaríkjunum í gær að loknum fundi með Henry Paulson, fjármálaráðherra landsins, Ben Bernanke seðlabankastjóra og fleirum.

Hann fór yfir umsvifamiklar aðgerðir ríkisins upp á síðkastið og lagði áherslu á að án þeirra hefði verið hætta á að hagkerfið lenti í miklum hremmingum með skelfilegum afleiðingum.

- jab

SEÐLABANKASTJÓRINN, FORSETINN OG FJÁRMÁLARÁÐHERRANN

KATTASÝNING
Í GARÐHEIMUM UM HELGINA!

laugardag
og sunnudag
frá 12.00
til 17.00

- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- Dýravörukynningar og tilboð
- Lukkupottur með veglegum vinningum

KYNNING Á ÚRVALS KATTAFÓÐRI FRÁ:
ROYAL CANIN · Hill's · Eukanuba

hollt & gott

Kynningar í heilsudeildinni laugardag frá 14:00 til 16:00

Skyr DRYKKUR

heilsudrykkurinn Amé frá Heilsu

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Rétt tegund kattafóðurs og gott sjampó gefur glansandi feld og minni flóka

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

HAGSÝNISRÁÐ GARÐHEIMA:

Settu niður fjölæra haustlauka, s.s. páskaliljur og krókusa og þú uppskerð litríkt vor aftur og aftur.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Baráttan við fjármálakreppuna:

Með öllum ráðum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það hefur verið merkilegt að fylgjast með atburðarásinni á fjármálamörkuðum heimsins undanfarnar vikur. Viðurkenndum hagfræðikenningum er miskunnarlaust vikið til hliðar og prinsipp, sem áttu að vera greypt í grjót, eru orðin að dufti. Seðlabankar heimsins dæla út fé, stórar fjármálastofnanir hafa verið þjóðnýttar vestan hafs og austan og í sumum tilfellum var samkeppnislögum nánast ýtt til hliðar. Markmiðið er að koma í veg fyrir, með öllum tiltækum ráðum, að fjármálakreppan verði algjörlega stjórnlaus.

Í gær var komið að nýjum kafla í þessum björgunaraðgerðum þegar fjármálaráðherra Bandaríkjanna, Henry Paulson, tilkynnti að bandaríska ríkið myndi yfirtaka hina vafasömu fasteignaskuldabréfavafninga sem hafa verið að sliga fjármálafyrirtæki landsins. Flest bendir til þess að stofnaður verði einhvers konar sjóður –- nokkurs konar rotþró – utan um þessar baneitruðu skuldir, sem enginn veit hversu mikil veð eru að baki.

Að sögn bandaríska ráðherrans er tilgangurinn að skapa tiltrú og traust á mörkuðum, losa stífluna í kerfinu og koma viðskiptum á milli fjármálastofnana aftur af stað.

Þetta er aðgerð af áður óþekktri stærð. Kostar hundruð milljarða dollara og er alfarið á ábyrgð bandarískra skattborgara, bæði þeirra sem nú lifa og komandi kynslóða.

Eins og gefur að skilja er þetta gjörningur sem vekur upp margar spurningar. Ráðamenn vestanhafs verjast hins vegar allri gagnrýni á þeim forsendum að þrátt fyrir gígantískan kostnaðinn sé þessi leið hagkvæmari fyrir landsmenn en ef fjármálakerfið færi á hliðina eins og raunveruleg hætta er á.

Í þessu samhengi er athyglisvert að velta fyrir sér viðbrögðum ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands við þeim vanda sem er uppi í íslensku hagkerfi. Á sama tíma og stjórnvöld og seðlabankar úti í heimi hika ekki við umfangsmikil inngrip virðist stefnan hér á landi að gera sem minnst. Vöxtum er haldið í hæstu hæðum og veikleika krónunnar er afneitað. Styrking gjaldeyrissjóðs Seðlabankans hefur gengið hægt og það hefur gert tilveru íslensku bankanna verulega erfiða að miklar efasemdir eru uppi um að Seðlabankinn geti raunverulega þjónað þeim sem lánveitandi til þrautavara. Og það sem verra er, hvort hann hafi raunverulegan vilja til þess.

Afleiðingarnar af aðgerðum bandarísku ríkisstjórnarinnar voru þær að markaðir úti um allan heim réttu verulega úr kútnum í gær. Enginn veit hins vegar hvort botninum er raunverulega náð. Áhrifin voru þó örugglega eins og til var ætlast; að slá á þá fullkomnu örvæntingu sem var í uppsiglingu og freista þess að koma í veg fyrir að jafnvel fjármálastofnanir sem eru við sæmilega heilsu yrðu fórnarlömb móðursýkinnar.

Fyrir nokkrum vikum sagði stjórnarþingmaður að umhverfi íslenskra fyrirtækja væri með þeim hætti að allur rekstur væri svo til verðlaus. Það er örugglega rétt hjá honum. Spurningin er bara hvort hann og aðrir ráðamenn landsins ætli að freista þess að gera eitthvað í málunum eða standa aðgerðalitlir á hliðarlínunni? Erlendir kollegar þeirra hafa að minnsta kosti sýnt að nú eru uppi aðstæður sem krefjast nýrrar nálgunar. Nú gildir að lágmarka skaðann hratt, ekki festa sig í leit að sökudólgum eða mistökum í fortíð. Undan því uppgjöri verður hvort sem er ekki komist.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ferðakostnaður

Ferðakostnaður borgarfulltrúa og embættismanna Reykjavíkurborgar frá 2005 til dagsins í dag var lagður fram á fundi borgarráðs á fimmtudag. Ferðakostnaður þriggja borgarfulltrúa er yfir tvær milljónir króna. Ferðakostnaður Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar á þessu tímabili er rúmar 2,2 milljónir og Gísli Marteinn Baldursson ferðaðist fyrir tæpar 2,6 milljónir en á toppnum trónir Dagur B. Eggertsson með tæpar 3,4 milljónir í ferðakostnað. Það er næstum því jafn mikið og seinni ferð Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og fylgdarliðs hennar á Ólympíuleikana í Peking kostaði.

Áfram með smjörið

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hleypti upp umræðunni um gjaldeyrismál í sjónvarpsviðtali þar sem hann sagði þá sem „veittust að“ krónunni vera lýðskrumara af verstu sort sem bæri að fyrirlíta og hafa skömm á. Var Davíð ekki þarna að beita þeirri aðferð sem hann rifjaði eitt sinn upp – með nokkru stolti – að hafa stundum gripið til í pólitíkinni, það er að drepa málum á dreif með hinni svokölluðu „smjörklípuaðferð“?

Öll spjót á Guðna

Öll spjót standa nú á Guðna Ágústssyni, formanni Framsóknarflokksins, eftir að nokkrir framámenn innan flokksins lýstu yfir að efna þyrfti til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB í síðasta lagi næsta vor. Guðni, sem hefur slegið í og úr gagnvart ESB, segir mikilvægt að ræða málið en minnir á að Framsóknarflokkurinn hafi ályktað að ekki sé hægt að fara út í aðildarviðræður meðan staða þjóðarbúskaparins sé veik. Það er rétt hjá Guðna. En það má líka benda á að sú ályktun var samþykkt í formannstíð Jóns Sigurðssonar sem hefur síðan kúvent í afstöðu sinni og leggur til að Ísland fari í aðildarviðræður tafarlaust. **bergsteinn@frettabladid.is**

Húslestur

UMRÆÐAN

Kristinn E. Hrafnsson skrifar um skipulagsmál

KRISTINN E. HRAFNSSON

Í grein sem ég skrifaði í Morgunblaðið um daginn og beindi til þeirra listamanna sem hafa tjáð sig um nýbyggingu LHÍ á Laugavegi, spurði ég hvað valdi því að þeir rýni ekki í verk arkitektanna og slái aðallega um sig með upphrópunum. Guðmundur Andri Thorsson skrifar af því tilefni grein í Fréttablaðið og eggjar mig til svars um nokkra hluti. Þrátt fyrir að greinin sé í raun útúrsnúningur og eitt stórt spurningarmerki getur hún leitt af sér ágætar hugleiðingar.

Guðmundur býr til orðskrípið „húsíska“ yfir tungumál arkitektúrsins, þ.e. ef menn vilja lesa sig í gegnum teikningar arkitektanna og reyna að skilja hugmyndir þeirra. Húsíska er óþörf, enda allajafna talað um lestur teikninga og þykir ekki flókið. Væri rétt að kalla bókmenntamál „bókísku“ og tónlestur „tónísku“ samkvæmt þessu? Húslestur er ágætt orð og skilji maður verkið er ekki þar með sagt að maður hafi gengið höfundi verksins á hönd, eins og Guðmundur gefur í skyn. Einhver skilningur á arkitektúr er betri en enginn þegar um hann er fjallað. Skoðanir eru annar kapítuli.

Ég sló því fram að skoða megi listaverk ýmist sem afmörkuð verk eða sem hluta af heild og í því máli fer Guðmundur á flug. Ég veit ekki hvernig hann skoðar listaverk, segjum verk eftir Kjarval, en hann getur að sjálfsögðu skoðað hvert og eitt þeirra sem afmarkað og þá ekki í samhengi við önnur verk hans eða annarra. Þá má velta fyrir sér litum, byggingu, hlutföllum og hugmynd í innra samhengi. Ef menn hins vegar geta þetta ekki og verða að skoða listasöguna alla og sérstaklega kaflana kringum Kjarval þá gera þeir það bara þannig. Ég get ekki séð neitt bogið við það, enda oft gert. Er til dæmis hægt að skilja bókmenntaverk án þess að lesa sig í gegnum marga hillumetra af „bókískum“ litteratúr á undan eða eftir? Það held ég hljóti að vera. Ég benti á þessar tvær leiðir til skilnings og segi síðan í greininni að samanburður á stærðum og hlutföllum í umhverfi LHÍ sé áhugaverðari í þessu samhengi. Hvers vegna er litið fram hjá því – er það innihaldsins vegna eða stílbragð Guðmundar? Með því framhjáhlaupi var hann kominn með hryggsúluna í þrætubókarlist sína og umræðan um arkitektúr gat farið að snúast um íslenskt mál!

Ég spurði í greininni hvers vegna listamenn rýndu ekki í verkið – hvort það væri af áhugaleysi eða leti. Mér er fullkomlega frjálst að spyrja svona, enda geri ég það án þess að fullyrða eitt eða neitt um lundarfar þeirra að öðru leyti. Líkast til var rangt af mér að spyrða Gunnar Harðarson saman við þann hóp, eins og Guðmundur bendir á, en ég tel líklegt að ég verði að setja Guðmund í þann flokk ef þetta heldur svona áfram. Ég er hins vegar ekki sammála grein Gunnars um málið og leyfist það vonandi. Ég krefst þess ekki að allir séu mér sammála enda væri það einkennileg umræða. Listir hafa aldrei verið mér einfalt mál og ég veit að það er ekki spurning um dugnað hvort menn skilja hlutina eða ekki. Ég hefði því fagnað grein Guðmundar ef í henni hefði verið eitthvað bitastæðara en skoðun Gunnars Harðarsonar og óþarfa útúrsnúningar á mínu máli.

Guðmundur segir mig raupa og skrifa í mótsögnum við sjálfan mig þegar kemur að götumyndinni og því sem ég kalla mósaík sögunnar. Það er auðvitað rangt ef mósaíklíkingin er skoðuð. Hver er í raun munurinn á því að kalla götu „mynd“ eða „mósaík“ þegar hún er hvorugt? Við notum báðir sömu hugtökin jöfnum höndum, en hann skilur þau ekki þegar ég nota þau. Götumyndin er samsett af kynslóðum sem höfðu sitt fram að setja og þar hefur margt misjafnt gengið á, svo sem vegna tilviljunar og ásetnings. Hvers vegna á að úthýsa samtímanum úr þeirri mynd veit ég ekki en ég er sammála því að ef hann á að falla inn í myndina á að fara varlega og af innsæi. En það er ekki endilega og alltaf best að einn hlutur sé samþættur öðrum og um það má vel ræða. Fagurfræðileg umræða af slíku tagi getur verið áhugaverð og gefandi en sleggjudómar ekki.

Ef niðurstaða Guðmundar er sú að LHÍ eigi að vera á Laugaveginum, en ekki í svona húsi og ekki á þessari lóð, þá ætlast ég líka til þess að hann segi mér hvers vegna. Ég gæti jafnvel tekið mark á þeim rökum.

Tímabært frumkvæði

UMRÆÐAN

Jón Sigurðsson skrifar um Evrópumál

JÓN SIGURÐSSON

Dag eftir dag berast nýjar fregnir sem staðfesta að forsendurnar eru horfnar undan íslensku krónunni og peningamálastjórninni. Það eru djúpir straumar sem þessu valda, auk uppnáms á erlendum mörkuðum. Ísland er orðið hluti af miklu stærri efnahags- og viðskiptaheild. Hagsmunir þjóðarinnar krefjast þess að þetta verði viðurkennt þegar í stað og stefna mótuð á raunhæfum grundvelli. Þetta er ekki „sök“ krónunnar eða Seðlabankans og illyrði um stjórnendur Seðlabankans dæma sig sjálf.

Þrír forystumenn Framsóknarflokksins hafa nú tekið öflugt frumkvæði í umræðunum um þessi mikilvægu mál. Með grein í Fréttablaðinu 18. sept. hafa þau Sæunn Stefánsdóttir, ritari Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson alþingismaður og Páll Magnússon bæjarritari sýnt fram á færa leið til almennrar sáttar um athafnir sem ekki mega bíða lengur.

Besta leiðin til að ná almennu samkomulagi og sátt um slíka stefnumótun er að viðhafa tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þá gengur þjóðin fyrst til atkvæða um að leggja fram aðildarumsókn og hefja samningaferli. Ef samningar nást eru þeir síðan lagðir fyrir þjóðina til staðfestingar eða synjunar.

Með þessu er opnuð leið til að fá fram vilja þjóðarinnar óháð flokkslínum og án frekari tafar. Með þessu er opnuð leið fyrir alla forystumenn þjóðarinnar til að sameinast um aðferð, enda þótt menn muni eftir sem áður berjast fyrir ólíkum sjónarmiðum í Evrópumálunum. Með þessu eru leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, til dæmis, losaðir úr erfiðri stöðu og forystu Samfylkingarinnar gefst færi á að standa við stóru orðin sín. Þessi leið er einnig í fullu samræmi við þá stefnu sem Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur boðað.

Ekki er eftir neinu að bíða í þessum málum lengur. Aðstaða Íslendinga fer versnandi og ekkert bendir til þess að það breytist á betri veg. Menn höfðu til skamms tíma metið það svo að við gætum tekið til hjá okkur og valið okkur síðan tíma í styrkleika til samninga við Evrópusambandið. Atburðarásir á þessu ári hafa alveg kollvarpað þessum hugmyndum. Hagsmunir þjóðarinnar krefjast þess að menn opni augun fyrir því að horfurnar hafa allar breyst á verri veg. Við verðum þegar í stað að taka á málunum.

Þess vegna er þetta frumkvæði tímabært og mikilvægt og nú er þess að vænta að almenningur og atvinnulífið ýti á eftir þessum tillögum forystumannanna þriggja.

Höfundur er fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Ekki bara matur!

KAFFIVÉL 800W
STÁL
2.995kr

BRAUÐRIST 750W
STÁL
1.990kr

SAMLOKUGRILL 750W
STÁL
2.490kr

VÖFFLUJÁRN 850W
HVÍTT
2.990kr

VÍNKÆLIR
25.900kr

HRÍSGRJÓNAPOTTUR 700W
HVÍTUR
3.495kr

RYKSUGA POKALAUS
2300W
9.900kr

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

187

KS FERSK LAMBALIFUR OG LAMBAHJÖRTU
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ

KS

30%
AFSLÁTTUR

KS FERSKT LAMBALÆRI
1009 KR./KG. MERKT VERÐ 1442 KR./KG.

2998

KS FERSKT LAMBAFILLET **2998 KR./KG.**

1398

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR./KG.

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

798

NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTAHAKK
798 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTAGÚLLAS
1498 KR./KG.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTASNITSEL
1498 KR./KG.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG.

30%
AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTAFILLET
2309 KR./KG.
MERKT VERÐ 3298 KR./KG.

1.FLOKKS NAUTAKJÖT

2598

UNGNAUTASTEIKUR INNFL./FRYSTIVARA
6 stk. 200g **2598 KR. PK.**

2998

UNGNAUTALUNDIR INNFL./FRYSTIVARA
2998 KR./KG.

398

TOPPUR SÍTRÓNU 6 flöskur.
500 ml. **398 KR.**

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
499 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNAGÚLLAS
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNAHAKK
530 KR./KG. MERKT VERÐ 884 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNASNITSEL
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRAPYLSA **419 KR./KG.**
BLÓÐMÖR **383 KR./KG.**

BÓNUS ÍS 2 LTR.
198 KR.
Súkkulaði & vanillu.

MYLLU KRYDDKAKA
440g **298 KR.**

BÓNUS BRAUÐ 1 KG
(26 SNEIÐAR) **129 KR.**

COKE & COKE LIGHT
1 LTR. 98 KR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

Hannaði legstein fyrir Rabba

Þjóðin fylgdist með hetjulegri baráttu tónlistarmannsins Rabba við MND-sjúkdóminn sem dró hann til dauða fyrir fjórum árum. Friðgerður Guðmundsdóttir, ekkja Rabba, stóð eins og klettur við hlið eiginmanns síns og fylgdi honum fram á síðasta dag.

Matur

Fylgir Fréttablaðinu á sunnudag

Matur og list
Verslun sælkerans
Hugleiðing um haustið
Austurrísk gúllassúpa
Uppskriftir að góðu kósíkvöldi
Leyndarmálið á bakvið góðan cappuccino
Matarpistill Nönnu Rögnvaldardóttur

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Mikill konseptmaður

Nafn Magnúsar Stephensen hefur komið upp í umræðum um hrun ferðaskrifstofunnar XL Leisure Group fyrr í mánuðinum, enda var Magnús aðstoðarforstjóri fyrirtækisins og einn þeirra fjárfesta sem keyptu félagið af Avion í október 2006. Magnús er maður vikunnar.

Magnús er fæddur 1972, og ólst upp á miklu menningar- og tónlistarheimili í Hafnarfirði. Faðir hans er djasspíanistinn og markaðsmaðurinn Ólafur Stephensen sem rak meðal annars auglýsingastofurnar Ósa og Gott fólk, og móðir hans er Klara Stephensen, forstöðumaður Eiða listastofnunar.

Vinir lýsa Magnúsi sem miklum „konseptmanni“. Hann er eldhugi með stórar hugmyndir. Hann er mikill sölumaður og á auðvelt með að setja saman og markaðssetja stórar hugmyndir. Hann á þrjú systkini; Stefán, Ólaf Björn og Ingibjörgu. Þau systkinin eru öll miklir heimsborgarar enda hafa þau búið um allan heim, í Evrópu, Afríku og Ameríku. Það er stutt á milli þeirra bræðra, og heimilið því oft gríðarlega fjörugt. Vini og fjölskyldu er farið að lengja eftir því að Magnús og sambýliskona hans Bergljót Þorsteinsdóttur gangi í hjónaband, en þau eiga saman þrjá drengi. Bergljót hefur verið stoð og stytta Magnúsar og haldið heimilinu gangandi síðustu ár, en fjölskyldan hefur búið í Garðabænum þó að Magnús hafi unnið í Englandi. Hann hefur þá þurft að fljúga út í byrjun vinnuvikunnar, en flogið heim aftur á föstudegi.

Magnús fékk BA-gráðu í hagfræði og alþjóðamálum frá University of Colorado í Boulder í Bandaríkjunum árið 1996. Meðan hann var í Bandaríkjunum lágu leiðir hans og Hannesar Hilmarssonar, sem þá var markaðsstjóri Icelandair í Bandaríkjunum, saman, en þeir Hannes hafa síðan verið viðskiptafélagar og miklir vinir. Magnús vann fyrst fyrir Hannes á skrifstofu Icelandair í Baltimore, en tók síðar við af Hannesi sem markaðsstjóri Icelandair í Bandaríkjunum.

Meðan hann starfaði fyrir Icelandair átti Magnús meðal annars heiðurinn af því að hleypa af stað tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, en fyrsta hátíðin var samstarfsverkefni Icelandair og hljómsveitarinnar Gus Gus. Stefán í Gus Gus er bróðir Magnúsar. Magnús lék líka lykilhlutverk í að hleypa af stað sælkerahátíðinni Icelandic Food and Fun.

Í febrúar 2004 fór Magnús ásamt Hannesi frá Icelandair til fyrirtækis Magnúsar Þorsteinssonar, Avion Group, þar sem hann var gerður að markaðsstjóra Atlanta. Á næstu árum óx ferðaþjónustuhluti Avion hratt, og Magnús var einn þeirra fjárfesta sem keyptu ferðaþjónustuhlutann, sem þá var endurskipulagður sem XL Leisure, í október 2006. Magnús starfaði sem aðstoðarforstjóri XL Leisure þar til fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta fyrr í mánuðinum. Magnús lýsti gjaldþrotinu sem „ömurlegri lífsreynslu“ sem hann óskaði engum að ganga í gegnum.

Magnús hefur haft ýmis önnur járn í eldinum, en hann á meðal annars hlut í Hótel Óðinsvéum og lítilli veitingahúsakeðju í Washington-borg í Bandaríkjunum. Magnús er mikill áhugamaður um góðan mat, frábær kokkur og finnst gaman að bjóða vinum í matarboð. Það bregst þá ekki að hann eldar allan matinn sjálfur, en það er enginn svikinn af matarboðum Magnúsar enda veitir hann vel og er mikill samkvæmismaður.

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

HAUSTA TEKUR

ASKUR

Fyrir krakkana

Nýjasti jakkinn var að koma í verslanir. Þetta er minni útgáfa af vinsæla Storm jakkanum úr fullorðins línunni. Jakkinn er vatnsfráhrindandi og andar vel. Hann er úr Polartec® Wind Pro® Highloft sem er fjórum sinnum vindþéttara en venjulegt flísefni. Sérmótað snið á olnbogum sem auðveldar allar hreyfingar. Tveir vasar og brjóstvasi.

VINDHELT

Verð:
13.200 kr.

66° NORÐUR

SLEIPNIR

Anorakkur og buxur

Verð:
Jakki: 18.500 kr.
Buxur: 16.300 kr.

Hlýr utanyfir-fatnaður

VALHÖLL

100% Merino ull

Verð 1-12 ára:
Peysa: 5.200 kr.
Buxur: 3.900 kr.

Hlýtt og notalegt

Kláðafrí ull

Verð 0-18 mán:
Peysa: 4.300 kr.
Buxur: 2.800 kr.

LA SPORTIVA

Gore-Tex®

Verð:
11.500 kr.

Fást í stærðum 29-36

Góður gripsóli með grjótvörn

Lifandi lík í pólitík

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um yfirnáttúrlegt langlífi framliðinna stjórnmálamanna; minnst á Toggu Kínatvífara og handknattleiksráðherra; Amatthiessen embættaveitinga- og flugvallasöluráðherra og B.B. dómsmálageneralissimo og raftækjaráðherra; einnig er talað um að yfirgefa Hótel Mömmu.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

SUNNUDAGUR, 14. SEPTEMBER.

Hugdjarfur maður í heimsókn

Helgin hefur öll farið í vinnu. Ég er eiginlega hættur að geta hugsað um annað en klára bókina mína.

Össur frændi minn og vinur leit við hjá mér í heimsókn. Hann er orðinn leiður á að bíða eftir því að ég reki smiðshöggið á verkið. Það sá ég af því að hann dró upp úr vasa sínum höfðinglega gjöf, krukku af sultutaui sem soðið er úr vestfirskum aðalbláberjum.

Hann var búinn að lofa að færa mér þessa gjöf þegar ég lyki við bókina en nú er hann sennilega orðinn úrkula vonar um að mér takist að ljúka verkinu.

Þótt það sé mjög í tísku núna að birta innihald trúnaðarsamtala í dagbókum ætla ég ekki að hafa eftir hér þær fréttir sem Össur færði mér úr starfi sínu í ríkisstjórn Íslands.

Mér þykir líka svo vænt um hann að ég sat á strák mínum og stríddi honum ekkert á samstarfinu við Árna Matthiessen. Það hlýtur að vera merkilegt að eyða hluta af vinnutíma sínum í að sitja til borðs með pólitísku líki sem segist vera sprelllifandi. En hvort tveggja er jú fremur regla en undantekning í Flokknum þar sem þeir sem liggja rotnandi í valnum eru allra manna brattastir og ganga í endurnýjun lífdaganna í Valhöll og búa í pólitískum grafhýsum.

Annars töluðum við mest um listir og ég vildi meina að handbolti væri íþrótt en ekki list. Ég spurði Össur hvort Alþingi ætlaði ekki að reka af sér slyðruorðið svo að sú nánasarlega „viðurkenning frá Alþingi“ sem Alþingi Íslendinga kallar „heiðurslaun“ listamanna (150 þús. á mán) haldi ekki lengur áfram að kalla á meira en 50% kjaraskerðingu frá venjulegum starfslaunum listamanna sem úthlutað er af býrókrötum og eru um 250 þús. á mán. Þetta þætti Alþingi athugavert ef það væru skákmeistarar sem ættu í hlut en ekki listamenn.

Össur sagði fátt og mátti af því ráða að hann taldi að Kínatvífarinn og handboltaunnandinn í menntamálaráðuneytinu hafi tæplega sálargáfur til að hugsa um mál heiðurslistamanna út frá lágmarks sanngirni, heilbrigðri skynsemi né heiðri Alþingis heldur eingöngu út frá sjálfri sér, því að hún hafi sagst óttast, ef hún leiðréttir skammarkjör heiðurslistamanna með hliðsjón af almennum starfslaunum, verði henni legið á hálsi að vilja hygla föður sínum, Gunnari Eyjólfssyni, stórleikara og vini mínum. Sem enginn grunar um að hafa nokkurn tímann reynt að koma nokkru tauti við dóttur sína.

Þetta mál snýst ekki um stórar fjárhæðir heldur virðingu og vökult auga Alþingis og þeirra sem Alþingi vill sýna heiður en ekki fyrirlitningu eða mismunun; jafnvel þótt menntamálaráðherrann sem situr í augnablikinu virðist hvorki kunna að skeyta um skömm né heiður. Einhvern tímann verður að taka fram fyrir hendurnar á þessari manneskju.

Þegar ég var líka farinn að spyrja um leiðtogahæfileika og stjórnfimi forsætisráðherrans tæmdi Össur kaffibollann í einum sopa og sagðist þurfa að fara að drífa sig.

Innst inni dáist ég að Össuri fyrir þá ræktarsemi að líta til mín með nokkuð jöfnu millibili og þurfa að hlusta á innblásnar vandlætingarræður, en vér hófsamir stjórnleysingjar erum á móti öllum ríkisstjórnum, ekki bara þeim sem pólitísk lík eins og A. Matthiessen embættaveitinga- og flugvallasöluráðherra eða B.B. kaldastríðsgeneralissimo og raftækjaráðherra og Togga Kínatvífari eiga sæti í.

MÁNUDAGUR, 15. SEPTEMBER.

Dúkkulísur og raftæki – ekki lögreglumenn

Jón Kaldal skrifar tímabæran leiðara í Fréttablaðið: Það er eitthvað verulega bogið við þá hugsun sem er að baki þróun löggæslumála í landinu. Hvaða hugmyndafræði er til dæmis að lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu eru færri nú en þeir voru árið 1990?

Hér höfum við haft dómsmálaráðherra sem lét búa til stórar löggudúkkulísur til að minna fólk á umferðarreglur og nú höfum við einn sem hefur áhuga á sérsveitum og greiningardeildum og rafmagnstækjum – sem eiga að vernda yfirvöld fyrir ólýðræðislegum öflum – en engan áhuga á almennu lögreglunni – sem á að vernda almenning fyrir lögbrotum.

Til að mynda eru innbrot í íbúðarhús á höfuðborgarsvæðinu orðin svo algeng að nánast er um faraldur að ræða. Ég efast hvorki um góðan vilja né metnað hins nýja lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og hans nánustu meðstjórnenda um að bæta löggæsluna – en til þess þarf dómsmálaráðherra sem lítur á sig sem þjón almennings en ekki sem generalissimó í óstofnuðum her.

ÞRIÐJUDAGUR, 16. SEPTEMBER.

Uppstokkun á fjölmiðlum og í Fischersundi 3

Fréttastofur RÚV voru sameinaðar í dag. Þorgerður Kínatvífari og ríkisútvarpsalmannahlutafélagsmálaráðherra „segir það vera greinilegt að stjórnendur RÚV séu búnir að velta þessu mjög mikið fyrir sér, enda sé útvarpsstjóri með mjög mikla reynslu af sjónvarps- og útvarpsrekstri.“

Fréttastofur visir.is, Bylgjunnar og Stöðvar 2 voru sömuleiðis sameinaðar í dag án þess að Þorgerður Kínatvífari hefði orð um það að segja.

Hérna á heimilinu varð einnig mikil uppstokkun. Hrafn yngri sonurinn heima í Fischersundi 3 hleypti heimdraganum og flutti út af Hótel Mömmu sem mér þykir djarfmannlega gert í kreppunni. Krummi og Atli vinnufélagi hans leigja sér saman íbúð við Snorrabraut og ætla að vinna með skólanámi í vetur.

Það eru auðvitað blendnar tilfinningar sem fylgja því að sjá á eftir börnum sínum flytja að heiman en Krummi er öflugur strákur og þegar hann verður búinn að finna út hvað hann vill fá út úr lífinu og setja sér markmið halda honum engin bönd.

MIÐVIKUDAGUR, 17. SEPTEMBER.

Skrilljónamæringum fjölgar um 100% fyrir norðan

DV hefur sagt frá því að Abramovitsj, eigandi knattspyrnuliðsins Chelsea, hafi hug á lóð og glæsivillu við rætur Vaðlaheiðar í Eyjafirði „og hyggist hann falast eftir miklu plássi undir höll sína. Stöð 2 hafði samband við eiganda lóðanna en hann sagðist ekkert geta tjáð sig um málið. Og var því reyndar mjög mótfallinn að fjallað yrði um það.“

Ég fyrir mína parta sé ekkert athugavert við að Rússi flytjist til Íslands og reyni að hafa það gott frekar en Íslendingar hafa flust til Rússlands og efnast vel. Gaman væri líka að Róman fengi áhuga á knattspyrnumálum á Akureyri, til dæmis með því að bjóða Þórsurum að fá Hiddink fyrir þjálfara og Jóhannes í Bónus gæti þá útvegað KA Scolari eftir næstu leiktíð.

Það hlýtur líka að hafa verið rosalega einmanalegt fyrir Jóhannes í Bónus að vera eini skrilljónamæringurinn á svæðinu og gaman að fá í nágrennið öflugan kollega.

FIMMTUDAGUR, 18. SEPTEMBER.

Fögnuður og fréttafyrirsagnir

Í morgun hófst hér í Fischersundi fimm ára afmælisfögnuður sem stendur þar til á sunnudag. Hápunkturinn verður þó mikil afmælisveisla fyrir skólasysturnar sem litla Sól á í Leikskólanum Njálsborg, en þar verða meðal veislurétta svonefndar afapitsur sem hafa gert stormandi lukku í hverju barnaafmælinu á fætur öðru undanfarin ár og áratugi.

Af því að þær fréttir sem berast mér af fólki utan fjölskyldunnar les ég mest á fréttavefjum á netinu langar mig til að koma með smáathugasemd.

Sumar fréttafyrirsagnir á netsíðum verða ótrúlega langlífar og hanga uppi dögum og jafnvel vikum saman. Á visir.is eru tvær viðbjóðslegar fyrirsagnir sem eru þarna uppi dag eftir dag og hljóða svo: „Keyptu fimm ára telpu til að hópnauðga“ og hin fyrirsögnin er „Hafði mök við hund að barni viðstöddu“.

Ekki efast ég um að góðar heimildir séu fyrir þessum ljótu fréttum, en það þarf mikið sinnuleysi og mikla tilfinningadeyfð til að hafa svona fyrirsagnir uppi dag eftir dag.

Vertu öflugri – lengra nám

Opni Háskólinn í HR

Fjármál stjórnandans

„Lykilatriði árangursríks reksturs“

Námskeiðið hefst **29. september** 2008 í Reykjavík en **2.oktober** á Egilsstöðum

Stjórnendur framtíðarinnar

„Markviss stjórnendaþjálfun skilar árangri“ Hefst **9.oktober.**

Nánari upplýsingar stjornmennt@opnihaskolinn.is S:599-6200

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

opnihaskolinn.is

SUMT SMÁTT ER TÖFRUM LÍKAST

Frumsýnum í dag FIAT 500
bíl ársins í Evrópu 2008

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

199
~~479~~

599
~~1.149~~

Slönguhengi
Blome, tekur 25 m af 1/2" slöngu
5081500

Úðarabyssa
Claber
5081620

22.999
~~29.955~~

Hleðslusett
Power Workshop, 18V, margir möguleikar, borvél, standborvél, hjólsög, borðsög, stingsög, tifsög, ljós o.fl.
5245016

55% AFSLÁTTUR

6.999
~~15.595~~

Toppa- og lyklasett
Cosmos, 58 stk, málm taska
5052475

12% AFSLÁTTUR AF HYDROPOOL **POTTUM**

Rafkynntir nuddpottar
með framúrskarandi hreinsikerfi

5.999
~~7.999~~

14.999
~~21.298~~

Rafmagnsorf
Gardena, 420W, 25 sm sláttubreidd
5087514

Tvígengisorf
Texas, 32CC, 40 sm sláttubreidd
5085599

70% AFSLÁTTUR **AF VÖLDUM** BÚSÁHÖLDUM

Takmarkað magn
ekki sama úrval í öllum búðum

70% AFSLÁTTUR **AF VÖLDUM** LJÓSUM

STÓRLÆKKAÐ VERÐ **Á ÖLLUM SKJÓLVEGGJUM**

3.900

Skjólveggur
Skandik, 180 X 110/90 SM
603175

Góð tilboð í timbursölum Húsasmiðjunnar um land allt

Á meðan birgðir endast

50% AFSLÁTTUR **AF ÖLLUM** ÚTILEGUBÚNAÐI

Gildir 17. - 30. september eða á meðan birgðir endast

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

Haust-markaður

Rýmum fyrir nýjum vörum

Mesta úrvalið í:
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Reykjanesbæ, Egilsstöðum og Akureyri

Á meðan birgðir endast

50% AFSLÁTTUR **AF ÖLLUM** SUMAR-HÚSGÖGNUM

999

Hjólahjálmar
Fullorðins og barna
5872037-67

17.999
~~27.639~~

Borhamar
Worx, SDS WU330.2, 710W, 2,7 Joule, borar og meitlar, venjuleg patróna fylgir, taska
5244827

viðgerðarsett
7171126

2.999
~~3.995~~

Lekur hjá þér?

Vatnsþétt skyndiviðgerðarefni

Til nota á:
Þök, rennur, rennustein, rör, strompa, þakglugga ofl.

Loðir við:
Þakefni, filt, skífur, bárujárn, tjöru, malbik, hart PVC, pólýester, sink, ál, gler, flísar ofl.

- -Til notkunar í hvaða veðri sem er
- -Sprungulokun (2mm hámark)
- -Mjög sveigjanlegur
- -Þekur: 1,5 l/m²
- -Styrkt með þráðum
- -Hægt að bera á blautt yfirborð

10 ltr

3.999
~~8.995~~

Inni- og útimálning
719963-7/7207040-6

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Stóri bróðir vakir yfir þér

Tengslanetið Facebook er orðið fastur hluti af tilveru margra. Þrátt fyrir að hafa marga kosti á Facebook sér þó einnig skuggahliðar sem ber að varast. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við **Hjört Smárason** ráðgjafa, sem nýverið hélt námskeið um hvernig eigi að vernda orðspor sitt á netinu.

FACEBOOK-SÍÐA Tengslanetið Facebook byrjaði árið 2004 sem hugarfóstur Harvard-nema að nafni Mark Zuckerberg. Í dag eru Facebook-meðlimir yfir 200 milljónir.

Tengslanetið Facebook hefur farið eins og eldur í sinu um heimsbyggðina og svo virðist sem allir á milli tvítugs og sextugs séu á Facebook. Samræður margra Íslendinga eru farnar að einkennast af setningunni „Ég sá það á Facebook“, enda nota um þessar mundir 57.780 Íslendingar síðuna. Facebook byrjaði árið 2004 sem hugarfóstur nema að nafni Mark Zuckerberg og var fyrst vefsíða á innranetinu í Harvard-háskólanum. Í dag er leitarvélin á Facebook í þrettánda sæti í heiminum yfir þær mest notuðu og Facebook-meðlimir eru yfir 200 milljónir. Facebook er umfram allt skemmtun fyrir fólk á öllum aldri ásamt því að vera öflugt tengslanet. Síðan hefur þó einnig sínar skuggahliðar því erlendis hefur færst í aukana að fólk missi vinnu, slíti samböndum eða lendi í einelti eða kynferðislegri áreitni vegna hennar.

„Í dag hafa tímarnir breyst svo mikið að í stað þess að fólk vinni hjá einu fyrirtæki næstum alla ævi eru mannabreytingar tíðar. Það gerir það einkar mikilvægt fyrir einstaklinga að byggja upp gott orðspor og vera með sterkan persónulegan prófíl á internetinu sem styður það,“ útskýrir Hjörtur Smárason, en hann rekur fyrirtækið Scope Communications sem sérhæfir sig í mörkun (e. „branding“) fyrirtækja og einstaklinga á veraldarnetinu. „Ýmsir hafa lent í vandræðum, sérstaklega ungt fólk sem hefur verið að sprella eitthvað á netinu og ætlar svo að finna sér virðulega vinnu. Þá er fólk oftast „gúglað“ til að kanna bakgrunn þess en þá kemur stundum eitthvað í ljós sem hæfir alls ekki því starfi sem það er að sækja um, til dæmis fyllirísmyndir eða eitthvað annað sem getur þótt óviðeigandi. Þetta hefur verið mikið i umræðunni erlendis.

Ég get nefnt sem dæmi strák sem var lærlingur í banka í New York-ríki í október í fyrra. Hann sendi yfirmanni sínum tölvupóst þar sem hann sagðist þurfa að skreppa til New York vegna neyðartilfellis í fjölskyldunni og að hann bæðist afsökunar á því hvað hann léti vita seint. Yfirmaðurinn sendi honum tölvupóst um hæl og svaraði: „Þakka þér kærlega fyrir að láta okkur vita, ég vona að allt gangi vel í New York, kær kveðja. P.S. Flottur galdrastafur sem þú ert með.“ Í viðhengi sem fylgdi svarinu var mynd af umræddum starfsmanni sem tekin var af Facebook þar sem hann var í villtu hrekkjavökuteiti kvöldið áður íklæddur álfadísarbúningi sem augljóslega sýndi að hann var ekki að segja satt um neyðartilfellið. Þessi starfsmaður þurfti ekki að hafa fyrir því að mæta aftur í vinnuna.

Annað dæmi er lögreglumaður í Bretlandi sem átti að fá stöðuhækkun en þá var bakgrunnur hans kannaður og þá kom í ljós að hann hafði fengið áminningu á Facebook. Þegar ástæða þessarar áminningar var athuguð nánar kom í ljós að hann hafði birt ljósmyndir af sjálfum sér í vafasömum athöfnum á hommabar klæddur lögreglubúningi. Ég hef enn ekki heyrt um neinn sem hefur misst vinnuna sína hér á landi út af einhverju sem er á internetinu nema í Lúkasarmálinu síðastliðið sumar, en ég veit að stjórnendum stendur oft ekki á sama um hvað starfsmenn þeirra eru að gera á Facebook og ég veit til þess að umsækjendur hafi verið útilokaðir vegna niðurstaðna á Google.“

Hjörtur segir að vert sé að hafa það í huga að ef maður birti neikvæð ummæli eða fúkyrði á bloggi sé það einmitt það sem oftast vilji víðast fara og þar af leiðandi birtast í efstu niðurstöðum Google-leitarinnar. „Slíkur netprófíll er mjög neikvæður. Sem dæmi getur bloggari skrifað póst um að þú sért fífl og slík saga getur farið áfram og komist mjög langt og víða á netinu. Jafnvel þó að viðkomandi sjái að sér og fjarlægi það sem hann skrifaði eru ennþá ef til vill níu aðrar Google-leitarniðurstöður um sama mál þar sem sama sagan, ásamt nafninu þínu, dreifist áfram um netið. En það sem fólk veit ekki er að það getur haft áhrif á hvað kemur upp á fyrstu síðu í Google-leitinni. Það er heill iðnaður sem snýst í kringum aðferðir sem fyrirtæki nota til þess að ná árangri á leitarvélum. Slíkt er einnig hægt að gera sem einstaklingur, en þá er leitarorðið bara nafnið þitt. Þá þarf maður að gera sér grein fyrir því hvernig leitarvélar virka en þær velja síður sem eru með mikinn sýnileika á netinu og það skiptir máli hversu margir tenglar vísa inn á viðkomandi síðu. Þú getur til dæmis notað Facebook sem er sterk á netinu, og eins passað að ef þú skrifir athugasemd við blogg birtist nafnið þitt aftast sem tengill yfir á rétta síðu.“

Passa verður upp á persónulegar upplýsingar

Facebook er mikið notuð til að birta myndir og í raun ekkert nema jákvætt að segja um að birta til dæmis myndir af nýfæddu barni sínu fyrir Facebook-vini. Hins vegar getur hver sem er sett mynd af þér sjálfum/sjálfri inn á Facebook og sett „tag“ eða festingu á myndina sem þýðir að myndin birtist á þínum prófíl nema þú takir þetta „tag“ af. „Sjálfur set ég næstum engar myndir inn á Facebook, hvort sem það er af sjálfum mér eða öðrum,“ segir Hjörtur. „Þetta með myndirnar er nokkuð sem maður verður að vera mjög vakandi yfir. Margir eru ragir við að skrá sig á Facebook en ég mæli samt með því, vegna þess að hver sem er getur sett inn myndir og sett texta og myndir um þig hvort sem þú ert á Facebook eða ekki. Því er mikilvægt að þú farir sjálfur inn á netið og búir til prófíl ef þú vilt hafa einhverja stjórn á því sem þar er inni. Að láta öðrum þá stjórn í té er ekki gott. Ég mæli eindregið með því að fólk noti Facebook en geri sér samt grein fyrir hættunum sem því fylgja.“

Ég spyr Hjört hvort það sé ekki vafasamt að samþykkja fólk sem maður þekkir lítið sem ekki neitt sem vini. „Það verður hver að gera upp við sjálfan sig. Sumir samþykkja aðeins örfáa sem vini, aðrir samþykkja hvern sem er. Það fer eftir því hvaða markmið þú hefur með þínum prófíl. Maður verður líka að passa hve mikið af persónulegum upplýsingum maður setur inn, til dæmis myndi ég aldrei setja inn heimilisfang og fer varlega með ferðaupplýsingar. Það borgar sig ekki að bjóða innbrotsþjófum heim með því að tilkynna að enginn sé heima akkúrat þann dag. Eins ætti fólk að gera sér grein fyrir því að það sést hvað það aðhefst á Facebook og dæmi eru um yfirmenn sem virðast eyða öllum tíma sínum á Facebook beint fyrir augum undirmanna sinna.“

En hvað getur fólk gert ef eitthvað miður skemmtilegt kemur upp á Facebook, til dæmis ef óæskilegar myndir eða athugasemdir birtast? „Fólk getur mjög lítið gert. Ef þetta er slæm athugasemd er besta reglan að gera athugasemd við þá athugasemd og láta í ljós að þetta séu rangar upplýsingar. Svo er best að láta staðar numið eftir þessa athugasemd og fara ekki í neitt persónulegt skítkast eða leiðindi á netinu. Hvað varðar myndabirtingu er ekki hægt að henda út myndum hjá öðrum, heldur verður að biðja viðkomandi kurteislega um að henda þeim út. En ef einhver skrifar eða birtir eitthvað neikvætt um þig sem er satt, þá ertu í vondum málum. Fólk verður að gera sér grein fyrir að það kemst alls ekki upp með sömu hlutina og það komst upp með fyrir nokkrum árum. Þú verður bara að hegða þér vel, og geta staðið við allt sem þú segir eða gerir. Allt sem þú segir eða gerir mun verða notað gegn þér á Google!“

> Fólk verður að gera sér grein fyrir að það kemst alls ekki upp með sömu hlutina og það komst upp með fyrir nokkrum árum. Þú verður bara að hegða þér vel, og geta staðið við allt sem þú segir eða gerir. Allt sem þú segir eða gerir verður notað gegn þér á Google.

HJÖRTUR SMÁRASON RÁÐGJAFI HJÁ SCOPE COMMUNICATIONS „Ég mæli eindregið með því að fólk noti Facebook en geri sér samt grein fyrir hættunum sem því fylgja.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Míkróblogg er framtíðin

Þess eru mörg dæmi að fólk sem á erfitt með félagsleg tengsl eða mannleg samskipti blómstri á netinu. „Það er virkilega gaman að sjá þetta fólk verða að hetjum á blogginu. Netið getur gefið því fólki tækifæri sem kannski ræður ekki við bein samskipti.“ Hjörtur telur að ólíkt tölvuleikjum þar sem fólk festist í gerviveröld sé Facebook-heimurinn mun raunverulegri. „Það er alvöru fólk á bak við Facebook-vinina og síðan getur verið mjög öflugt tæki til að styrkja samskipti við fólk og efla tengslanet sitt. Facebook getur einnig virkað mjög vel fyrir fyrirtæki, viðburði og til kynningar á listamönnum. Það er gott að eiga slíkt tengslanet í bakhöndinni þegar maður þarf á því að halda, hvort sem það er í leit að nýrri vinnu eða öðru.“

Fólk sem er áberandi í fjölmiðlum getur verið ragara við að stofna Facebook-prófíl en aðrir. „Ég ráðlegg því samt einnig að stofna sína síðu og hafa meiri stjórn á upplýsingum og umræðum um sig á netinu. Facebook og MySpace eru líka einkar góð tæki fyrir listamenn til að koma sér og sinni list á framfæri. Hóparnir á Facebook eru fjölmargir, sem leiðir til þess að grasrótin verður gífurlega öflug. Þar eru hópar sem standa fyrir öllu á milli himins og jarðar, hvort sem það er að þeir þoli ekki nýja Facebook-útlitið, styðji Barack Obama

Framhald á síðu 23

Hvað er Facebook?

Facebook er tölvuforrit sem býður þér að skapa persónulegan „prófíl“ sem aðrir geta séð. Það eina sem þú þarft er netfang og þú getur sett inn eins mikið eða eins lítið um sjálfan þig og þú vilt, þar á meðal afmælisdag, hjúskaparstöðu, stjórnmálaskoðanir, menntun, uppáhaldsbækur og tónlist. Þegar þú hefur skapað eigin prófíl getur þú leitað að fólki sem þú þekkir og ef það er einnig á Facebook býður þú því að verða vinir þínir. Enginn getur skoðað síðuna þína án þess að vera vinur þinn, en þú getur einnig stjórnað stillingum þannig að bara sumir vinir þínir sjái allar upplýsingar. Þú getur sent vinum þínum póst á facebook, skrifað á „vegginn“ hjá þeim, keypt handa þeim „gjafir“ og „drykki“ í sýndarveruleika og hlaðið inn ljósmyndum og myndskeiðum. Einnig getur þú fylgst með hvað vinir þínir eru að gera á sinni síðu, þegar þeir eignast nýja vini, og svo framvegis. Einnig er hægt að nota Facebook til að tala við vini beint, líkt og í MSN-forritinu.

OFURFYRIRSÆTUR komu fram á sjónarsviðið á níunda áratugnum þegar tískuhönnuðir kepptust um að fá þekktar fyrirsætur til að sýna fyrir sig. Meðal þeirra frægustu eru Claudia Schiffer, Linda Evangelista, Cindy Crawford og Naomi Campbell. Nú ganga tískuhönnuðir frekar með grasið í skónum á eftir frægum leikkonum.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Smíða glugga, opnanleg fög o fl.
Afhendi á því stigi sem óskað er.
Hjalti **823-8458** **hjalli@talnet.is**
GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

;ALLT NÁM
Alla þriðjudaga

Rýmingarsala á hitaveituskeljum

Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík • Sími 554 7755
www.heitirpottar.is

„Það er sko leitun að bleikum bílum," segir Thelma Rós ánægð með Yarisinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vildi bara bleikan bíl

Að eiga sparneytið ökutæki í kreppunni er mikill ávinningur. Hagfræðineminn Thelma Rós Halldórsdóttir er með það á hreinu. Þó telur hún bleika litinn vera höfuðkostinn við Yarisinn sinn.

„Ég vildi fá mér sparneytinn bíl sem væri líka flottur á litinn og þar sem bleikur er uppáhaldslitur minn telst ég mjög heppin að finna þennan og ætla tvímælalaust að eiga hann áfram. Það er nefnilega leitun að bleikum bílum," segir Thelma Rós Halldórsdóttir, hagfræðinemi í Háskóla Íslands, og sýnir stolt nettan Toyota Yaris sem bleikum bjarma stafar af.

Hann er af árgerð 1999 og hún kveðst hafa hitt á hann haustið 2006, tiltölulega lítið ekinn. „Ég keypti hann af stelpu í Háskólanum. Hún var komin með kærasta sem líkaði ekki liturinn svo hún varð að selja." Bíllinn hefur gengið eins og klukka að sögn Thelmu Rósar. „Á tímabili sprakk bara ansi oft á honum," segir hún og kveðst orðinn alger sérfræðingur í dekkjaskiptum.

Reyndar segir Thelma Rós ekki alla sammála um litinn. „Yarisinn er frá Japan og í skráningarskírteininu stendur að hann sé brúnn svo þeir í Japan eru greinilega eitthvað litblindir. Systir mín er það líka því hún segir að hann sé gulllitaður þegar sólin skín á hann.

Ömmu sýnist hann silfurlitur og ein kona uppástendur að hann sé grænn. Þetta hreinlega skil ég ekki því bíllinn er bleikur."

Thelmu Rós finnst gaman að keyra og fagnar því að búa í Mosfellsbæ því það þýðir smá bíltúra eftir Vesturlandsveginum.

Svo kveðst hún hafa rúntað um Suðurlandið í sumar þar sem hún var að vinna á Skógum. Skyldi ekki hafa verið sóst eftir hinum bleika eðalvagni á samgöngusafnið?

„Nei," svarar hún hlæjandi. „Enda hefði ég ekki tímt að láta hann."

gun@frettabladid.is

gódgæti frá Jóa Fel
Múffur að hætti Jóa Fel
Gulrótar-, súkkulaði- og skógarberjamúffur

BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan

VERÐHRUN

Patti lagersala
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Opið í dag

Nýttu þér tilboð - Vellíðan - Gott útlit

Í gegnum árþúsundir hafa kínverjar þróað fullkomnar aðferðir til eflingar líkama og heilsu.

- Hugræn teygjuleikfimi
- Tai Chi
- Kung Fu - fyrir börn, unglinga og fullorðna
- Grenningarmeðferð
- Einkatímar og hóptímar
- Sérhæfð heilsumeðferð

Jafnvægi milli huga og líkama

30% afsláttur

Kínversk heilsulind

Dekur að kínverskum hætti Skeifan 3 ♦ Sími 553 8282 ♦ www.heilsudrekinn.is

BÍLAR

BIFHJÓLASAMTÖK LÝÐVELDISINS SNIGLARNIR eru hagsmunasamtök mótorhjólamanna og standa að auki fyrir öflugu félagslífi innan sinna raða. Sniglarnir halda úti heimasíðu, www.sniglar.is, þar sem finna má tengla á alls kyns vefsíður, myndasíður, vefverslun og fleira.

Allt á einum stað

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa? Í London.

Uppáhaldssjónvarpsefnið þitt og af hverju? 24. Jack Bauer kann þetta.

Draumahelgin þín í einni setningu? Konan, börnin og enginn sími.

Flíkin sem þig langar að vera jarðaður í? Götótt dökkblá Nikepeysa sem konan mín gaf mér árið 2000. Sem minnir mig á það að ég þarf að athuga hvort hún sé nokkuð búin að henda henni.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Að sópa fokheldar íbúðir með strákúst hjá Verkamannabústöðunum í Grafarvogi.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni? Heimili mitt.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og á hvað hlustarðu mest í dag? Breskt nýbylgjurokk frá 1993 til 1996. Held mest upp á Bretann Luke Haines í dag.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju? 1995, heim til ömmu og afa á Álagranda í súkkulaðiköku og enska boltann. Yndislegasta fólk sem hefur gengið á þessari jörðu. Þeirra er sárt saknað.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Nei, ég sef eins og ungbarn.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Horfi ekki til baka. Það er tímasóun.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Í gær.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Nei, ég hef öll spilin uppi á borðinu.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Saga West Ham er og verður alltaf meistaraverk í bókmenntasögunni.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Lullu minnar.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Fíflið sem fann upp MSN. Er á góðri leið með að eyðileggja venjuleg samskipti heillar kynslóðar sem er að skríða á unglingsaldurinn í dag.

Uppáhaldsorðið þitt? Skúbb.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?

Það væri frekja að fara fram á meira en ég hef í dag.

Má gera ráð fyrir aukningu á nýjum fréttavinklum og meiri áherslu á slúðri á Stöð 2 – Jón Ásgeir sést á almannafæri með hrukkur og menntamálaráðherra sjokkerar ómáluð á þingi? Ertu að segja að þetta tvennt hér að ofan séu ekki stórfréttir?

Hvað er næst á dagskrá? Að fara með fjögurra ára son minn á fótboltaæfingu.

MÆLISTIKAN

Á uppleið

Gull. Þegar allt er að fara til fjandans er gamla góða gullið það eina sem hægt er að treysta á.

Ekki málið að kaupa hlutabréf, fyrir þá sem eiga pening er betra að fjárfesta í gulli eins og Jóakim frændi gerði.

Áberandi hálsmen. Margvefðu löngu hálsmeni um hálsinn eða kauptu stórt og gróft hálsmen, langt eða stutt skiptir ekki máli.

Íslenskir sjónvarpsþættir. Bæði Dagvaktin og Svartir englar hefja göngu sína um helgina. Loksins er nóg að gerast í íslenskri þáttagerð.

Rótargrænmeti. Nú er hægt að gera góð kaup á íslensku rótargrænmeti, gulrætur og rófur ræktaðar hér á landi eru herramannsmatur. Hráar og soðnar, sem meðlæti með kjöti eða uppistaða í næringarríkri súpu.

Á niðurleið

Þemapartí. Einfaldleiki er lykilorð haustsins. Það á við partíhald sem annað. Málið er heldur ekki flókið, bara að kaupa saltstangir, vodka og spila góða tónlist. Ekki meir, eitís, næntís, sing star eða hvað þetta nú allt saman heitir.

Jakkar. Það er farið að kólna í veðri og því málið að leggja sumarjökkunum og taka fram kápuna. Eða dæla pening inn í atvinnulífið með kaupum á nýrri og smart kápu.

Stórtónleikar. Það seljast ekki miðar á stórtónleika um þessar mundir, og ekki virðist borga sig að standa í innflutningi á erlendum listamönnum, Soweto-kórinn er nýjasta dæmið um að landinn hyggst verja peningum í annað en tónleika um þessar mundir.

Krepputal. Það er komið nóg af krepputali og vonleysi enda segja fróðir menn og konur að botninum sé náð. Það þýðir að leiðin getur bara legið upp á við og um að gera að hætta að velta sér upp úr því neikvæða og gerast jákvæður og bjartsýnn.

Ertu að leita að bestu Vöxtunum?

16,80%

Allt að 16,80%* vextir á óbundnum sparnaðarreikningum hjá S24

S24 ...og þú hagnast

Stofnaðu reikning... www.s24.is

533 2424 – Sætún 1

*m.v. vaxtatöflu 21.4.2008, óverðtryggðir reikningar.

EINN, TVEIR, OG ÞRÍR 312.207

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir …

Háskóla Íslands. Japaninn Toshizo Watanabe færði háskólanum 280 milljónir að gjöf á fimmtudaginn en Watanebe deildi herbergi með Geir H. Haarde forsætisráðherra í heimavist á námsárunum í Bandaríkjunum. Við athöfnina í háskólanum gantaðist Geir með að hann hefði sofið hjá Watanebe á hverri nóttu í heilt ár. Ætli Watanabe hafi verið sætasti Japaninn á skólaböllunum hjá þeim félögum, eða eitthvað sem gerði sama gagn?

Íslenska sprengjulistamanninn. Þórarinn Ingi Jónsson, íslenski listneminn sem olli uppnámi með listaverki sínu í líki sprengju í miðbæ Toronto í Kanada á síðasta ári, hlaut níu mánaða skilorðsbundinn dóm þegar hann kom fyrir rétt á föstudag. Kanadíski dómarinn kallaði uppátækið „heimskulegt, meira að segja miðað við unga manneskju“. Þórarinn hlýtur að prísa sig sælan með að hafa valið Kanada sem námsland en ekki nágrannalandið Bandaríkin. Þar á bæ hika dómstólar nefnilega ekki við að senda heimskt, geðveikt og fjölfatlað fólk beinustu leið í rafmagnsstólinn.

Óla Palla í Popplandi. Skagastrákurinn Ólafur Páll Gunnarsson á Rás 2 villtist fyrir algjöra tilviljun inn í útvarpsmennsku á sínum tíma. Hann hefur væntanlega ekki búist við því þá að um fimmtán árum síðar ætti hann eftir að verða umsjónarmaður þáttar í hinu breska BBC, sem Óli Palli kallar sjálfur „Betlehem útvarpsmannsins“. Í þættinum mun hann kynna íslenska tónlist fyrir íbúum Liverpool í tilefni af norrænni listahátíð þar í borg. Spurningin er hvernig Selfyssingarnir í Skítamóral koma út í samanburði við Liverpool-búana í Bítlunum.

Slæm vika fyrir …

Skagamenn. ÍA féll niður í fyrstu deild eftir markalaust jafntefli gegn KR á Skipaskaga. KR-ingar voru líka ábyrgir fyrir að senda Skagamenn niður í aðra deild, eins og hún kallaðist þá, haustið 1990. Eitt er að falla niður um deild. Annað að falla fyrir hendi erkióvinarins, liðsins sem stuðningsmenn annarra félaga elska að hata, trekk í trekk. Tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, þjálfarar ÍA, eru væntanlega allt annað en sáttir þessa dagana. Kannski er málið að ráða þríbura í þjálfaradjobbið fyrir næsta ár.

Ólaf Ólafsson í Samskipum. Mörgum er enn í fersku minni þegar stjórnarformaður Samskipa flaug með Elton John til landsins í einkaþotu til að leika fyrir dansi í fimmtugsafmæli sínu í fyrra. Svo mörgum að Ólafur er orðinn að nokkurs konar táknmynd peningasukksins og óráðsíunnar sem reið húsum á hátindi góðærisins. Ólafs verður líklega helst minnst um ókomin ár fyrir aðdáun sína á manninum sem söng Crocodile Rock. Það getur ekki verið góð tilfinning.

Fréttastjóra. Steingrímur Sævarr Ólafsson og Elín Hirst, fréttastjórar Stöðvar 2 og sjónvarps, véku fyrir nýjum mönnum á fréttastofu-sameingardaginn mikla á þriðjudaginn. Athygli vakti að allur hamagangurinn skyldi eiga sér stað hjá báðum fyrirtækjunum sama daginn. Færustu tölfræðisérfræðingar hafa nú reiknað út að líkurnar á slíku séu einungis 1 á móti 365.

HORFT ÚT Í HEIM
Vigdís Þormóðsdóttir

Frændur okkar kunna þetta

Vonbrigði og sorg nístir stundum hjarta íslenskra sjónvarpsunnenda þegar þeir horfa á innlenda sjónvarpþætti. Íslenskt sjónvarpsefni er að mörgu leyti ágætt; það lítur sæmilega út og er ljóst að íslenskir tæknimenn eru ekki síðri en þeir sem starfa hjá stóru sjónvarpsþjóðunum. En það vantar samt alltof oft eitthvað upp á í íslensku sjóvarpsefni; það er erfitt að heillast af sömu hugmyndunum og sömu viðmælendunum endurunnum út í hið óendanlega. Stundum hvarflar að íslenskum áhorfendum að þjóðin sé einfaldlega of fámenn til þess að halda úti öllum þessum sjónvarpsstöðvum, sérlega ef þær geta ekki einu sinni séð sóma sinn í að framleiða spennandi innlent efni.

GLÆPURINN Dæmi um framúrskarandi vandaða þáttagerð frá DR.

En upphaf þessa pistils er ekkert annað en útúrdúr; hér er ekki meiningin að eyða plássi í að skammast yfir því sem betur mætti fara heldur að upphefja það sem er í alla staði vel heppnað. Frændur okkar Danir kunna nefnilega að framleiða sjónvarpsefni sem vert er að horfa á og þeir kunna að starfrækja sjónvarpsstöðvar sem gleðja áhorfendur.

Þessi leiðandi staða Dana á sviði sjónvarps endurspeglast í dönsku sjónvarpsáhorfsreynslunni; einkareknu dönsku sjónvarpsstöðvarnar hafa reyndar að mestu helgað sig því að bjóða upp á bandarískt afþreyingarefni og lítið gert af því að framleiða frumsamið efni. En ríkisrekni ljósvakamiðillinn Danmarks Radio, DR, stendur sig aftur á móti með stakri prýði hvað viðvíkur framboði á bæði erlendu og innlendu efni. DR heldur úti tveimur sjónvarpsstöðvum, DR1 og DR2, sem bjóða báðar upp á skemmtilega, fræðandi og vandaða blöndu af innlendu og erlendu efni. DR1 er hefðbundnari í efnistökum; hún býður áhorfendum sínum upp á fréttir, barnaefni, skemmtiefni og fræðslu og beinar útsendingar frá íþróttakappleikjum þegar þess er þörf. DR2 hefur aftur á móti sérhæft sig í fræðslu og skemmtun; sjónvarpsstöðin sú býður til að mynda upp á áhugaverð þemakvöld þar sem málefni er tekið fyrir og rannsakað frá mörgum sjónarhornum í röð innlendra og erlendra þátta og jafnvel kvikmynda. Nokkur atriði eru sérlega áhugaverð við þessar sjónvarpsstöðvar. Fyrst ber að geta þess að útlit stöðvanna beggja er til fyrirmyndar; skjágrafík er einföld en falleg og sama má segja um flestar leikmyndir. Í annan stað vekur athygli að DR, ólíkt hinu íslenska Sjónvarpi sem starfar á auglýsingamarkaði, leggur sig ekki fram við að hafa puttann á púlsinum hvað varðar nýjustu erlendu þáttaraðirnar og kvikmyndirnar. Erlent efni á stöðvunum er undantekningarlítið tíu ára gamalt, en greinilega engu að síður valið af natni. Síðast en ekki síst þá er ljóst að DR ver fjármunum sínum að mestu í að þróa og skapa innlent sjónvarpsefni sem skarar fram úr því sem sést í nágrannalöndunum að gæðum. Sem skilar sér svo í ánægðum áhorfendum.



MYND/CC Dan Perry



MYND/CC Mike Dierken

MYND/CC-BY Redvers

					134 MP & BH	VAG	LÆRA / DULINN		RYK	STÆLL	RÓT / KVK NAFN					
					PLÖNTU-TEGUND											
					NÆRA / ILLGRESI				ÞÓ / REIÐMAÐUR					LUFSUR / HJÁSÓL	KRINGUM	
	TEGUND AF ÓLÍFUOLÍU	RÁS	SKRÁ	VÆTA				TÓNLISTAR-MAÐUR / SVIF			FJÖLDI / Í RÖÐ		1			
UNDIR-OKAR / SUBBI						RÆKILEGAR / ÉTUR ALLT						TÍÐ / ÓLMUR				
				ÞORPARA / LEIKUR						HAMINGJU-SAMUR / BÁRA					BLUNDA	
GROBBA		TOGVINDA / AFGANGUR					HERMA / KYRRÐ				HELLINGUR / ELDSNEYTI					
					ÓÐUR			ANGAN / MÁNUÐUR						MERGÐ / STUGGA VIÐ		
JARÐEFNI			3		NÆÐI / GLÁPA				SKYGGNI / KVÍSL				TITILL / HLJÓM			BRÍARÍ
KLAKI			KÆLA				STEIN-TEGUND / RAFTUR		2			ÓGÆTINN / DRYKKUR				
STRITA						MÁLM-ÞRÁÐUR / GYÐJA				FORMÓÐIR / AF					FOR	
				UPPHRÓPUN				FYLLA					ÓVILD / ÚR HÓFI			
											HINDRUN					
				EINKAR				NÆTUR-GÖLTRARI							4	

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

vodafone | Iceland Express | 1011 ...alltaf opið! | vörður

SPORT 2
enski boltinn

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Á MORGUN KL. 12:50 HD

CHELSEA MAN. UTD.

Í DAG

KL. 11:30	Sunderland – Middlesbrough	SPORT 2
KL. 13:45	Liverpool – Stoke	SPORT 2
KL. 13:55	West Ham – Newcastle	SPORT 3
KL. 13:55	Blackburn – Fulham	SPORT 4
KL. 16:15	Bolton – Arsenal	SPORT 2
KL. 18:30	4 4 2 með Guðna Bergs	SPORT 2

Á MORGUN

KL. 10:45	WBA – Aston Villa	SPORT 2
KL. 12:50	Chelsea – Man. Utd.	SPORT 2 HD
KL. 13:55	Tottenham – Wigan	SPORT 3
KL. 13:55	Man. City – Portsmouth	SPORT 4
KL. 13:55	Hull City – Everton	SPORT 5

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Fegurðin kemur líka utan frá

mazda

Horfðu á hann. Þú sérð hvað í honum býr. Komdu í Brimborg í dag og kannaðu hvað í þér býr: reynsluaktu Mazda6.

Miklu betra verð í dag.
Talaðu við söluráðgjafa Mazda í dag og eignastu Mazda.

Opið í dag

komdu – gott að kaupa í dag
400.000 króna meiri afsláttur

Mazda6 Advance *4 dyra*
2,0i 147 hö 184 Nm 5 þrepa sjálfskiptur
Gott verð 3.490.000 kr.
Meiri afsláttur 400.000 kr.
Miklu betra verð 3.090.000 kr.*
Aðeins 7 bílar á þessu tilboði

Mazda RX-8 *4 dyra*
1,3i 231 hö 211 Nm 6 gíra
Gott verð 4.490.000 kr.
Uppseldur!

Mazda MX-5 *Hardtop 2 dyra*
2,0i 160 hö 188 Nm 5 gíra
Gott verð 3.990.000 kr.
Meiri afsláttur 750.000 kr.
Miklu betra verð 3.240.000 kr.*
Aðeins 1 bíll á þessu tilboði

Opið í dag frá kl. 12 til 16

komdu – gott að kaupa í dag

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Mazda er sport. Vertu Mazda.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazda.is

* Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Miklu betra verð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu.

Meiri afsláttur frá annars góðu verði

Mazda2 Advance *5 dyra*
1,3i 86 hö 122 Nm 5 gíra
Gott verð 2.190.000 kr.
Meiri afsláttur 250.000 kr.
Miklu betra verð 1.940.000 kr.*
Aðeins 5 bílar á þessu tilboði

Mazda3 Advance Plus *5 dyra*
1,6i 105 hö 145 Nm sjálfskiptur
Gott verð 2.890.000 kr.
Meiri afsláttur 300.000 kr.
Miklu betra verð 2.590.000 kr.*
Aðeins 5 bílar á þessu tilboði

Mazda5 Advance *7manna*
2,0i 146 hö 185 Nm 5 þrepa sjálfskiptur
Gott verð 3.130.000 kr.
Meiri afsláttur 200.000 kr.
Miklu betra verð 2.930.000 kr.*
Aðeins 1 bíll á þessu tilboði

Mazda6 Advance *Station*
2,0i 147 hö 184 Nm 5 þrepa sjálfskiptur
Gott verð 3.640.000 kr.
Meiri afsláttur 400.000 kr.
Miklu betra verð 3.240.000 kr.*
Aðeins 7 bílar á þessu tilboði

Talaðu við söluráðgjafa Mazda og kannaðu hvað þeir gera fyrir þig.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar J. Egilsson
Vogatungu 103, Kópavogi,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 14. september, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 22. september kl. 13.00.

Ásgerður Ólafsdóttir

Ásdís Einarsdóttir
Þórunn Einarsdóttir — **Erling J. Sigurðsson**
Sigurður Egill Einarsson — **Elva Stefánsdóttir**
Birgir Einarsson — **Fanney Sigurðardóttir**
Egill Einarsson — **Berglind Tulinius**
afabörn og langafabörn.

LEIKKONAN SOPHIA LOREN ER 74 ÁRA

„Kynlíf er eins og andlitsþvottur – eitthvað sem maður gerir því maður getur ekki annað. Kynlíf án ástar er fullkomlega út í hött. Það er eðlilegur fylgifiskur ástar, en fer aldrei á undan.“

Ítalska kvikmyndastjarnan Sophia Loren er talin með mestu kynbombum sögunnar, en hún hlaut heimsathygli fyrir fegurð og kynþokka á sjöunda áratugnum og stendur enn á stalli með goðsögnunum Marilyn Monroe og Brigitte Bardot.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 20. SEPTEMBER 1979

Flóttamenn til Íslands

Víetnamskir flóttamenn, 34 talsins, komu til Íslands til að setjast hér að fyrir 29 árum. Fólkið kom hingað frá Malasíu þar sem 8.500 víetnömskum flóttamönnum hafði verið komið fyrir í flóttamannabúðum. Í hópnum voru fjórir einstæðingar, systkinahópur og fjórar barnmargar fjölskyldur.

Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hafði áður skorað á ríkisstjórnir Vestur-Evrópu að veita flóttafólki frá Víetnam hæli og ákvað ríkisstjórn Íslands að taka við allt að fjörutíu flóttamönnum. Rauði kross Íslands annaðist alla framkvæmd að komu flóttamannanna og fagnaði fólkinu með gjöfum

þegar það steig í fyrsta skipti fæti á nýja fósturjörð. Fólkið var fljótt að aðlagast íslenskum aðstæðum. Það hóf fljótlega íslenskunám við Námsflokka Reykjavíkur og hélt síðan út á vinnumarkaðinn, en það var einkar vel liðið á sínum vinnustöðum. Mörg austurlensk veitingahús í Reykjavík eru rekin af víetnömskum flóttamönnum.

†

Okkar ástkæra

Hrefna Sigurgísladóttir

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi 14. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Víðinesi og deild B-2 LSH Fossvogi fyrir frábæra umönnun og alúð.

Guðný Sigurgísladóttir — **Gísli J. Ástþórsson**
Ástþór Gíslason — **Erla Gunnarsdóttir**
Hrafnkell S. Gíslason — **Ragnheiður Gísladóttir**
Hólmfríður Gísladóttir — **Kristín Erla Boland**
og fjölskyldur.

†

Stjúpi minn,

Ásgeir Sigurðsson

lést sunnudaginn 7. september á hjúkrunar og dvalarheimilinu Grund. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigríður A. Jónsdóttir.

FERTUGUR Sigurjón Kjartansson er utan-af-landi-gæi og á auðvitað hund eins og sveita- er siður. Hér er hann með heimilishvolpinn Mola.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGURJÓN KJARTANSSON: FERTUGUR

Kjöraldri náð

„Mér finnst ekkert að því að verða fertugur. Það tala margir um að það sé erfitt, en ég þarf nákvæmlega ekkert að hafa fyrir því að eldast. Það gerist bara af sjálfu sér,“ segir afmælisbarn dagsins, Sigurjón Kjartansson, rithöfundur og skemmtikraftur, en bætir við: „Reyndar héldu allir að ég væri fertugur þegar ég var tvítugur þannig að ég er loks kominn á kjöraldur; þann sem allir halda að ég sé á.“

Sigurjón fæddist í Reykjavík en bjó fyrstu sjö árin í Reykholti þar sem faðir hans var kennari. „Þaðan er fyrsta afmælisminningin. Pulsupartí, sex kerti á köku og sól. Ég er svona utan-af-landi-gæi, fluttist sjö ára til Ísafjarðar og var þar sonur skólastjórans. Ég var nokkrum sinnum sendur á skrifstofuna til pabba sem reyndi lítið að gera mér lífið auðveldara, en annar póll var tekinn í hæðina að kvöldi,“ segir Sigurjón sem segist trúlega hafa verið eilítið spes krakki.

„Ég var mikill innipúki, enda alltaf fannfergi og andstyggilegt veður á Ísafirði. Í þá daga voru öll hús teppalögð og mér þótti notalegt að leika með bíla og kubba á teppinu. Á unglingsárunum var ég farinn að lifa fyrir þær fáu ferðir sem farnar voru suður, og sennilega var mitt mesta drykkjutímabil árið 1983 þegar ég var fimmtán ára, því þá var lítið annað að gera en að drekka ódýrt Anhauser-hvítvín og fara á einstaka sveitaball í félagsheimilinu. Á þessum árum kom upp hugarfarslegur mótþrói sem hægt er að tengja við pönk, en ég var mikið í tónlist með tveimur öðrum sem voru ásamt mér einu pönkararnir á Ísafirði,“ rifjar Sigurjón upp, en sautján ára fluttist hann í Kópavog með fjölskyldu sinni, þar sem hann stofnaði hljómsveitina Ham.

„Ég hef aldrei haldið stórt upp á afmælið en fagnaði hógvært þrítugsafmælinu yfir skírnartertu sonar míns. Afmælinu nú ætla ég að verja í sveit með fjölskyldunni, en geymi stórveislu og salarleigu þar til fimmtugsafmælið brestur á. Ég man hins vegar vel eftir fertugsafmæli föður míns. Ég hafði lengi verið með minnimáttarkennd yfir því hve pabbi var ungur og varð ánægður að geta sagt að pabbi væri fertugur,“ segir Sigurjón, sem er ánægðastur með rafmagnsgítar sem hann fékk á 35. afmælisdaginn.

„Það hefur aldrei verið vesen á mér að vita ekki hvert ég stefndi, eins og með marga jafnaldrana sem dingluðust í háskóla fram eftir aldri og urðu engu nær. Ég er kominn á stað sem ég ætlaði, bæði persónulega og metnaðarlega séð. Mér finnst gaman að skrifa og sé fullt af möguleikum þar svo lengi sem lifir. Sennilega er ég fyndinn til hálfs og alvarlegur líka, en ég hef engar áhyggjur af því að skipta þeim eiginleikum til helminga. Alvara lífsins inniheldur heilmikið grín og öllu gríni fylgir einhver alvara.“ thordis@frettabladid.is

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Rósa S. Aðalsteinsdóttir
frá Kristnesi í Eyjafjarðarsveit,

lést þriðjudaginn 16. september. Útför hennar fer fram frá Grundarkirkju nk. fimmtudag, 25. september, kl. 13.30. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á hjúkrunardeildinni Sel við FSA fyrir alúð og umönnun.

Brynjólfur Ingvarsson
Ingvar Guðni Brynjólfsson
Jón Aðalsteinn Brynjólfsson — **Arnheiður Kristín Geirsdóttir**
Davíð Brynjólfsson
Brynjólfur Brynjólfsson — **Sigríður Hulda Arnardóttir**
Hjálmar Stefán Brynjólfsson — **Jóna Hlíf Halldórsdóttir**
og barnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Jónu Jónsdóttur
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Höfða fyrir góða umönnun.

Börn, tengdabörn og ömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Arnfríður Róbertsdóttir
Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri,
áður til heimilis að Furulundi 1c,

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð 17. september. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 26. september kl. 13.30.

Herborg Káradóttir — **Geir Örn Ingimarsson**
Pálmi Kárason
Stefán Kárason — **Margrét Haddsdóttir**
Steindór Kárason — **Jóna Þórðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar og tengdasonur,

JUNYA NAKANO
Arnarfelli, Mosfellsbæ,

sem lést af slysförum 16. september, verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 23. september kl. 13.

Eyþór Eyjólfsson
Satoshi Nakano — **Yoshiko Nakano**
Eyjólfur G. Jónsson — **Inga Jóna Sigurðardóttir**

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýkug vegna andláts og útfarar

Sverris Haraldssonar
læknis, Selbrekku 6, Kópavogi.

Hjördís Rósa Daníelsdóttir
Ásgeir Sverrisson — **Helga Sigurðardóttir**
Svandís Sverrisdóttir — **Kristján Gíslason**
Hasse Svedberg — **Annika Svedberg**
Kristín Sverrisdóttir — **Jón Magnús Jónsson**
Arnbjörg Sverrisdóttir — **Robin Svendsen**
Jóhann Sverrisson
og barnabörn.

Legsteinar
í **miklu** úrvali

REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Ástkær móðir okkar,

Sigríður Ingibjörg Eyjólfsdóttir
frá Borgarfirði eystra,

lést á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum aðfaranótt 17. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Börnin.

Eftir Gísla Rúnar og Ladda

Sviðssetning: Björn G. Björnsson Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser

LADDI OG FÉLAGAR KVEÐJA FYRIR FULLT OG ALLT

Eftir 110 uppseldar sýningar
og 60.000 gesti er komið að leiðarlokum.

Vegna fjölda áskorana
aðeins þrjár sýningar í viðbót:

Föstudaginn 7. nóvember kl. 20:00
Föstudaginn 7. nóvember kl. 23:00
Fimmtudaginn 13. nóvember kl. 20:00

SÉRSTAKIR GESTIR
Steinn Ármann
Halli
Eggert Þorleifs

Miðasala er hafin á miði.is.
Fyrstir koma fyrstir fá!

ALLRA ŞÍÐUSTU SÝNINGAR

Borgarleikhúsið | MAARUD | Miðasala á midi.is og í Borgarleikhúsinu | bravó! Góðar stundir

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

STEINA
á Sjónþingi Gerðubergs
sunnudaginn 21. sept. kl. 13:30-16:00

Að Sjónþingi loknu kl. 16 verður
opnuð yfirlitssýning á verkum Steinu

Stjórnandi og sýningarstjóri:
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir
Spyrlar:
Halldór B. Runólfsson og Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is

Kringlu kráin
Skagfirsk sveifla með
Geirmundi Valtýssyni
í kvöld
Tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Skilaboðaskjóðan
e. Þorvald Þorsteinsson
lau. 20/09 kl. 14 örfá sæti laus
Ævintýri fyrir alla fjölskylduna aftur á svið!

Ástin er diskó, lífið er pönk
e. Hallgrím Helgason
fös. 19/09, lau. 20/09
Ekki missa af svaðalegum söngleik

Klókur ertu Einar Áskell
e. Bernd Ogrodnik
sun. 21/09 kl. 11 & 12.30 uppselt,
aukasýning kl. 15

Leikhúsperlur
Afmælisdagskrá Atla Heimis Sveinssonar
Stóra sviðið sun. 21/09 kl. 16
örfá sæti laus

Má bjóða
þér forskot?
Fimm sýningar á
5.000 kr.
Nánar á www.leikhusid.is

Gefum góðar stundir
Minnum á gjafakort Þjóðleikhússins

512 50 50
Auglýsingasími
Mest lesið

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Köflóttar skyrtur í tugum talið

Ég hef lengi haft þvottadrenginn grunaðan um að eiga meira af fötum en ég. Ég byggi þessar grunsemdir á því að hann er ekki í vandræðum með að láta líða langt á milli þvottadaga en virðist þó alltaf eiga hreint að fara í. Ég aftur á móti er fljótari gegnum hreina bunkann minn og lendi iðulega í vandræðum. Hann virðist til dæmis aldrei verða uppiskroppa með köflóttar skyrtur, en nokkuð er síðan hann gerði köflótta skyrtu að hálfgerðum einkennisbúningi. Í nokkur ár hefur hann sem sagt ekki mátt ganga fram hjá búð ef nokkrar líkur eru á að köflótt skyrta fáist þar inni. Stutterma eða langerma í öllum regnbogans litum hanga þær í röðum inni í skáp meðan skápurinn minn er orðin galtómur og taukarfan mín að springa. Hans taukarfa er reyndar líka að springa og óhreini þvotturinn hans gúlpast vel yfir hættumörk, sem styður grunsemdir mínar enn frekar um að hann lúri á stærri lager en ég. Við höfum stundum rætt þetta en hann gerir lítið úr þessu og blæs á fullyrðingar mínar um að skyrturnar skipti tugum. En þegar hann tekur þvottaskorpu í skyrtum og hengir þær upp um alla íbúð til þerris er eins og maður sé staddur á hlöðuballi í villta vestrinu. Hann tók svo áskorun minni að telja skyrturnar um daginn, bara til að fá úr þessu skorið í eitt skipti fyrir öll. Ég taldi með í hljóði svo talningin yrði gild og það hlakkaði í mér af spenningi. Þvottadrengurinn snarhætti þó að telja þegar hann var kominn upp í 23 köflóttar skyrtur. Hann sneri snúðugur upp á sig og sagðist ekkert mega vera að þessari vitleysu, hann þyrfti að setja í vél.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Gjörningaveður og vélabrögð

BÆKUR

Afdrif Hafskips í boði hins opinbera

eftir Stefán Gunnar Sveinsson

JPV útgáfa 2008

★★★★

Læsileg og spennandi upprifjun á viðskiptalegri og pólitískri aðför.

Í gær kom út bók um Hafskipsmálið eftir Stefán Gunnar Stefánsson sagnfræðing, Afdrif Hafskips í boði hins opinbera.

Tildrög hennar eru ekki falin: ritið er unnið fyrir reikning manna í forystu hóps sem ákærður var í kjölfar gjaldþrots Hafskipa 1985. Höfundurinn staðhæfir að hann hafi notið fulls sjálfstæðis við samninguna. En bókin er varnarrit, réttara væri að segja ákæruskjal, á hendur þeim sem stóðu fyrir aðförinni að Hafskipum þegar fyrirtækið var í rekstrarerfiðleikum 1985, áföllum vegna verkfalla opinberra starfsmanna, óróleika á gjaldeyrismörkuðum og vanda í Atlantshafsiglingum. Hafskip var rétt eins og mörg íslensk fyrirtæki á fyrri tíð stofnað af vanefnum í ákafri tilraun rekstraraðila til að rjúfa „duopoly“ SÍS og Eimskipafélagsins á flutningum til landsins. Það var þriðja aflið sem á endanum var hrakið af markaði.

Höfundurinn kýs að rekja málið allt frá upphafsárum Hafskipa með tilvísunum í samtímaheimildir sem tala sínu máli, stillir saman og túlkar á stundum svona rétt til áréttingar sem þarf sjaldnast: málsgögnin segja sína sögu – og hvílík saga.

Beðið með útgáfu

Nú er það opinbert leyndarmál að bókin hefur verið tilbúin um nokkurt skeið, lá á brettum í allt sumar. Útgáfa hennar nú kann einhvern að gruna að tengist þeim miklu sviptingum sem leika íslenskt fjármálalíf nú. Geta vænisjúkir áhugamenn lesið úr því sem þeim sýnist, en bókin stendur fyrir sínu.

Í tímaröð er málið rakið: aragrúi gagna liggur fyrir: bókhaldsgögn, greinar Halldórs Halldórssonar í Helgarpóstinum og umfjöllun annarra fjölmiðla, þingræður, gögn skiptaréttarins, skýrsla ríkissaksóknara, gögn rannsóknarlögreglu, fyrri ákæra ríkissaksóknara sem var vísað frá, síðari ákæra sérskipaðs saksóknara sem á endanum flúði frá málinu, gögn verjenda og úttektir Ragnars Kjartanssonar í fjórum skýrslum sem hann vann 1986-1988.

Nýja vitnisburði vantar

Höfundurinn hefur að auki bók Helga Magnússonar frá 1986 og rannsóknarritgerð Björns Jóns Bragasonar frá 2006, sem ekki er að fullu ljóst hvernig Stefán Gunnar hefur nýtt sér, og loks skýrslu Lárusar Jónssonar, fyrrverandi bankastjóra. Þá eru ónefndar skýrsla þingnefndar sem Jón Þorsteinsson stýrði og skýrsla unnin á vegum Útvegsbankans.

Þetta er gríðarlegt magn gagna.

Höfundur kýs að láta vera að leita uppi ýmsa þá menn í dag sem voru örlagavaldar í málinu og helstu heimildarmenn Halldórs Halldórssonar í greinaskrifum hans sem hleyptu aðförinni að Hafskipum af stað undir nafni svonefndrar rannsóknarblaðamennsku. Hann vísar einungis í yngri heimildir á prenti.

Hvað segja menn nú?

Það er í raun galli á verkinu að ekki hafi verið leitað til þeirra sem að þessu máli komu og þeir beðnir skýringa: hvað hefur forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar, nú um málið að segja, sitjandi á fyrrum skrifstofum Reykvískrar endurtryggingar sem voru efnisatriði í hinum ábúðarmikla málflutningi varaþingmannsins Ólafs Ragnars sem komst á þing í desember 1985 og átti þar sólóleik frammi fyrir alþjóð með langri ákæruræðu sinni á hendur Hafskipsmönnum? Nú eða Jón Baldvin Hannibalsson í sínu skýra trúnaðarbroti á bankaleynd á þessum tíma? Hvað hafa þeir framagosar að segja um framferði sitt á þessum árum? Þeirra hlutur er einna svartastur í málinu hvernig sem þeir kjósa nú að skýra söguna, sem þeir því miður fá ekki í þessu riti.

Ekki fær höfundurinn heldur sakamennina, Björgólf, Pál Braga og alla hina til að tjá sig: enda tala gögnin sínu máli.

Sjálfstæðismenn takast á

Í harkalegri samkeppni um flutninga til landsins og frá, þar sem fyrir voru tvö eldri fyrirtæki, skipadeild Sambandsins og Eimskipafélagið, var með sameinuðu átaki vinstrisinnaðra blaðamanna og stjórnmálamanna, ráðist að fyrirtæki í erfiðleikum og með látum gengið frá því, eigendurnir rændir um hábjartan dag stórum hluta eigna sinna og áfram haldið: þeir sóttir að lögum og settir inn – sem var algerlega óþarft – með málatilbúnaði sem var klúður, enda reyndust sakarefnin lítil þegar sagan var öll.

Kostulegar sögur

Á öllu þessu ferli eru kyndugar hliðar: af hverju situr Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabankans, á fundi um sölu eigna með Eimskips- og Hafskipsmönnum 1985? Hvað er Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Moggans, að hafa í hótunum við hluthafa í Hafskipum þegar viðræður eru komnar í gang við skipadeild Sambandsins um sameiningu? Hverjir voru það í stjórn SÍS sem lögðust gegn sameiningu við Hafskip og af hverju?

Hvers vegna beitti borgarstjórinn í Reykjavík sér ekki til þess að halda úti stórum vinnustað í borginni á viðkvæmum tíma í atvinnumálum?

Skiptaráðandi í sviðsljósi

Hvers vegna eru skiptaráðendur, Gestur Jónsson, Ragnar Hall og Markús Sigurbjörnsson að tala digurbarkalega við fjölmiðla? Ragnar eins og hann sé einhver sérfræðingur í siglingum milli Evrópu og Ameríku? Ekki er hann heldur fallegur hlutur löggiltra endurskoðenda í framgangi málsins sem draga stikur sínar eins og þarfir hvers kúnna heimta. Og bera aldrei neina ábyrgð.

Ætli Gestur Jónsson hafi ekki hugsað stundum til Hafskipsmálsins er hann var í vörnum fyrir Baug í öðru eins stórmáli rannsóknar- og ákæruvaldsins, sem rétt eins og Hafskipsmálið, varð að engu þegar upp var staðið, en hafði á löngu og erfiðu rannsóknar- og réttarferli valdið hinum ákærðu óbætanlegu tilfinningalegu og veraldlegu tjóni?

Snotur útgáfa

Þetta er snoturlega útgefin bók, skynsamlega umbrotin með fjölda mynda af persónum og leikendum, breyttu letri í beinum tilvitnunum, útskotum með áherslutextum, læsilegt rit í alla staði með ítarlegri heimildaskrá, neðanmálsgreinum með tilvísunum og nafnaskrá. Hún er ekki mikil að vöxtum, 230 síður í brotinu 17,6 x 22,7. Myndvinnsla er til sóma, bæði í svarthvítum samtímamyndum og eins í blaðagreinum og öðru grafísku efni. Það er sýnilega vandað til ritsins að öllu leyti. Með þeim annmörkum sem hér voru raktir.

Auraslóð

Bók Stefáns Gunnars er merkilegt rit um heldur ógeðfellt tímabil í íslenskri samtímasögu. Það er fjöldi atvika og aðstæðna í þessu riti sem hafa á sér yfirbragð minna úr klassískri tragedíu. Þar eru vélar nægar, tvöfeldni rík hjá hávaðamönnum í ræðu og riti en til hliðar sitja þeir sem á endanum maka krókinn. Hverjir voru þeir sem höfðu ríkastan hagnað af því að stúta Hafskipum og stöðva framgang þeirra Björgólfs og Ragnars Kjartanssonar í íslensku viðskiptalífi? Því má ekki rekja það, elta auraslóðina eftir þá sem hrepptu fenginn? Vélamennirnir sem hvað harðast gengu fram fá nú dóm lesenda. Þessi upprifjun er rétt mátuleg á þá kauða þó dómsorð verði hér látin lesandanum eftir.

Páll Baldvin Baldvinsson

Hagnýt námskeið!

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands býður upp á fjölbreytt námskeið á sviði stjórnunar, nýsköpunar og þjónustu. Skráning stendur yfir á vefslóðinni ***www.impra.is/namskeid***, í síma ***522 9000*** og á ***kro@nmi.is*** eða ***brynjasig@nmi.is***.

Verkefnastjórnun – Lykill að árangri
30. og 31. október kl. 9:00 til 13:00.
Kunnátta í stjórnun verkefna er lykillinn að góðum árangri. Fjallað er um grundvallaratriði verkefnastjórnunar, s.s. gerð framkvæmdaáætlana, mat á óvissuþáttum, eftirfylgni og árangursmat.

Innkaup og vörustjórnun
8. og 9. október kl. 9:00 til 13:00.
Farið er í helstu hugtök innkaupa- og vörustjórnunar, s.s. gerð innkaupaáætlunar, verðstefnu, birgða- og lagerstjórnun og sölu. Ætlað þeim sem starfa við innkaup og stjórnun vöruflokka í smásölu og heildsölu.

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
Námskeiðið hefst 1. nóvember - 35 klst.
Fjallað er um grundvallaratriði sem varða stofnun og rekstur fyrirtækis, s.s. sölu- og markaðsmál, fjárhagsáætlanir og skattamál. Ætlað þeim sem búa yfir viðskiptahugmynd og vilja stofna fyrirtæki í kringum hana.

Góð símavarsla – betri ímynd
1. og 2. október kl. 9:00 til 12:30.
Símsvörun hefur mikið að segja fyrir þjónustugæði stofnana og fyrirtækja. Þátttakendur öðlast leikni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar og kunnáttu á nauðsynlegum vinnuferlum til góðrar símsvörunar.

Verkstjórn – stjórnunarnám
Námskeiðin hefjast 6. október og 10. nóvember - 85 klst.
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur temji sér hagnýtar aðferðir í stjórnun og samskiptum, þekki ábyrgð verkstjóra og geti tekið á vandamálum á markvissan og uppbyggjandi hátt.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

> TÍSKUVIKAN Í MÍLANÓ AÐ HEFJAST

Nú hafa tískuvikur verið haldnar í New York og London og næst á dagskrá er ítalska borgin Mílanó. Á sunnudaginn hefst tískuvikan þar, sem sýnir allt það sem ítalskir hönnuðir hafa upp á að bjóða fyrir næsta vor og sumar. Tískuspekúlantar bíða spenntir eftir sýningum frá Missoni, Armani, Moschino, Jil Sander og Alberta Ferretti.

OKKUR LANGAR Í ...

Dásamlega röndótta peysu frá Soniu Rykiel. Frá Kronkron, Laugavegi.

Nýju „Whisper"-förðunarlínuna frá Make Up Store sem er fullkomin fyrir dramatísku gotnesku tískuna í haust.

Ótrúlega sæta handtösku sem lítur út eins og gjafaaskja frá Yazbukey. Fæst í Kronkron.

still

utlit@frettabladid.is



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Veturinn í hnotskurn

Ef maður getur ekki keypt ný föt í hverri viku, nú eða vinnur í tískubúð og getur skemmt sér við að njóta allrar þeirrar dásamlegu tísku sem veturinn hefur upp á að bjóða þá eru þó nokkur góð ráð sem maður getur notað til að fríska upp á fataskápinn. Á hverju hausti dúkka upp nokkrar flíkur sem eru algjör lykilatriði til þess að tolla í tískunni án þess þó að verða þræll hennar. Í raun þarf kona ekki að eiga sérstaklega mikið til þess að líta vel út. Falleg yfirhöfn, skór og töff sólgleraugu geta umbreytt hvaða konu sem er í kvikmyndastjörnu án þess að þurfa að kosta helling. Í vetur eins og aðra vetur er kápan gífurlega mikilvæg en hönnuðir virðast vera að færast úr þröngu sixtís-sniðunum yfir í alls kyns frumlegar, víðar og blöðrulaga yfirhafnir í ótal litbrigðum. Einnig sáust mikið af karlmannlegum frakkasniðum, tvíhnepptum sem minntu ögn á rússneska hermenn. Hafðu kápuna þína dramatíska og efnismikla, og það getur verulega borgað sig að kíkja í verslanir sem selja notuð föt til að finna fallegar kápur sem jafnvel skarta stórum loðkrögum og ermabryddingum. Í uppáhaldi hjá mér er líka „keip" eða skikkja sem hefur reyndar verið í tísku undanfarna tvo vetur en gengur enn upp. Ef þú kaupir þér tvö pör af skóm í haust þá verður þú fyrst og fremst að fjárfesta í fallegum háum ökklastígvélum sem ganga við allt. Hælar hafa sjaldan verið jafn háir og í vetur en spariskórnir þínir eiga að vera enn hærri, og helst með þykkum botni, í geggjuðum lit og með fríkuðum hæl, til dæmis í laginu eins og þríhyrningur eða jafnvel kúla. Þrátt fyrir að víðar buxur hafi sést mikið á tískupöllunum er það kjóllinn sem tröllríður vetrinum, hversdagskjólar, vinnukjólar og sparikjólar og helst ætti einmitt kjóllinn að vera það sniðugur að þú getir notað hann sem allt þrennt. Hönnuðir eins og Balenciaga og Lanvin sýndu ótal útgáfur af litla svarta kjólnum en eins og við allar vitum er aldrei hægt að eiga nóg af slíkum. Síddin í vetur er við hné og skemmtilegast er að skórnir séu dálítið grófir til þess að brjóta aðeins upp dömulega lúkkið. Hvað varðar kvöldkjóla er hægt að fá ódýrar útgáfur af sætu satínkjólunum sem Proenza Schouler sýndi. Við kjóla er auðvitað hægt að nota þykkar sokkabuxur, háa hnésokka og ullarpeysur til að klæða af sér vetrarkuldann. Svartar leggings, helst glansandi eða leðurleggings, sáust á flestum tískudrósunum á nýafstaðinni tískuviku í London og þær eru frábært og þægilegt lúkk hvort sem það er hversdags eða út á lífið. Við níðþröngar leggings er flottast að nota ökklastígvél eða hælaskó og topp sem er í aðeins víðara lagi til að jafna hlutföllin. Nú svo að við komum að smáatriðunum þá er hárið í vetur eðlilegt og helst skipt í miðju, en falleg kvöldgreiðsla sem sást gjarnan á tískupöllunum er skipt til hliðar með einni fallegri spennu og svo tekið saman í tagl sem gefur skemmtilegt yfirbragð sem minnir á fjórða áratuginn. Punkturinn yfir i-ið er svartur eyeliner, blautur eða í blýantsformi, og hann skal notaður óspart hvort sem það er að degi til eða að næturlagi. Engin förðunartíska er jafnafgerandi í vetur en kattarleg eða pönkaraleg augu með svartri ögn sjúskaðri línu í kring. Svo er um að gera að dúða sig vel því það er ekkert jafn „glamúrus" og efnismikil kápa, falleg svört alpahúfa og svalir leðurhanskar sem ættu að koma þér ágætlega í gegnum veturinn.

RENDUR Smart prjónakjóll í svörtu og bleiku frá Soniu Rykiel.

SKEMMTILEGT Töff samsetning af áprentuðum bol, gráu flannelpilsi og skærbleikum sokkabuxum.

PELS Æðislegur stuttur ferskjulitaður pels við svartar sokkabuxur.

SONIA RYKIEL HELDUR UPP Á 40 ÁRA STARFSAFMÆLI:

PRJÓN, RENDUR OG

Franska tískuhúsið Sonia Rykiel heldur upp á 40 ára starfsafmæli nú í haust. Ný og glæsileg verslun var opnuð nýverið á vinstri bakkanum þar sem veislu verður slegið upp 1. október, en einnig munu hönnuðir eins og Lagerfeld og Lacroix hanna sérstakar flíkur til heiðurs Rykiel sem er frægust fyrir prjónapeysur með skærum röndum. Sonia Rykiel er fædd í París árið 1930 og er af pólskum gyðingaættum. Eiginmaður hennar átti prjónafyrirtæki og hún byrjaði sjálf að prjóna peysur og óléttukjóla á sjöunda áratugnum sem slógu í gegn og birtust á forsíðum Elle og Vogue. Í dag hannar Sonia Rykiel enn eitthvað af flíkunum en það er Nathalie, dóttir hennar, sem þó heldur um tauma fyrirtækisins.

Dótturdóttir Soniu, Lola, sem er rúmlega tvítug, er svo sérlegur sendiherra fyrirtækisins í New York þar sem merk-

40%

... ÆÐISLEGT GLITRANDI SVART NAGLALAKK frá Yves Saint Laurent.

ANGÓRA Mjúk peysa með fallegu mynstri frá Soniu Rykiel.

VÍÐ KÁPA Gullfalleg fílabeinslit vetrarkápa við svartar sokkabuxur frá Soniu Rykiel.

LITADÝRÐ

ið nýtur ómældra vinsælda. Hér gefur að líta hina dásamlegu línu Soniu Rykiel fyrir haust og vetur 2008 sem fangar allt það sem einkennir Rykiel-andann – skærir litir og prjónaefni samsett af kímni og lífsgleði.

Vörur Soniu Rykiel eru fáanlegar hér heima í verslununum Kisunni og KronKron.

amb@frettabladid.is

Vantar þig undirbúning í stærð-, eðlis- og efnafræði fyrir háskólanám?

Opni Háskólinn í HR

Námskeið í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði fyrir nemendur með stúdentspróf og a.m.k. 12 einingar í stærðfræði framhaldsskóla hefjast á vorönn 2009

Kennsla hefst 8:15 á daginn og lýkur 14:35

Námskeið 1 og 2: 12. janúar – 27. febrúar. 2009 Próf 2. – 6. mars 2009

Stærðfræði (algebra): 90 kennslustundir Efnafræði: 90 kennslustundir og verklegar æfingar

Námskeið 3: 9. mars – 30. apríl. 2009. Próf 4. maí 2009 Stærðfræði (rúmfræði): 90 kennslustundir

Námskeið 4: 9. mars – 15. maí. 2009. Próf 18. maí 2009 Eðlisfræði: 120 kennslust. og verkl. æf.

Allar nánari upplýsingar veita: **Málfríður Þórarinsdóttir s. 599 6438 netfang: malfrid@ru.is**

Vilborg Jónudóttir s. 599 6255 netfang vilborg@ru.is

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

opnihaskolinn.is

LÆGRI

YFIRDRÁTTARVEXTIR OG ENGIN FÆRSLUGJÖLD

Nýir viðskiptavinir Netbankans sem sækja um debetkort án færslu- og árgjalda, fá 18,45% yfirdráttarvexti fyrstu 6 mánuðina sem þeir eru í viðskiptum. Að auki býðst nýjum viðskiptavinum almennt e-Vildarkort án árgjalds fyrsta árið.

Kynntu þér málið og sæktu um á www.nb.is eða hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800.

www.nb.is

Netbankinn
– með betri vexti

Miðast við meðal-yfirdráttarvexti á sambærilegum reikningum.

Fitness Festival í sjötta sinn

„Fusion Fitness Festival er stærsta alþjóðlega heilsuhátíðin á Íslandi og dagskráin hefur aldrei verið betri en í ár," segir Unnur Pálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Fusion, sem stendur að hátíðinni sem fram fer í sjötta skipti helgina 26. til 28. september í World Class Laugum. Gestakennarar koma frá Bretlandi, Ungverjalandi og Danmörku auk íslenskra kennara sem munu sýna nýjungar á sviði líkamsræktar og heilsu.

„Heilsuhátíðin er fyrir alla sama hvort þú hefur stundað líkamsrækt að staðaldri eða langar að prófa eitthvað nýtt og skemmtilegt. Á hátíðinni verða meðal annars kynntar nýjungar eins og Crossfit Iceland, Army Training, Fit Ball, BATUKA, líkamsræktarkerfi frá Equinox, meðgönguleikfimi frá Fullfrísk og Jumpfit," segir Unnur. Hún segist strax vera farin að leiða hugann að þeirri næstu, en með hátíðarhöldunum hafa World Class og Fusion ákveðið að styrkja stuðningsfélagið Kraft.

„Föstudaginn 26. september verður þolfimi-og dansveisla á heimsmælikvarða þar sem Páll Óskar stjórnar stuðinu. Aðgangseyrir verður 1.200 krónur í dansveisluna og allur ágóðinn mun renna óskiptur til Krafts, sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra," segir Unnur að lokum. Áhugasömum er bent á frekari upplýsingar og skráningu á fusion.is

- ag

LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA Allur ágóðinn af þolfimi- og dansveislu Fusion Fitness Festival mun renna óskiptur til stuðningsfélagsins Krafts.

STJÓRNAR STUÐINU Páll Óskar mun stjórna stuðinu í Þolfimi- og dansveislu Fusion Fitness Festival sem fram fer í Laugum 26. september næstkomandi.

Stærra Októberfest

Undirbúningur fyrir stærstu bjórgleði landsins, Októberfest, er hafinn. „Við breytum sniðinu örlítið þetta ár. Hátíðin hefur yfirleitt verið haldin frá miðvikudegi til föstudags, en núna verður hún haldin frá fimmtudegi til laugardags. Ástæðan fyrir því er sú að við erum búnir að vera í viðræðum við íslenskan tónlistarmann sem hefur verið að gera það gott erlendis, sem og hérlendis, um að halda tónleika á laugardagskvöldinu," segir Andri Geirsson einn viðburðarstjórnenda hjá Am-Events.

„Við verðum með stóra tjaldið og tvö ný hliðartjöld og reyksvæði á bak við. Vonandi myndast ekki jafn mikill flöskuháls við barinn, þar sem við ætlum að reyna að setja upp bar í miðju tjaldinu. Svo verða náttúrulega bratwurst og pretzel til sölu, mottukeppni, bingó og drykkjukeppnir. Það verða hljómsveitir á hverju kvöldi, svo verðum við með uppistand og fleira. En við viljum hafa svolítið glæsilegan endi á laugardeginum," segir Andri.

Októberfest er haldið 9.-11. október og er reiknað með 1.500-2.000 gestum hvern dag.

- kbs

SKÁL Októberfest er haldin árlega af þýskri fyrirmynd, en viðburðurinn telst stærsta bjórgleði landsins.

EINAR ÖRN Hann var í Purrkinum.

Purrkurinn lifir áfram

Minningartónleikar, svokallaðir tribute-tónleikar, eru málið. Á meðan minningin um Villa Vill fyllir Laugardalshöll trekk í trekk láta aðdáendur Purrks Pillnikk sér nægja aðeins minni stað, eða Bar 11 við Laugaveg. Í kvöld ætla pönksveitirnar Mjöög og Nögl að spila snilldarlög Purrksins eins og Augun úti og Flughoppið. Ókeypis er inn og stuðið hefst kl. 23.

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8 - 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8:20	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:30	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5:50 - 8:40	VIP
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	1:40 - 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE	kl. 3:40 - 8 - 10:10	12
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30D	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
WALLE m/ísl. tali	kl. 1:30	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50	L
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
STAR WARS	kl. 2 - 4	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 6	L
MIRRORS	kl. 8 - 10:10	16
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 6 - 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
PINAPPLE EXPRESS D	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
PINAPPLE EXPRESS LÚXUS - D	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 1 - 3.15 -5.45 - 8 - 10.15	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 1 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1 - 4	L
TILBOÐSVERÐ		
	5%	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
STEP BROTHERS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.30	12
TROPIC THUNDER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10.20	L
SKRAPP ÚT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 4 - 6	L

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919		
PINAPPLE EXPRESS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 3 - 6 - 9	12
MIRRORS	kl. 10.30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
	5%	

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ		
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER EKKI Í 3D	kl. 4 - 6 - 8	12
STEP BROTHERS	kl. 10	L
MAMMA MIA	kl. 6	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800), 6 og 8	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR - ÍSL. TAL	kl. 2(500) og 4	L
MAMMA MIA	kl. 2(500), 4.30, 6.45, 9 og 10.15	L

TILBOÐSVERÐ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

DAGVAKTIN Meðlimir Dagvaktarinnar munu skemmta gestum í bílabíói Kringlunnar 28. september.

Dagvaktin og Sódóma í bílabíói

Annar þáttur Dagvaktarinnar og kvikmyndin Sódóma Reykjavík verða sýnd í bílabíói í Kringlunni 28. september. Þáttur Dagvaktarinnar verður sýndur klukkan 20, eða á sama tíma og í sjónvarpinu. Sódóma tekur síðan við eftir að þættinum lýkur.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík stendur fyrir bílabíóinu, sem verður á annarri hæð Kringlubílastæðisins. Hljóðinu verður útvarpað á tíðninni 91,9 svo allir kvikmyndaunnendur geti komið sér vel fyrir í bílum sínum, kveikt á græjunum og notið kræsinganna. Miðar verða seldir á upplýsingamiðstöðvum hátíðarinnar í byrjun næstu viku og á öðrum merktum sölustöðum.

Tilkynnt hefur verið hverjir skipa dómnefnd sem velur vinningsmyndina í keppnisflokk hátíðarinnar, Vitranir. Baltasar Kormákur verður formaður og með honum í dómnefnd verða leikkonan Arsinée Khanjian, færeyski leikstjórinn Katrin Óttarsdóttir, leikkonan Margrét Vilhjálmsdóttir og finnski leikstjórinn Arto Halonen.

Vinningsmyndin hlýtur titilinn Uppgötvun ársins og leikstjóri þeirrar myndar fær Gullna lundann að launum. Í flokknum er einungis sýnd fyrsta eða önnur mynd nýrra leikstjóra sem eru allir í þann mund að heilla heiminn með sýn sinni og listsköpun.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, RIFF, verður haldin í Reykjavík dagana 25. september til 5. október.

Gjöfin þín er í Debenhams

Ef þú kaupir tvo hluti frá Clinique er þetta gjöfin til þín*

- 7 Day Scrub kornakrem 75 ml
- Clarifying Lotion 60 ml
- Repairwear Lift Dagkrem 15 ml
- Turnaround 15 mín maski 15 ml
- Turnaround Concentrate 15 ml
- Long Last varalitur Blushing Nude.
- Fresh Bloom Kinnalitur
- Kinnalitabursti

*meðan birgðir endast
Verðgildi er 9.000 kr.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Einstakt tækifæri - hrífandi leikhúsveisla
leikritið Engisprettur aftur á svið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

eftir Biljana Srbljanovic
Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir

Athugið aðeins fimm sýningar:
fös 26/9, lau 27/9, sun 5/10, fim 9/10, fös 10/10

Miðasala í síma 551 1200
www.leikhusid.is

> Ákveður sig í næstu viku

Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson kvaðst enn ekki vera búinn að ákveða hvort hann hygðist halda áfram sem landsliðsþjálfari Íslands í handbolta þegar Fréttablaðið tók stöðuna á honum í gærdag. „Ég mun greina frá ákvörðun minni í næstu viku," segir Guðmundur. Spurður út í hvort hann væri nokkuð inni í myndinni sem næsti þjálfari hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Rhein-Neckar Löwen, sem Guðjón Valur Sigurðsson leikur með, eftir að Iouri Chevtzov var rekinn á dögunum kom Guðmundur af fjöllum. „Nei, nei, það hefur enginn haft samband við mig varðandi þjálfarastarfið þar."

sport
sport@frettabladid.is

BJARKI GUNNLAUGSSON, ÞJÁLFARI ÍA: STEFNIR Á AÐ HALDA ÁFRAM MEÐ ÍA ÁSAMT BRÓÐUR SÍNUM ARNARI

Góðir hlutir gætu komið út úr því að falla

Skagamenn féllu sem kunnugt er úr Landsbankadeild karla í fótbolta í fyrradag eftir markalaust jafntefli við KR á Akranesvelli en þetta er í þriðja skiptið í sögu ÍA sem félagið fellur úr efstu deild.

„Það voru náttúrulega gríðarleg vonbrigði að falla og það má ef til vill segja að KR-leikurinn hafi endurspeglað sumarið hjá okkur hvað varðar lánleysi og annað," segir Bjarki Gunnlaugsson, sem þjálfar Skagaliðið ásamt tvíburabróður sínum Arnari.

Arnar og Bjarki voru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki ÍA þegar félagið féll síðast úr efstu deild árið 1990 og Bjarki viðurkennir að tilfinningin að falla sé ekki góð, en það sem mestu máli skipti sé hvernig menn bregðist við þegar á móti blási.

„Reynslan sem slík að falla er vitanlega ekki góð eins og gefur að skilja en ef þú nýtir þér hana á réttan hátt, þá geta góðir hlutir komið út úr því. Fallið knýr menn til þess að setjast niður og fara yfir málin og fá heildarmynd eða -sýn á hlutina og setja liðinu skýr markmið," segir Bjarki.

ÍA vann 1. deildina með yfirburðum árið 1991 og vann svo Íslandsmeistaratitilinn í fimm ár í röð á árunum 1992-1996

þannig að fordæmið er vissulega til staðar á Akranesi.

„Við viljum eðlilega fara aftur upp í efstu deild sem fyrst, en aðalatriðið er þó að við verðum þá komnir með lið sem er tilbúið að gera einhverja hluti þar. ÍA var alltaf þekkt sem sóknarlið en okkur hefur fundist sú hugsun hafa týnst svolítið á síðustu árum og ef við höldum áfram sem þjálfarar þá viljum við endurvekja þá ímynd og þann hugsunarhátt uppi á Skaga," segir Bjarki.

Bjarki staðfesti að viðræður um að þeir bræður haldi áfram sem spilandi þjálfarar með Skagaliðinu væru vel á veg komnar.

„Það eru ýmis mál sem við sjálfir erum að skoða, til að mynda í sambandi við þjálfararéttindi. Það er verið að kanna fyrir okkur hvort við getum klárað þau þjálfararéttindi sem við þurfum að hafa fyrir næsta tímabil með námskeiðum hjá PFA á Englandi. Það myndi ganga fljótar fyrir sig en námskeið hérlendis og við virðum það náttúrulega að menn þurfi að hafa tilskilin réttindi til að þjálfa."

MORGUNKAFFI KL. 10

Í dag, laugardaginn 20. september er heimsútgáfa á þriðju Eragon bókinni, Brisingr, eftir Christopher Paolini. Fyrri Eragon bækurnar hafa farið sigurför um heiminn og hefur Brisingr verið beðið með mikilli eftirvæntingu.

Í tilefni útgáfunnar verður boðið upp á morgunkaffi kl. 10 í verslun okkar að Laugavegi 18, þar sem drekakökur og drekakaffi verða á boðstólum fyrir gesti og gangandi.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Bestu lið landsins mætast

Nýkrýndir Íslandsmeistarar Vals geta orðið tvöfaldir meistarar í kvennaboltanum takist þeim að vinna bikarmeistara KR í úrslitaleik VISA-bikarsins á Laugardalsvellinum í dag. Þetta verður síðasti leikur Helenu Ólafsdóttur með KR.

FÓTBOLTI Knattspyrnuáhugafólk getur fengið að sjá rjóma kvennafótboltans á Íslandi þegar tvö bestu kvennalið landsins mætast á Laugardalsvellinum klukkan 16.00 í dag í úrslitaleik VISA-bikars kvenna. Valsliðinu hefur gengið betur í bikarúrslitum í gegnum tíðina en Valskonur hafa unnið 10 af 16 úrslitaleikjum sínum á sama tíma og KR-konur hafa unnið þrjá af sínum sjö úrslitaleikjum.

Nýkrýndir Íslandsmeistarar úr Val geta orðið tvöfaldir meistarar með sigri en til þess þurfa Valsstúlkurnar að vinna bikarmeistarana úr Vesturbænum sem unnu þær 3-2 á dögunum. Síðan þá hefur Valsliðið farið á mikið flug og unnið sex leiki í röð með því að skora 7,5 mörk að meðaltali í leik. Nú er að sjá hvort KR-stúlkur geti aftur stoppað stórsókn Hlíðarendastúlknanna sem keppa að því að vinna tvöfalt í annað skiptið á þremur árum.

„Við erum svolítið sárar eftir mótið þannig að þetta er okkar möguleiki að vinna titil. Við náðum einhvern veginn ekki að klára þennan fyrri leik og það var að elta okkur allt sumarið. Við spiluðum betur út úr seinni leiknum. Það er samt bara gleymt þegar út í þennan leik er komið og ég held þetta ráðist voðalega mikið á hugarfari, karakter og svo náttúrulega dagsforminu. Spennustigið þarf að vera á réttum stað," sagði Helena Ólafsdóttir sem er að fara að stjórna sínum 97. og síðasta leik sem þjálfari KR. „Auðvitað langar mig mjög mikið til að kveðja þær með sigri í þessu móti og vona að það verði. Ég veit ekki hvað bikarúrslitaleikirnir mínir eru orðnir margir en ég var að renna yfir það og var að átta mig á því að ég hef tapað mörgum sem leikmaður en það hefur gengið betur sem þjálfari. Það er ólíkt sætara að vinna og það er það sem maður stefnir á," sagði Helena.

Liðin ættu að þekkja vel hvort til annars því þau munu mætast í sjöunda sinn í ár í Laugardalnum í dag. Bæði lið hafa unnið þrjá leiki en markatalan er 14-10 KR-konum í vil. KR-liðið vann tvo leiki í deildarbikarnum (5-2 og 4-0) og annan leikinn í Íslandsmótinu (3-2) en Valskonur unnu leik liðanna í Reykjavíkurmótinu (2-0), leik liðanna í Meistarakeppninni (2-1) og svo fyrri leikinn í Landsbankadeildinni (2-1).

BARIST UM BIKARINN Fyrirliðarnir Katrín Jónsdóttir hjá val og Hrefna Huld Jóhannesdóttir hjá KR bregða á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, getur fagnað öðrum stórum titli á einni viku. „Við höfum upplifað það einu sinni að vera tvöfaldir meistarar og það var mögnuð tilfinning sem ég væri alveg til í að upplifa aftur," segir Elísabet. „Ég held að þetta tap á móti KR á dögunum hafi vakið upp ákveðnar tilfinningar sem hjálpar liðinu að undirbúa sig fyrir þennan leik. Ég held að hungrið sé svo sannarlega til staðar og ég hef engar áhyggjur af því. Mér finnst stemningin hjá okkur vera mjög góð og viljinn til að vinna þennan leik er gríðarlegur," segir Elísabet.

Valur vann bikarinn síðast 2006 í dramatískum úrslitaleik. „Það verður erfitt að toppa þann leik en ég vona svo sannarlega að spennan verði eitthvað í líkingu við þann leik. Það var frábært að vera í þeim leik og frábært að horfa á hann og vonandi verður þetta eitthvað í líkingu við það," sagði Elísabet.

Valur og KR mætast í þriðja sinn í bikarúrslitunum og hafa félögin skipt á milli sín sigrunum. KR vann síðasta úrslitaleik liðanna árið 2002 en hann var mikill markaleikur sem endaði 4-3 fyrir KR. Liðin mættust einnig árið 1995 og þá höfðu Valskonur betur 1-0. Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR í dag, var í tapliðinu í báðum þessum leikjum en hún spilaði með KR 1995 og þjálfaði Valsliðið síðan 2002. ooj@frettabladid.is

Einvígi Stjörnunnar og Selfoss í lokaumferð 1. deildar:

Hvort liðið fer upp?

FÓTBOLTI Lokaumferð 1. deildar karla fer fram í dag og þar ræðst hvort Stjarnan eða Selfoss fylgir ÍBV upp í Landsbankadeildina. Selfoss hefur verið í 2. sætinu í næstum því allt sumar en missti Garðabæjarliðið upp fyrir sig í síðustu umferð.

„Það er mjög sætt að komast í annað sætið í lokin og við stefnum á að klára þetta þannig. Þetta verður hörkuleikur en við ætlum að koma vel stemmdir í hann og klára okkar," segir Daníel Laxdal, fyrirliði Stjörnunnar, en liðið er taplaust í seinni umferð eða allt síðan það tapaði fyrri leiknum á móti Haukum, 4-5.

LOKAUMFERÐ Selfoss og Stjarnan vonast eftir góðum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stjarnan sækir Hauka heim á Ásvelli í dag á sama tíma og Selfoss tekur á móti deildarmeisturum ÍBV á Selfossi. Báðir leikir hefjast klukkan 16. - óój

N1-deild karla í handbolta

Magnús ekki löglegur í dag?

HANDBOLTI Magnús Stefánsson, skyttan öfluga að norðan, hefur enn ekki fengið leikheimild frá Akureyri en Magnús gekk til liðs við Fram fyrir tímabilið. Fram leikur sinn fyrsta leik í dag þegar liðið sækir HK heim í N1-deild karla og það stefnir allt í það að hann verði ekki með í leiknum.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær var ekki búið að ganga frá málum tengdum félagsskiptum Magnúsar en Framarar voru samt ekki búnir að gefa upp alla von um að ná að klára félagsskiptin fyrir leik. - óój

VISA BIKARINN 2008

...til sigurs

Katrín Jónsdóttir fyrirliði Vals

Hrefna Jóhannesdóttir fyrirliði KR

fókus

Valur - KR

Úrslitaleikur kvenna á Laugardalsvelli í dag kl. 16:00

Aðgangseyrir:
Ef greitt er með VISA kreditkorti 800 kr. Almennt miðaverð 1.000 kr. Frítt fyrir 16 ára og yngri.

VISA KSÍ

dagskrá

> Val Kilmer

„Ég hef leikið í vondum kvikmyndum peninganna vegna eða af því að þær voru það besta sem var í boði á þeim tíma. En ég hef alltaf lagt mig allan fram í þau hlutverk sem ég hef tekið að mér." Kilmer leikur í myndinni Déjà Vu sem sýnd er á stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI HORFÐI Á FRÉTTIRNAR MEÐ SYNI SÍNUM

Plís, ekki eitthvað ógeðslegt!

Sonur minn, fimm ára, vill stundum horfa á fréttirnar með mér. Nei, er það nokkuð, segi ég og reyni að espa hann upp í legókubbana í staðinn. Hann situr sem fastast við sinn keip og ég vona það besta þegar fréttastefið skellur á. Plís, ekki eitthvað ógeðslegt, hugsa ég, ekki eitthvað um misnotkun á börnum eða limlestingar í Fjarskanistan.

Svo byrjar ballið. Pabbi, hvað er skotskífa? spyr sá stutti kannski og ég umla eitthvað og sting bara upp á að við skiptum yfir á Cartoon network. Spurningaflóðið heldur áfram. Drepa hermenn annað fólk í alvöru? Af hverju? Og til hvers? Og ég held áfram að umla enda kominn á þann aldur að vera hættur að spyrja svona spurninga sem allir ættu auðvitað að vera að spyrja daginn út og inn. Hvað þá að ég sé að leita svara við

þeim. Hann hættir sem betur fer fljótlega að nenna að glápa og fer að kubba.

Eins gott að hann kunni ekki að lesa enn þá. Sjálfur óska ég þess stundum að kunna ekki að lesa því ég er orðinn svo meyr. Þá hef ég kannski rekist á grafískar lýsingar af óhugnanlegu barnaníði í svokölluðum fréttum. Dögum saman var sú ógeðslegasta „mest lesin" á Vísi. Ég veit það ekki. Mér er náttúrulega í sjálfsvald sett hvar mig ber niður á netinu. Og bara mitt vandamál ef svona hefur áhrif á mig. Fyrst fólk hópast á svona fréttir eins og glápandi vegfarendur á bílslys þá geta umsjónarmenn Vísis líklega borið það fyrir sig að þeir séu að gefa skrílnum það sem hann vill. Og líklega selt nokkrar auglýsingar í leiðinni. Er þá ekki bara allt í himnalagi?

EKKI MISSA AF

▶ **11.55 Ryder Cup 2008 BEINT** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.05 Rokkskólinn (School of Rock)** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.10 What I Like About You** SKJÁR EINN

▶ **21.15 The Dresden Files** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.45 Stone Cold** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Snillingarnir, Skordýrin í Sólarlaut, Upp í sveit, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.

10.30 Sjónlist (e)

11.00 Út og suður (e)

11.30 Kiljan (e)

12.15 Annie Leibovitz (e)

13.40 Dætur sléttunnar (e)

14.40 Tímaflakk (Doctor Who II) (11:13)

15.30 Bikarkeppnin í fótbolta KR - Valur Bein útsending frá úrslitaleik í Visa bikarkeppni kvenna.

16.50 Táknmálsfréttir

17.00 Bikarkeppnin í fótbolta KR-Valur, seinni hálfleikur.

17.50 Útsvar (e)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Vinir í raun (13:13)

▶**20.05 Rokkskólinn** (School of Rock) Bandarísk gamanmynd frá 2003. Ungur maður með rokkstjörnudrauma gerist afleysingakennari og reynir að breyta bekknum sínum í rokkhljómsveit.

21.55 Svikarinn (Breach) Bandarísk bíómynd frá 2007. Myndin er byggð á sönnum atburðum og segir frá Eric O'Neill, ungum Alríkislögreglumanni sem stóð uppi í hárinu á yfirmanni sínum, Robert Hanssen en sá var seinna sakaður um að hafa selt Sovétmönnum hernaðarleyndarmál.

23.40 Sahara (Sahara) (e)

01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.05 Fíaskó

10.00 Ghost

12.05 Say Anything

14.00 Fíaskó

16.00 Ghost

18.05 Say Anything

20.00 Deja Vu Embættismaður fær það verkefni að rannsaka sprengingu í ferju sem varð 500 manns að bana.

22.05 Syriana

00.10 Lucky Number Slevin

02.00 Blind Flight

04.00 Syriana

06.05 Diary of a Mad Black Woman

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Hlaupin, Dynkur smáeðla, Funky Valley og Refurinn Pablo.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar klukkan átta um helgar og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

09.35 Stóra teiknimyndastundin

10.00 Kalli kanína og félagar

10.10 Because of Winn-Dixie Mynd fyrir alla fjölskyldna um einmana tíu ára stelpu sem finnur hund og tekur við hann ástfóstri.

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Bold and the Beautiful

12.50 Bold and the Beautiful

13.10 Bold and the Beautiful

13.30 Bold and the Beautiful

13.50 Bold and the Beautiful

14.15 So you Think you Can Dance

15.00 So you Think you Can Dance

15.45 The New Adventures of Old Christine (12:22)

16.10 Two and a Half Men (1:19)

16.35 The Big Bang Theory (1:17)

17.05 The Celebrity Apprentice (2:14)

18.00 Sjáðu

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Lottó

19.01 Veður

19.10 The Simpsons (6:20)

19.35 Latibær (6:18)

20.05 RV

▶**21.45 Stone Cold** Sakamálamynd með Tom Selleck. Selleck leikur lögreglustjórann Jesse Stone sem ræður ríkjum í smábæ nokkrum þar sem glæpir eru fátíðir. Það verða því mikil viðbrigði fyrir hann þegar fjöldi eins morða er framinn með sams konar aðferðum og ljóst er að raðmorðingi gengur laust.

23.10 Peter's Friends Dramatísk gamanmynd um hóp leikara sem hittist á ný eftir tíu ár. Pétur býður þeim á sveitasetur sitt og ákveður að segja þeim leyndarmál sem mun hafa mikil áhrif á þau öll.

00.50 Chain Reaction

02.35 Land of the Dead

04.05 Two and a Half Men (1:19)

04.30 The Big Bang Theory (1:17)

04.55 The New Adventures of Old Christine (12:22)

05.20 The Simpsons (6:20)

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

08.30 Meistaradeildin - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

09.10 NFL deildin Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

09.40 Spænski boltinn Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir. Leikir helgarinnar skoðaðir og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

10.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

10.35 History of the Ryder Cup Saga Ryder Cup skoðuð í bak og fyrir. Öll eftirminnilegustu atvikin og keppnirnar skoðaðar í þaula.

▶**11.55 Ryder Cup 2008** Bein útsending frá Ryder Cup þar sem mætast Evrópa og Bandaríkin. Á þessum öðrum degi keppninnar er keppt í „foursome" en þar eru tveir og tveir saman í liði og skiptast kylfingar á að slá. Einnig er keppt í „fourball" seinnipartinn.

22.45 Spænski boltinn Útsending frá leik Espanyol og Getafe í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.55.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 PL Classic Matches Newcastle - Man. United, 96/97.

09.30 PL Classic Matches Arsenal - Liverpool, 03/04.

10.00 Premier League World 2008/09

10.30 PL Classic Matches Man. United - Newcastle, 02/03.

11.00 English Premier League 2008/09

11.30 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá nágrannaslag Sunderland og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.

13.45 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Liverpool og Stoke í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. West Ham - Newcastle Sport 4. Blackburn - Fulham

16.15 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Bolton og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 4 4 2

19.50 4 4 2

21.10 4 4 2

22.30 4 4 2

23.50 4 4 2

SKJÁREINN

11.05 Vörutorg

12.05 Rachael Ray (e)

15.50 Frasier (e)

16.15 Robin Hood (e)

17.05 Charmed (e)

17.55 Family Guy (e)

18.20 Game tíví (e)

18.50 Nokia Trends (3:6) Áhugaverðir þættir þar sem fjallað er um allt það nýjasta í tónlist, tísku, menningu og listum.

19.15 30 Rock Jack fréttir að yfirmaður General Electric ætli að setjast í helgan stein og sækist eftir stöðunni en fær verðuga samkeppni. Jenna nýtur frægðarinnar sem aukakíló́in færa henni og Kenneth reynir að koma Tracy og Angie aftur saman. (e)

19.45 America´s Funniest Home Videos Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar uppákomur með börnum, fullorðnum eða jafnvel húsdýrum.

▶**20.10 What I Like About You** Gamanþáttur um tvær ólíkar systur í New York. Þegar pabbi þeirra tekur starfstilboði í Japan flytur unglingsstúlkan Holly inn til eldri systur sinnar, Valerie. Holly er mikill fjörkálfur sem á það til að koma sér í vandræði og setur því allt á annan endann í lífi hinnar ráðsettu eldri systur sinnar.

20.35 Eureka (e)

21.25 House (e)

22.15 Singing Bee (e)

23.15 C.S.I. New York (e)

00.05 Law & Order. SVU (e)

00.55 Criss Angel Mindfreak (e)

01.20 The Eleventh Hour (e)

02.10 The Winning Season (e)

03.40 The House Next Door (e)

05.10 Vörutorg

06.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku Endursýnt á klukkustundar fresti.

N4 Sjónvarp Norðurlands

Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: STÖÐ 2 | STÖÐ 2+ | STÖÐ 2 BÍÓ | STÖÐ 2 BÍÓ+ | STÖÐ 2 EXTRA | STÖÐ 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05
RV

Bráðfyndin og viðburðarík gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Robin Williams í aðalhlutverki. Bub Munro hefur áhyggjur af samheldni fjölskyldu sinnar og ákveður að þjappa henni saman með því að skipulegggja ferðalag. Hann leigir veglegan húsbíl og stefnir með fólkið sitt til Colorado en sá galli er á gjöf Njarðar að hann er ekkert sérlega góður bílstjóri og verður seint talinn þrautreyndur ferðalangur.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Valur-KR
Sjónvarpið kl. 15.30

Tvö bestu kvennalið landsins, Valur og KR, mætast í úrslitaleik VISA-bikars kvenna á Laugardalsvellinum. Valskonur geta orðið tvöfaldir meistarar með sigri en KR-konur geta unnið bikarinn annað árið í röð. KR vann síðasta leik 4-2 en það dugði ekki í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn en nú er að sjá hvort KR-dömurnar hafi tak á Val eða hvort Valur nær að vinna tvöfalt í annað skiptið á þremur árum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Stef
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Í söguferð um Brasilíu
14.40 Stjörnukíkir
15.20 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Gestagangur í bókmenntum
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
19.50 Sagnaslóð
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Ísland og Evrópusambandið
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Tvö tónskáld
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (16:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks (17:260)
16.50 Hollyoaks (18:260)
17.15 Hollyoaks (19:260)
17.40 Hollyoaks (20:260)
19.00 So you Think you Can Dance
19.45 So you Think you Can Dance
20.30 Smallville (5:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
▶**21.15 The Dresden Files** (6:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.00 E.R. (2:25) Ein vinsælasta þáttaröð síðari ára er nú sýnd á Stöð 2 extra frá upphafi. Þættirnir gerast á bráðamóttöku í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá engan tíma til að taka ákvarðanir.
22.45 So you Think you Can Dance (20:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
23.30 So you Think you Can Dance
00.15 Smallville (5:20)
01.00 The Dresden Files (6:13)
01.45 E.R. (2:25)
02.30 Talk Show With Spike Feresten (18:22)
02.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Strictly Come Dancing **14.10** Strictly Come Dancing: Results Show **14.30** Strictly Come Dancing **15.40** Strictly Come Dancing: Results Show **16.00** Mastermind **16.30** Mastermind **17.00** The Race for Everest **18.00** Too Close for Comfort **18.30** Too Close for Comfort **19.00** Judge John Deed **20.30** The Murder Room **22.00** The Race for Everest **23.00** Too Close for Comfort **23.30** Too Close for Comfort **0.00** Judge John Deed

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne Mod Drengene **11.35** Family Guy **12.00** Talent 2008 **12.45** X Factor **13.00** Muppets fra rummet **14.25** Tæt på. Pigen med fire arme og fire ben **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Der var engang **16.00** Vilde verden **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Sigurds Bjørnetime - 10 års fødselsdagsshow **18.00** MGP 2008 **20.00** Miss Marple **21.35** Hard Target

NRK 1

09.00 Eldrebølgen **09.30** Columbo **11.05** Danske vindyrkere **12.20** Dávgi - Urfolksmagasin **12.25** Billedbrev fra Europa **12.35** Miffo **14.10** Den store reisen **15.00** Beat for beat **16.00** Lunas lure plan **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Kvitt eller dobbelt **18.55** Den store reisen **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.35** Løvebakken **21.00** Kveldsnytt **21.15** Naboer **22.30** Singel i L.A.

SVT 1

10.15 Vad hände sen med klass 9A? **11.00** Ishockey. TV-pucken **15.35** Byss **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Ella på två ställen **16.40** Gissa hur många **16.45** Pettson & Findus **17.00** Min vän Percys magiska gymnastikskor **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** En kväll med Björn Skifs **19.30** Five days **20.30** Videokväll hos Luuk **21.00** Duplex - Drömhus med förhinder **22.30** Rose och Maloney **23.40** Sändningar från SVT24

LEGO®
20% afsláttur
af öllum LEGO leikföngum

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

PERSÓNAN

Ingi Þór Jónsson

Starf: Framkvæmdastjóri NICE08 (Nordic International Cultural Events).
Aldur: 45 ára.
Fjölskylda: Faðir minn heitir Jón Leósson og móðir mín heitir Erla Björgheim Pálsdóttir. Bróðir minn er Páll Leó Jónsson, skólastjóri í Grindavík, og systir mín er Anna Elísabet Jónsdóttir, kennari í Heiðarskóla. Svo á ég þrjár litlar frænkur.
Búseta: Liverpool í Englandi.
Stjörnumerki: Sporðdreki.

Ingi Þór Jónsson er framkvæmdastjóri NICE08, norrænnar listahátíðar sem haldin er í Liverpool, menningarborg Evrópu 2008.

Sögulegar sættir Stöðvar 2 og RÚV

„Við bara ... ræddum saman og komumst að þeirri niðurstöðu að ég gerði dagskrárbreytingu og hann gerði dagskrárbreytingu,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri innlendrar dagskrár Ríkisútvarpsins sjónvarps.

Fréttablaðið hefur greint frá væringum milli Stöðvar 2 og RÚV en einhverra hluta vegna hefur því verið stillt þannig upp að báðar stöðvar spila út sínum helstu trompum á sama tíma: Dagvaktinni og Svörtum englum. Leikstjórarnir Ragnar Bragason og Óskar Jónasson, sem elska friðinn umfram allt, voru báðir með böggum hildar og vildu alls ekki vera leiksoppar dagskrárstríðs, komnir í samkeppni hvor við annan án þess að hafa nokkuð um það að segja.

„Þannig að Svartir englar fara í loftið strax að loknum fréttum klukkan 19.40. Og Eva María fer í loftið 20.30. Hvað kom til? „Aðallega það að við sáum báðir að ekki væri gott að leikið íslenskt efni, sem því miður hefur ekki verið of mikið af í gegnum tíðina, lenti á sama tíma. Við viljum allt til vinna að áhorfendur sjái sem mest af því,“ segir Þórhallur.

ÞÓRHALLUR OG PÁLMI Höfðu löglegt samráð og Dagvaktin og Svartir englar eru nú ekki lengur á sama tíma á dagskrá eins og til stóð.

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 segir Þórhall hafa haft frumkvæðið að því að leysa þennan hnút sem upp var kominn. „Sögulegar sættir. Við þurftum að gera ráðstafanir svo þetta væri hægt. Dagvaktin verður nú á dagskrá eins og upphaflega stóð til: Klukkan 20.30. Við vorum búin að færa hana tuttugu mínútum framar í dagskrána til að forðast hina Svörtu engla.“

Aðspurður hvort þetta sé ekki ólöglegt samráð segir Þórhallur: „Menn verða að meta það. Ég átta mig ekki alveg á glæpnum. Jú, þetta er samráð en bæði löglegt og siðlegt. Hér eru hagsmunir áhorfenda hafðir í huga. Neytendur eru að njóta þessa samráðs en í öðrum samráðum hafa þeir yfirleitt verið að tapa.“ - jbg



LÁRÉTT
2. sæti, **6.** pot, **8.** liðamót, **9.** háð, **11.** pípa, **12.** mokuðu, **14.** fáni, **16.** í röð, **17.** rá, **18.** ennþá, **20.** frá, **21.** sníkjur.

LÓÐRÉTT
1. kjaft, **3.** skammstöfun, **4.** fugl, **5.** hagsýn, **7.** torskilinn, **10.** sunna, **13.** framkoma, **15.** hæfileiki, **16.** húðpoki, **19.** átt.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. sess, **6.** ot, **8.** hné, **9.** gýs, **11.** æð, **12.** gröfu, **14.** flagg, **16.** hi, **17.** slá, **18.** enn, **20.** af, **21.** snap.

LÓÐRÉTT: 1. gogg, **3.** eh, **4.** snæugla, **5.** séð, **7.** týrfinn, **10.** sól, **13.** fas, **15.** gáfa, **16.** hes, **19.** na.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

„...fyrst á visir.is“
VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

RAGGI SÓT: SPIKFEITUR MUN HANN SYNGJA SEM ENGILL Á KA-BALLI

Skriðjöklarnir saman á ný

„Þetta er alvöru. Á Hótel KEA. Matur og svo er selt inn á dansleikinn á eftir sem hefst klukkan ellefu,“ segir Ragnar Gunnarsson, alías Raggi Sót, forsöngvari hinna fornfrægu Skriðjökla.

Sjálfir Skriðjöklarnir ætla að koma saman í kvöld eftir langt hlé til að spila á dansleik á Hótel KEA á Akureyri. Dansleikurinn tengist lokahófi sem KA („stórveldið“, eins og Raggi orðar það) heldur til heiðurs sínu fótboltafólki. „Það kom bara ekkert annað til greina í kolli þeirra KA-manna en Jöklarnir.“

Skriðjöklarnir verða á heimavelli en þeir sem þekkja sína rokksögu vita að hljómsveitin er einmitt frá Akureyri. Enginn er spámaður í sínu föðurlandi eða hvað? „Nei, kannski var það ekki svo. Þannig var það í gamla daga. En eftir því sem maður eldist þá er nú líklegra að manni sé tekið fagnandi í heimabyggð,“ segir Raggi.

Það verða Skriðjöklar í sinni upprunalegu mynd sem munu koma fram við þetta tækifæri, sex stykki en hljómsveitin var stofnuð til að koma tilteknu gengi ókeypis inn á Atlavíkurhátíð ´84 með því að taka þátt í hljómsveitarkeppni sem var fastur liður hátíðarinnar. „Já, og hver veit nema bakraddadúfurnar og dansararnir Bjarni og Logi mæti á svæðið,“ segir Raggi og segir stoltur frá því að Jöklarnir hafi komið saman einu sinni til að æfa fyrir dansleikinn og til standi að taka aðra æfingu. Tólf laga prógramm sé fyrirliggjandi og verði lögin leikin tvisvar til þrisvar eftir því sem líða tekur á nóttina. Og sjálfur lofar Raggi stórkostlegri frammistöðu hvað sig sjálfan varðar. „Ég var spurður að því fyrir tíu árum eða svo af manni af hverju ég syngi ekki eins vel og Kristján Jóhannsson? Ég svaraði því til að það væri af því að hann væri svo feitur og feitir menn syngja betur. Nú er ég orðinn jafn spikfeitur og Kiddi Jóh. þannig að ég reikna með því að ég muni syngja betur en nokkru sinni.“ jakob@frettabladid.is

RAGGI SÓT Orðinn alveg jafn spikfeitur og Kiddi Jóh. að eigin sögn og mun því syngja eins og engill. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SKRIÐJÖKLAR KOMA Í BÆINN Enginn er spámaður í sínu föðurlandi og það átti við um Jöklana í árdaga. En með aldrinum hafa þeir verið teknir í sátt í sinni heimabyggð – Akureyri.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ásta Kristjánsdóttir, annar eigenda Eskimo ehf., og **Sóley Ástudóttir,** eigandi EMM school of make up, vinna nú hörðum höndum við að taka í gegn verslunarhúsnæði á Laugavegi 33. Þar munu þær stöllur opna sameiginlega verslun 2. október og selja vörur E-label sem hannaðar eru af **Ásgrími Má Friðrikssyni,** betur þekktum sem Ása, og vel valdar snyrtivörur frá ýmsum merkjum sem ekki hafa fengist áður hér á landi.

Röskva – samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands – fagnar 20 ára afmæli sínu um þessar mundir og eftir viku verður efnt til mikils fagnaðar á Hótel Borg. Veislustjórar verða þau **Guðmundur Steingrímsson** og **Katrín Jakobsdóttir** en þau voru einmitt saman umsjónarmenn pólitísks þáttar á Skjá einum fyrir margt löngu – ef einhver man svo langt. Búast má við ýmsum sem nú eru áberandi í pólitíkinni svo sem Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra, en hún er fyrsti formaður Röskvu, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur alþingismanni sem og Páli Magnússyni, framsóknarmanni og bæjarritara í Kópavogi.

Ljósmæður samþykktu miðlunartillögu ríkissáttasemjara í gær eftir langa og stranga kjarabaráttu. Til að fagna áfanganum og samstöðu stéttarinnar söfnuðust ljósmæður á suðvesturhorninu saman á heimili **Unnar Friðriksdóttur** samninganefndarmanni og gerðu sér glaðan dag. Hápunktur kvöldsins var svo hópferð á söngsýningu á kvikmyndinni Mamma Mia! í Háskólabíói. Þótti valið á kvikmyndinni einkar viðeigandi.

- ag/jbg/kg

JPV ljósmyndar fyrir Séð og heyrt

„Já, Jóhann Páll er orðinn ljósmyndari hjá Séð og heyrt. Hans fyrsta myndaopna verður í næsta tölublaði,“ segir Eiríkur Jónsson, ritstjóri Séð og heyrt.

Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi á Forlaginu, langstærstu bókaútgáfu landsins, lætur sig ekki muna um að reyna fyrir sér á öðrum sviðum en þeim að gefa út bækur þegar svo ber undir. Og nú er nýr ferill í farvatninu. Jóhann Páll hefur reyndar lengi verið áhugamaður um ljósmyndun en ljósmyndun fyrir Séð og heyrt er sérhæfð grein. „Myndaserían, sem er frumraun JPVs á þessu sviði, eru myndir af tvíburum frá Fáskrúðsfirði sem fóru saman til Krítar til að halda upp á sextugsafmæli sitt.“

Eiríkur, sem er nýkominn úr fríi frá Krít, hitti Jóhann Pál á flugvellinum þar en þeir eru vinir frá fornu fari. Voru algjörar samlokur í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Eiríkur segir svo frá að það hafi ekki tekið nema þrjár mínútur á flugvellinum þá voru þeir búnir að hanna myndaopnu í Séð og heyrt. „Þetta eru stórglæsilegar myndir og Jóhann gefur atvinnumönnunum sem hér eru innan dyra, jafnvel þeim bestu, ekki tommu eftir.“ Eiríkur segir hugmyndaauðgi einkenna myndir Jóhanns. Og sérstök útfærsla. „Og þá ekki síður hvað hann er snöggur að sjá myndbygginguna og negla myndina.“

Hvort áframhald verði á störfum Jóhanns Páls fyrir Séð og heyrt er ekki vitað. „En það vona ég að Guð gefi. Maðurinn sýnir alveg ótrúlega hæfileika,“ segir Eiríkur. - jbg

FÉLAGARNIR JPV OG EIR Fyrsta verkefni JPV fyrir Séð og heyrt er myndasyrpa af tvíburum sem fóru til Krítar til að halda upp á sextugsafmæli sitt. Eiríkur segir vin sinn úr menntaskóla sýna ótrúlega hæfileika.

Chester opnanlegu skemmlarnir komnir aftur á enn betra verði

Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

OPIð LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Guðmundar Steingrímssonar

Tímarnir

Nýliðin vika flokkast undir tímabil, sem oft eru stutt í veraldarsögunni – en þeim mun áhrifameiri – sem fá mann til að klóra sér í höfðinu, með einlægan og sakleysislegan svip á vör, og segja „ja hérna.“ Allt í einu fara hundrað ára gamlir bankar á höfuðið í Bandaríkjunum eins og ekkert sé. Stórfyrirtæki heimsins riða til falls. Ísland er á helmingsafslætti út af verðlítilli krónu, og það sem eru án efa stærstu tíðindin af öllum: Bjórinn er í fyrsta skipti ódýrari hér en í Danmörku. Hvernig gat það gerst?

ATBURÐARÁSIN náði sem sagt alveg örugglega ákveðnum hápunkti/lágpunkti (eftir því hvernig á það er litið) í liðinni viku. Áður fyrr var hægt að segja að ber væri hver að baki nema sér Lehman-bróður ætti. Nú eru þeir tímar liðnir. Fyrirtæki sem gáfu sig út fyrir að vera traustið uppmálað, byggð á öruggum undirstöðum – enda eftirlifendur kreppunnar miklu – hrundu sem spilaborgir. Það sem gerist við slík tíðindi – sem gerast yfirleitt alltaf einhvern veginn allt í einu – er að viðmiðin breytast. Það sem áður var talið víst er ekki lengur víst.

HAGFRÆÐINGAR benda nú til dæmis á að tímarnir sem við lifum hafi frá aldamótum einkennst af ákveðinni ofurtrú á alls kyns forrit, illskiljanlega útreikninga og verðbréfakaupasamsetningar sem áttu nánast 100% að gera fólk ríkt. Þetta keyptu bankastofnanir og töldu sig góðar. Enginn mátti efast. Nú kemur í ljós að betra hefði verið að efast.

ÞANNIG er veraldarsagan. Ofurtrú er jafnan svipt af stalli á einni svipstundu. Enginn efast meðan allt er í sóma. Allir eru síðan á varðbergi þegar allt er farið norður og niður. Eftiráskýringar verða nú án efa margar, en kannski má draga af þeim einhvern lærdóm, þangað til næsta forrit kemur og bankar telja sig aftur hólpna. Og vissa.

EITT er gott í þessu. Við Íslendingar höfum löngum þrifist á kjörorðinu: „Svo má böl bæta með því að benda á annað verra.“ Fyrir nokkrum mánuðum var talið að hér myndi allt fara til fjandans, bankar á hausinn og tómt volæði. Það að bankarnir skyldu frekar fara á hausinn í útlöndum hefur á ákveðinn hátt skorið okkur úr þeirri snöru. Í bili. Út af þessu greindi ég í umræðunni ákveðinn létti, jafnvel gleði – sérislenska gleði – í liðinni viku.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 20. september, 264. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.06	13.21	19.34
Akureyri	6.50	13.06	19.20

Heimild: Almanak Háskólans

Þitt líf - Þitt heimili

595,-
PYRA wokpanna Ø35 H10cm. Svart

FABLER sessa grænt B36cm. **395,-**



TROLLSTA hliðarborð B38xL38, H40cm. Ýmsir litir **5.990,-**



FLYN JORUN flekagardínur B60xL300cm. Dökkgrátt **3.990,-/3 í pk**

RIBBA rammi B50xH23cm. Ýmsir litir **1.290,-**

KNUBBIG borðlampi Ø20 H21cm. Ýmsir litir **1.990,-**

13.990,-
HENRIKSDAL barstóll m/leðuráklæði. Dökkbrúnt. Sætishæð 63cm.

VENNY pottaleppar brúnt/svart **395,-/2 í pk**

VÄGHULT kubbakerti H4cm. Ýmsir litir **395,-/12 í pk.**

MYKEN borðspegill B25xH37cm. Dökkbrúnt **1.090,-**

KONCIS kjöthamar L27cm. Ryðfrítt stál/ál **695,-**

BLOMSTER blómavasi Ø14 H17cm. Ýmsir litir **995,-**

SLÄTTHULT límmiðar ýmsir litir **1.990,-**

4.950,-
MARGINAL vegghilla með brún B120xD18cm. Ýmsir litir

LEKA myndabók B10xL17cm. Marglitað **995,-**

IKEA STOCKHOLM sófaborð B60xL170, H45cm. Svart **24.950,-**

4.950,-
TRÄBY hillueining B41xD39, H41cm. Askarspónn

NÝR VÖRULISTI 2009

Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

845,-
IKEA FOOD

IKEA®
Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008